


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Kennarasamband Íslands






Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
5. október 2011
232. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Tvö verkefni á borðinu

*Baltasar Kormákur vill gera Everest-mynd á Íslandi.*

fólk 32

## Baráttumaður og brautryðjandi

*Tónlist Sigursveins D. Kristinssonar í Hörpu.*

tímamót 24



## Hverjir eru á lausu?

*Fréttablaðið skoðar hvaða bitar verða á leikmannamarkaðnum á næstunni.*

sport 34

## veðrið í dag




**HVESSIR N- OG NV-TIL** Í dag má búast við 3-8 m/s S- og SA-til en allt að 20 m/s síðdegis við norðurströndina og NV-til. Slydda eða rigning norðanlands en úrkomulítið syðra.

VEÐUR 4



**EINSTAKT ELDFJALL** Rétt við Bláfjöll stendur Þríhnúkagígur, gígur eldstöðvar sem gaus fyrir þrjú til fjögur þúsund árum. Inni í gígnum er að finna stórbrotna gíghvelfingu á 120 metra dýpi sem hefur hingað til einungis verið aðgengileg þeim sem hafa sigið niður. Nú stendur hins vegar til að opna þessa náttúruperlu fyrir almenningi og skapa ferðamannastað í fremstu röð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Andmæla sköttum og kvótamáli

**Skilanefnd Landsbankans telur áform stjórnvalda geta rýrt virði eignasafns nýja bankans. Gæti látið reyna á áhrifin fyrir dómi.**

**FJÁRMÁL** Skilanefnd gamla Landsbankans hefur fyrir hönd kröfuhafa sem eiga 19 prósent í nýja Landsbankanum sett fram formleg andmæli við ýmsum ákvörðunum og áformum íslenskra stjórnvalda sem kröfuhafarnir telja að geti rýrt virði eignasafns bankans. Þar á meðal eru kvótafrumvörp Jóns Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hyggst skilanefnd gamla Landsbankans jafnframt andmæla formlega áformum í fjárlagafrumvarpinu um nýjan skatt á launagjöld fjármálafyrirtækja.

Andmælin eru sett fram samkvæmt ákvæðum í samningum kröfuhafa við íslenska ríkið og nýja Landsbankann. Samkvæmt samningunum var gefið út skuldabréf, sem getur að hámarki orðið 92 milljarðar króna. Bréfið er skilyrt og fer fjárhæð þess eftir mati á tilteknu eignasafni nýja bankans, sem eru annars vegar kröfur á stór fyrirtæki og hins vegar á lítil og meðalstór fyrirtæki.

Skilanefnd og starfsfólk hennar, undir forystu svokallaðs tilsjónarmanns, fylgist náið með þróun eignasafnsins og setur fram formleg andmæli ef nýi bankinn eða stjórnvöld grípa til einhverra aðgerða sem nefndin telur að geti lækkað virði eignasafnsins eða haft neikvæð áhrif á afkomu bankans. Rök skilanefndarinnar fyrir formlegum andmælum við til dæmis kvótafrumvarpinu eru að samþykkt þess muni hafa neikvæð áhrif á möguleika sjávarútvegsfyrirtækja í viðskiptum við nýja bankann á að endurgreiða lán sín.

Í árslok 2012 verður eignasafnið metið. Nái hækkun þess 92 milljörðum króna eignast gamli bankinn, það er kröfuhafarnir, skuldabréfið og skilar um leið öllum hlut sínum í nýja Landsbankanum til fjármálaráðuneytisins.

Verði hækkunin hins vegar minni að mati sérstaks matsmanns skila kröfuhafarnir aðeins hluta af eign sinni í Landsbankanum. Um leið áskilja þeir sér samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins rétt til að sækja með öðrum aðferðum, hugsanlega dómsmálum, það sem upp á vantar og rekja má til ákvarðana sem hefur verið formlega mótmælt. Til þess gæti því komið að kröfuhafar létu reyna á áhrif kvótafrumvarpa og skattabreytinga fyrir dómstólum. - óþs


METSÖLUBÓK SEM HREYFIR VIÐ ÞÉR





Norski rithöfundurinn Mette Karlsvik hefur skrifað skáldsöguna Bli Björk:

# Björk ósátt við bók um sjálfa sig

**FÓLK** Skáldsagan Bli Björk eftir norska verðlaunahöfundinn Mette Karlsvik kemur út um mánaðamótin, en þar er tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir í aðalhlutverki. Útgáfa bókarinnar hefur vakið athygli og Björk segir við Fréttablaðið að það sé erfitt að fara ekki í vörn þegar einhver ókunnugur skrifi bók um sig og sína nánustu.



BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR

Í samtali við Fréttablaðið segir Karlsvik að hún hafi verið viss um að Björk hafi vitað af bókinni en hún hafi bæði talað við Guðmund Gunnarsson, föður Bjarkar, og aðstoðarmann hennar, James Merry. Björk segir rithöfundinn ekki hafa komið hreint fram. Bókin er skáldsaga þar sem höfundur fjallar um uppvaxtarár tónlistarkonunnar og er Ísland og íslensk náttúra í stóru hlutverki.

Karlsvik, sem hefur meðal annars unnið nýliðaverðlaun Tarjei Vesaas í Noregi, segir bókina fjalla meira um samfélagið á Íslandi en Björk sjálfa. „Ég er enginn brjálaður eltihrellir.“ - áp / sjá síðu 38


Aðeins í dag!
Hraðtilboð Vildarklúbbsins
50% afsláttur af Vildarpunktum til fimm borga
+ www.vildarklubbur.is
Tilboðið rennur út á miðnætti.
ICELANDAIR

OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

## SPURNING DAGSINS



*Vigdís, ertu alveg steinsnar?*

„Nei, en ég er alveg steinhissa á því hvernig fólk lætur.“

Alþingiskonan Vigdís Hauksdóttir hefur vakið athygli fyrir afbökun á orðtökum. Hún talaði meðal annars um að stinga ekki höfðinu í steininn og grjótkast úr steinhúsi.

Verne Holding semur við bandaríska fyrirtækið Datapipe:

# Fyrsti kúnninn kominn í gagnaverið

**VIÐSKIPTI** Fyrsti viðskiptavinur gagnavers Verne Holding að Ásbrú í Keflavík hefur skrifað undir samning við fyrirtækið. Tilkynnt verður um þetta fyrir hádegi.

Verne Global, sölu- og markaðssvið fyrirækisins, og Datapipe hafa náð samningum um hýsingu á gögnum síðarnefnda fyrirtækisins. Datapipe er bandarískt fyrirtæki sem sérhæfir sig í umhverfisvænum lausnum í upplýsingatækni. Umhverfisstofnun Bandaríkjanna hefur veitt fyrirtækinu viðurkenningu vegna umhverfisstefnu þess.

Robb Allen, forstjóri Datapipe, segir í yfirlýsingu sem gerð verður opinber í dag að Verne gefi fyrirtækinu kost á því að halda áfram forystu í umhverfismálum.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá verður á næstunni sett upp gagnageymsla í gagnaverinu að Ásbrú. Stefnt er að því að starfsemi fyrirtækisins geti hafist fyrir árslok. **- kóp**



**VERNE HOLDING** Fyrsti viðskiptavinur gagnaversins hefur skrifað undir samning við fyrirtækið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Róbert Marshall í viðtali:

# Vill að Haraldur víki í bili

**STJÓRNSÝSLA** Ríkislögreglustjóri á að stíga strax til hliðar. Þetta sagði Róbert Marshall, þingmaður og varaformaður nýrrar stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, á Rás 2 í gær.

Róbert vill að Haraldur Johannessen víki á meðan rannsókn fer fram á kaupum embættisins á óeirðabúnaði af fyrirtækjum í eigu lögreglumanna og tengdra einstaklinga. Hann segist ekki geta fellt dóm um sekt eða sakleysi, en trúverðugleiki stofnunarinnar skipti mestu máli. **- þeb**

Hýrir efna til hátíðarhalda:

# Nýrri hinsegin hátíð ýtt úr vör

**FÓLK** Nýrri hinsegin vetrarhátíð verður hleypt af stokkunum í Reykjavík í febrúar á næsta ári.

„Við skynjum strax að fólk er ánægt með að bjóðast ferð til Íslands á þessum árstíma og viðbrögðin eru strax mikil,“ upplýsir Eva María Þórarinsdóttir Lange hjá Pink Iceland, sem stendur ásamt fleirum fyrir hátíðinni, en hún ber yfirskriftina Rainbow Reykjavík. Eva María segir vetrarhátíðina ekki setta til höfuðs Gay Pride heldur hreina viðbót í hátíðarhald hinsegin fólks. **- þlg** / sjá Allt í miðju blaðsins



EVA MARÍA ÞÓRARINSDÓTTIR

Grikkir bera sig bærilega:

# Segjast nú geta beðið í mánuð

**GRIKKLAND, AP Gríska stjórnin segist nú geta fjármagnað laun, eftirlaun og afborganir af skuldum fram í miðjan nóvember, en áður höfðu þau sagst komast í greiðsluþrot um miðjan október fengju þau ekki aðstoð í tæka tíð.**

**„Það er ljóst að þetta verður ekkert vandamál fyrr en um miðjan nóvember,“ sagði Evangelos Venizelos fjármálaráðherra í gær, nýkominn af fundum með fjármálaráðherrum evruríkjanna í Lúxemborg. Evruríkin hafa frestað ákvörðun um frekari aðstoð til Grikklands vegna óvissu um það hvort Grikkir geti staðið við skilyrði aðstoðarinnar.** **- gb**



EVANGELOS VENIZELOS

# Tæknifrjóvganir ekki lengur niðurgreiddar

**Samningur milli Sjúkratrygginga og ART Medica um niðurgreiðslu tæknifrjóvgana rann út um mánaðamót. Kostnaður við meðferðina hefur því aukist mikið. Aðgengi að niðurgreiðslunni verður þrengt samkvæmt fjárlögum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Samningur milli Sjúkratrygginga Íslands og læknastofunnar ART Medica um niðurgreiðslur á tæknifrjóvgunaraðgerðum rann út um síðustu mánaðamót. Kostnaður þeirra sem hefja meðferð nú er því mun meiri en þeirra sem hófu meðferð í september. Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga, segir að ljóst hafi verið í byrjun september að of mikið bæri í milli til að nýr samningur yrði gerður.

Samkvæmt samningnum sem nú er runninn út fór þátttökuhlutfall Sjúkratrygginga í tæknifrjóvgunum eftir því hvort um fyrstu meðferð var að ræða, aðra til fjórðu meðferð eða meðferðir eftir það. Mest var niðurgreitt fyrir fyrstu meðferð. Þá var niðurgreiðslan minni hjá fólki sem á barn fyrir. Nú borga allir jafn mikið fyrir meðferðina, 376.055 krónur fyrir glasafrjóvgun og 449.060 krónur fyrir smásjárfrjóvgun.

Að sögn Steingríms Ara er búist við því að ný reglugerð um niðurgreiðslur líti dagsins ljós í þessum mánuði. Velferðarráðuneytið setur reglugerðina, sem nauðsynleg er þegar endurgreiða á fyrir þjónustu sem veitt er án samnings við Sjúkratryggingar.

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir því að lækniskostnaður hjá Sjúkratryggingum verði lækkaður með því að þrengja skilyrði fyrir þátttöku tryggingа í kostnaði við tæknifrjóvganir. „Hvenær það tekur gildi og með hvaða hætti er á borði ráðuneytisins,“ segir Steingrímur Ari.

„Að lækka lækniskostnað með því að þrengja skilyrði fyrir þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvgun er áfall fyrir þá sem eru að reyna að eignast barn með hjálp tækninnar,“ segir í fréttatilkynningu frá stjórn Tilveru, samtaka um ófrjósemi. Nú sjái fjölmörg pör og einhleypar konur fram á að geta ekki nýtt sér þessi meðferðarúrræði vegna aukins kostnaðar.

Stjórn samtakanna hefur óskað eftir fundi með Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra vegna málsins. Samtökin segjast ekki munu sætta sig við niðurskurð. „Greiða þarf fyrir um samninga milli SÍ og ART Medica, tryggja að þær hækkanir sem þegar hafa orðið falli ekki á sjúklingana og að ekki komi til neinna skerðinga.“

thorunn@frettabladid.is



**AÐ LEIK** Þar til ný reglugerð kemur frá velferðarráðuneytinu þurfa allir að borga 376 þúsund til 449 þúsund krónur fyrir aðgerðir. NORDICPHOTOS/AFP

Arkitektar gera það gott:

# Teikna hús fyrir Ford

**VIÐSKIPTI „Við erum auðvitað í skýjunum yfir því að okkar tillaga skuli hafa verið valin til framkvæmda,“ segir Kristján Örn Kjartansson hjá arkitektastofunni KRADS, sem hannar nýja sýningar- og þjónustubyggingu fyrir bílaframleiðandann Ford í Danmörku.**

**Byggingin verður 4.400 fermetrar og mun meðal annars innihalda 2.000 fermetra sýningarsvæði, verkstæði og söluskrifstofur. Stefnt er að því að taka hana í notkun árið 2013.** **- rve** / sjá Allt í miðju blaðsins



KRISTJÁN ÖRN KJARTANSSON

Ný tillaga 20 þingmanna:

# Vilja flýta fyrir frumvarpi um staðgöngu

**ALÞINGI** Tuttugu þingmenn hafa lagt fram nýja tillögu um staðgöngumæðrun á Alþingi.

Tillagan er nú lögð fram í annað sinn, en orðalagi hefur talsvert verið breytt frá því að hún var fyrst lögð fram. Nú er gert ráð fyrir að frumvarp um staðgöngumæðrun verði lagt fram „svo fljótt sem verða má“.

Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins fyrir utan Árna Johnsen standa að baki tillögunni.

Auk þeirra standa Álfheiður Ingadóttir og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir í VG, Kristján Möller Samfylkingu og Einar K. Guðfinnsson og Gunnar Bragi Sveinsson í Framsókn að baki tillögunni. **- þeb**

HÓPKAUP.IS Í DAG

FLUG TIL EÐA FRÁ LONDON Í NÓVEMBER

14.900 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 20.810 kr. | Afsláttur 28% | Afsláttur í kr. 5.910 kr.

100 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið





Flug til eða frá London með Iceland Express í nóvember á aðeins 14.900 kr. með öllum sköttum og kostnaði (kostar 20.810 kr.).

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 111531

Ósáttur umsækjandi um stöðu forstjóra Bankasýslu ríkisins:

# Finnst svona ekki eiga að líðast

**STJÓRNSÝSLA** Ólafur Örn Ingólfsson hagfræðingur, einn þeirra umsækjenda um starf forstjóra Bankasýslu ríkisins sem ekki hlutu náð fyrir augum stjórnarinnar, er afar ósáttur við vinnubrögð í ráðningarferlinu og hyggst kalla eftir frekari rökstuðningi.

„Það sem mér finnst standa upp úr er að það virðist sem stjórnin hafi ekki farið að lögum um Bankasýslu ríkisins varðandi hæfniskröfur og reynslu af störfum fyrir fjármálastofnanir og banka þegar kemur að ráðningu forstjóra,“ segir Ólafur Örn í samtali við Fréttablaðið.

Aðspurður sagðist hann óviss um hverjar málalyktir yrðu, „en mér finnst fyrst og fremst að maður eigi ekki að láta svona nokkuð líðast“.



PÁLL MAGNÚSSON



ÓLAFUR ÖRN INGÓLFSSON

Páll Magnússon, bæjarritari hjá Kópavogsbæ og fyrrum aðstoðarmaður Valgerðar Sverrisdóttur viðskiptaráðherra, var ráðinn úr hópi fjögurra umsækjenda þrátt fyrir að hann hafi minnsta reynslu að baki í störfum fyrir fjármálastofnanir.

> …það virðist sem stjórnin hafi ekki farið að lögum um Bankasýslu ríkisins varðandi hæfniskröfur og reynslu af störfum fyrir fjármálastofnanir og banka þegar kemur að ráðningu forstjóra.
>
> ÓLAFUR ÖRN INGÓLFSSON
> UMSÆKJANDI UM STÖÐU FORSTJÓRA BANKASÝSLU RÍKISINS

Ráðningin hefur kallað á hörð viðbrögð en í samtali við Bylgjuna í gær sagðist Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra bæði treysta því og vona að faglega hafi verið staðið að ráðningu Páls. **- þj**

★ GULLTILBOÐ 1

# KANARÍ

ÞRIGGJA VIKNA FERÐ Í SÓLINA

Frábær ferð til Kanarí þar sem sóldýrkendur njóta lífsins. Fjölbreytt afþreying, notalegt og vel staðsett íbúðahótel.

**21 nótt, 29. nóv.–20. des.**

FULLT VERÐ 161.360 KR.

## 121.360 KR.*

+ 1.000 N1 PUNKTAR

**Innifalið:** Flug með Icelandair til Gran Canaria, flugvallarskattar og gisting á hinu vinsæla hóteli Las Camelias. Fararstjórn.

PUNKTAR GILDA x40

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.



vita FERÐASKRIFSTOFA

★ GULLTILBOÐ 2

# WASHINGTON D.C.

3 STJÖRNU HÓTEL

Í Washington mætast saga og menning í einni merkustu borg Bandaríkjanna. Gist á Latham Hotel Georgetown sem er 3ja stjörnu hótel, vel staðsett í Georgetown.

**3 nætur, 17.–20. nóv.**

PUNKTAR GILDA x30

FULLT VERÐ 99.900 KR.

## 69.900 KR.*

+ 1.000 N1 PUNKTAR

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar og gisting á Latham Hotel Georgetown.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.



ICELANDAIR

# LITRÍK HAUSTTILBOÐ FYRIR N1 KORTHAFA

★★

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

★ ÞÚ GETUR KEYPT GULL- OG SILFURTILBOÐIN MEÐ N1 APPINU

★ SILFURTILBOÐ 1

## SNJALLSÍMI

Samsung Galaxy S II

- Ummál (HxBxÞ):125,3 x 66,1 x 8,5 mm
- Þyngd: 116 g
- Stýrikerfi: Android 2.3
- Innbyggt minni: 16 GB
- Rafhlaða: Tal allt að 8 klst. og 40 mín.
- Tíðnir: Quad Band (850 / GSM 900 / GSM 1800 / GSM 1900)
- Skjár: 480x800 px 4,3 tommur
- Litur: Svartur

FULLT VERÐ 109.900 KR.

## 89.900 KR.

+1.000 N1 PUNKTAR



Appaðu þig í gang

PUNKTAR GILDA x20



PUNKTAR GILDA x7

SENNHEISER

★ SILFURTILBOÐ 2

## ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

Sennheiser RS-160

Lokuð þráðlaus heyrnartól með góðum bassa. Hægt er að tengjast t.d. iPod án þess að vera háður rafmagni.

FULLT VERÐ 21.900 KR.

## 14.900 KR.

+1.000 N1 PUNKTAR

★ SILFURTILBOÐ 3

## MYNDAVÉL

Canon Powershot A2200

- Tekur hágæða 14,1 MP myndir
- 28 mm gleiðlinsa og 4x aðdrátt
- Tekur HD myndskeið (720p)
- Háupplausna 2,7" LCD skjár
- Li-ion rafhlaða
- Silfurlituð

FULLT VERÐ 26.900 KR.

## 19.900 KR.

+1.000 N1 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x7





PUNKTAR GILDA x8

★ SILFURTILBOÐ 4

## SLÍPIROKKUR

Bosch PWS 9-125

- 900 wött
- Snúningshraði 11.000 sn/mín.
- Fyrir 125 mm skífur
- Þyngd 2 kg
- Kemur í góðri tösku

FULLT VERÐ 24.900 KR.

## 16.900 KR.

+1.000 N1 PUNKTAR

★ N1TILBOÐ

**ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ**

FULLT VERÐ 9.990 KR.

**5.990 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x4





PUNKTAR GILDA x2

★ N1TILBOÐ

**USB MINNISLYKILL 8GB**

FULLT VERÐ 3.990 KR.

**1.990 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR

★ N1TILBOÐ

**JUSTIN BIEBER – EINS OG HANN ER**

FULLT VERÐ 2.990 KR.

**990 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2



PUNKTAR GILDA x2

★ N1TILBOÐ

**CD - MAGNÚS OG JÓHANN EÐA 100 ÍSLENSK 90'S LÖG**

FULLT VERÐ 3.490 KR. STK.

**1.490 KR. STK.**

+1.000 N1 PUNKTAR

★ N1TILBOÐ

**DVD BLACK SWAN**

FULLT VERÐ 2.790 KR.

**790 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2



PUNKTAR GILDA x2

★ N1TILBOÐ

**DVD LATIBÆR EÐA DÓRA LANDKÖNNUÐUR**

FULLT VERÐ 1.990 KR. STK.

**0 KR. STK.**

+1.000 N1 PUNKTAR



**SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í október eða meðan birgðir endast.

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

WWW.N1.IS

N1

Fíton / SÍA

## GENGIÐ 04.10.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,21 | 119,77 |
| Sterlingspund | 183,26 | 184,16 |
| Evra | 157,21 | 158,09 |
| Dönsk króna | 21,12 | 21,244 |
| Norsk króna | 20,094 | 20,212 |
| Sænsk króna | 17,212 | 17,312 |
| Japanskt jen | 1,5538 | 1,5628 |
| SDR | 184,25 | 185,35 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 213,5788

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Í Bandaríkjunum er því fagnað að Amanda Knox hafi losnað úr fangelsi á Ítalíu:

# Fjölskylda hinnar myrtu í áfalli

**ÍTALÍA, AP** Amanda Knox hélt heim til Bandaríkjanna í gær frá Ítalíu, þar sem hún var á mánudag sýknuð af morðákæru eftir að hafa dvalist fjögur ár í fangelsi.

Fjölskyldu hennar var mjög létt og bjó sig undir að taka fagnandi á móti henni. Á hinn bóginn var fjölskylda Meredith Kercher í áfalli eftir niðurstöðu áfrýjunardómstólsins, sem sneri við dómi undirréttar.

„Þetta var dálítið áfall,“ sagði Stephanie Kercher, systir hinnar myrtu. „Þetta er mjög óþægilegt. Við höfum enn engin svör fengið.“



**AFTUR Á BYRJUNARREIT** Móðir, bróðir og systir hinnar myrtu ræddu við fjölmiðla á Ítalíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Saksóknari ætlar að áfrýja málinu til hæstaréttar og segist sannfærður um að þá verði Knox og Sollecito fundin sek.

Árið 2009 hlaut Knox 26 ára fangelsisdóm í undirrétti fyrir að hafa myrt Meredith Kercher í íbúð þeirra haustið 2007, þegar þær voru báðar um tvítugt. Kærasti Knox, Raffaele Sollecito, hlaut 25 ára fangelsi fyrir aðild sína að morðinu, en hann var einnig sýknaður á mánudag. Þriðji maðurinn, Rudy Guede, hefur einnig hlotið dóm fyrir aðild sína, en dómstóll komst að þeirri niðurstöðu að hann hefði ekki staðið einn að verki. - gb

Tillaga sjálfstæðismanna:

# Borgin haldi foreldraþing

**MENNTUN Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vilja að efnt verði til foreldraþings um skólamál nú í haust. Tillaga þess efnis var lögð fram á borgarstjórnarfundi í gær.**

**Með því að halda foreldraþing myndi borgarstjórn efla lýðræðislega þátttöku foreldra í skólastarfi. Kvartað hefur verið yfir ónógu samráði meirihlutans í yfirstandandi hagræðingaraðgerðum, að því er segir í tillögunni. Þingið á að vera öllum opið þar sem fjárhagsrammi borgarinnar, forgangsröðun og stefnumótun verða kynnt.**



**SAUL PERLMUTTER** Tók fréttunum fagnandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nóbelsverðlaun í eðlisfræði:

# Endalok heims í kalda myrkri

**SVÍÞJÓÐ, AP** Þrír bandarískir vísindamenn deila með sér Nóbelsverðlaunum í eðlisfræði þetta árið. Verðlaunin fá þeir fyrir kenningar sínar um útþenslu alheimsins.

Þeir Saul Perlmutter, Brian Schmidt og Adam Reiss hafa, með rannsóknum sínum á fjarlægum sprengistjörnum, sýnt fram á að alheimurinn er stöðugt að þenjast út og mun enda í fimbulkulda og svartamyrkri meðan stjörnuþokur sundrast og fjarlægjast hver aðra svo hratt að ljósið af þeim nær ekki að berast til baka.

Verðlaunin verða afhent hinn 10. desember. Þau nema ríflega 1,7 milljörðum íslenskra króna. - gb

### STJÓRNSÝSLA

**Nýr aðstoðarmaður**

Árni Snæbjörnsson hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Árni tekur við af Gunnfríði Elínu Hreiðarsdóttur sem lét af störfum fyrir skömmu. Árni hefur meðal annars starfað sem framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs og sem framkvæmdastjóri Landssambands veiðifélaga.

### HALDIÐ TIL HAGA

Í frétt blaðsins í gær um umferðarslys sagði fyrir misskilning að báðir í bílnum hefðu verið undir áhrifum fíkniefna en því skal haldið til haga að einungis ökumaðurinn er grunaður um að hafa verið undir slíkum áhrifum.

# Innlendar níðingssíður sýna íslenskar stúlkur

**Ábendingar hafa borist Barnaheill um íslenskar vefsíður, vistaðar erlendis, þar sem finna má kynferðislegt efni, texta og myndir, af íslenskum stúlkum undir lögaldri. Samtökin hafa nú tekið í notkun nýjan tilkynningarhnapp á vef sínum.**

**LÖGREGLUMÁL** Samtökunum Barnaheill – Save the Children á Íslandi bárust á síðasta ári ábendingar um íslenskar vefsíður sem vistaðar eru erlendis og hver sem er getur sett inn efni á. Þar var meðal annars að finna kynferðislegt efni, texta og myndir af íslenskum stúlkum undir lögaldri.

Þetta segir Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri samtakanna. Barnaheill tók í gær, í samstarfi við SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) og embætti ríkislögreglustjóra, í notkun nýjan ábendingarhnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni tengt börnum á netinu. Með því að smella á hnappinn á www.barnaheill.is getur almenningur tilkynnt um slíkt efni.

Nær 4.000 ábendingar um efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt eða beitt kynferðisofbeldi hafa borist frá því að Barnaheill opnaði ábendingalínu árið 2001. Á síðasta ári bárust samtökunum 30 ábendingar vegna mögulegs efnis þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi eða sýnd á kynferðislegan hátt. Af þessum ábendingum reyndust 37 prósent vera myndir sem innihéldu ofbeldi gegn börnum.

Einnig bárust tíu ábendingar um óviðurkvæmilegt efni á netinu svo sem Facebook-síður, þar sem menn villtu til dæmis á sér heimildir og þóttust vera aðrir en þeir eru. Samtals voru ábendingarnar því 40, töluvert færri en á árunum 2001 til 2008.

Á árinu 2009 bárust samtals 59 ábendingar. Af þeim var rúmur helmingur, 58 prósent, efni þar sem börn voru beitt kynferðislegu ofbeldi eða sýnd á kynferðislegan hátt.

Allar ábendingar um ólöglegt efni fara til embættis ríkislögreglustjóra, þar sem þær eru rannsakaðar og gripið til viðeigandi aðgerða, að sögn Petrínu. Þá fara ábendingar um óviðeigandi efni, svo sem meiðyrði, hótanir eða haturstal um ákveðna hópa, til netþjónustuaðila til skoðunar. Petrína undirstrikar að markmiðið sé ekki einungis að ná til þeirra sem haldi úti vefsíðum með ólöglegu efni. Forvarnirnar sem í aðgerðunum felist séu ekki síður mikilvægar.

jss@frettabladid.is



**PETRÍNA ÁSGEIRSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Samtakanna Barnaheill – Save the Children á Íslandi segir að allar ábendingar um ólöglegt efni fari til embættis ríkislögreglustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Hvaða efni er ólöglegt?

„Efni er ólöglegt þegar börn eru sýnd á kynferðislegan hátt, beitt kynferðislegu ofbeldi, þegar um mansal á börnum er að ræða eða einelti á neti, þegar klámefni er aðgengilegt börnum, efni þar sem fullorðnir misnota börn á kynferðislegan hátt á ferðum sínum erlendis eða annað ofbeldisefni á netinu.“

Ánægður með nýja stjórn:

# Breytt stefna eftir kosningar

**DANMÖRK** Lars Løkke Rasmussen, leiðtogi hægrimanna í Danmörku, segist hæstánægður með stefnuræðu arftaka hans í forsetaembættinu, Helle Thorning-Schmidt.



**HELLE THORNING-SCHMIDT**

„Mér fannst þetta góð ræða. Þetta er töluvert annað en það sem við heyrðum í kosningabaráttunni,“ skrifaði hann á Facebook-síðu sína og hrósaði nýju vinstristjórninni fyrir að ætla ekki að standa við öll kosningaloforðin. „Allt það sem ekki átti að gera – endurbæturnar á eftirlaunum og atvinnuleysisbótum – verður nú framkvæmt og er stefna stjórnarinnar. Margt af því sem átti að gera – auðkýfingaskattur og bankaskattur – verður ekki að neinu og er ekki stefna stjórnarinnar.“ - gb

Samkeppnislagabrot staðfest:

# Sekt Vífilfells lækkuð mikið

**SAMKEPPNISMÁL Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur gert Vífilfelli að greiða 80 milljóna króna stjórnvaldssekt vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Með ákvörðuninni er upphafleg sekt Samkeppniseftirlitsins lækkuð verulega, en hún hafði hljóðað upp á 260 milljónir króna.**

**Samkvæmt niðurstöðunni braut Vífilfell af sér með skilyrðum í samningum við viðskiptavini sína, meðal annars um að þeir versluðu ekki við neina aðra.**

**Nefndin lækkar hins vegar sektina til að gæta samræmis við aðrar sektarákvarðanir í samkeppnismálum.** - sh






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**KÓLNAR** Það kólnar hressilega í veðri þessa dagana og við erum minnt á að veturinn er á næsta leiti. Norðlægar áttir ríkja út vikuna með tilheyrandi úrkomu norðan til en bjartara veðri syðra. Í dag hvessir N- og NV-lands en lægir í nótt eða fyrramálið.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 21° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 21° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 14° |
| París | 21° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# LEIKUM OG LESUM



**Njótum, leikum og lesum!**

Ekkert kemur í staðinn fyrir notalegar fjölskyldustundir í skammdeginu. Hjá Eymundsson fæst allt fyrir skapandi og skemmtilegar fjölskyldur.




TILBOÐ 3.499 kr.

## Crayola tússlitir

Kassi með 30 Crayola tússlitum.



TILBOÐ 995 kr.

## Crayola vatnslitir

Vandaðir Crayola vatnslitir á pallettu.
Þvæst auðveldlega úr fötum og af húsgögnum.
**Crayola - frábærar föndurvörur.**

## Púsl

Púsluspil efla rökhugsun barna.

TILBOÐ 2 fyrir 1




## Teiknisamkeppni Crayola

Öll börn aldrinum 3-12 ára geta tekið þátt í teiknisamkeppni Crayola. Þátttakendur eiga að teikna ævintýramynd og eru glæsilegir vinningar veittir í eftirfarandi aldursflokkum; 3-6 ára, 7-9 ára og 10-12 ára.

**Nánari upplýsingar í næstu verslun Eymundsson og á Eymundsson.is**




TILBOÐ 2.599 kr. Fullt verð 2.899 kr.

Vinsæla fjölskyldumyndin frá Disney. Sú fjórða í seríunni.




TILBOÐ 3.299 kr. Fullt verð 3.999 kr.




Íslensku barnabóka-verðlaunin 2011

TILBOÐ 3.299 kr. Fullt verð 3.999 kr.




Skemmtilegar samverustundir í eldhúsinu.

TILBOÐ 3.499 kr. Fullt verð 3.990 kr.




Tilboðin gilda til og með 19. okt.

ENNEMM / SÍA / NM48434

Eymundsson
Bóksali frá 1872

## KJÖRKASSINN




*Sóttir þú einhverjar sýningar á RIFF-kvikmyndahátíðinni?*

| | |
|---|---|
| Já | 4,1% |
| Nei | 95,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fylgdist þú með stefnuræðu forsætisráðherra á mánudag?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. vísir

Fjórar milljónir evra á reikningi í Lúxemborg allt og sumt sem fæst upp í 101,4 milljarða kröfur:

# Heimtur úr búi Björgólfs verða mest 0,65%

**VIÐSKIPTI** Endurheimtur úr þrotabúi Björgólfs Guðmundssonar munu að hámarki nema 0,65 prósentum af kröfum, samkvæmt Sveini Sveinssyni, skiptastjóra búsins.

Þetta kemur fram í stefnu á hendur fyrrverandi bankastjórum Landsbankans sem þingfest var í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðustu viku, þar sem þeir eru krafðir um hátt í þrjátíu milljarða í skaðabætur.

Tveir fyrrverandi auðmenn hafa verið lýstir gjaldþrota eftir bankahrun. Gjaldþrot Björgólfs er langstærsta gjaldþrot einstaklings í sögu Íslands og eitt stærsta í heiminum. Kröfur í búið nema tæpum 101,4 milljörðum króna. Það næststærsta var þrot Magnúsar Þorsteinssonar, viðskiptafélaga Björgólfs. Það nam 930 milljónum.

Upp í þessa 101,4 milljarða munu mest fást fjórar milljónir evra, að því er segir í stefnunni. Í dag samsvarar sú upphæð ríflega 630 milljónum króna, innan við 0,65 prósentum af kröfum. Þar er um bankainnistæðu í Lúxemborg að ræða.

Jafnframt kemur fram í stefnunni að afskaplega lítið muni fást upp í kröfur í bú tveggja eignarhaldsfélaga sem voru að stærstum hluta í eigu Björgólfs; Fjárfestingarfélagsins Grettis, sem meðal annars átti megnið í Eimskipi, og Grettis eignarhaldsfélags, sem meðal annars átti stærstan hlut í Straumi.

Kröfur í bú hvors félags um sig nema rúmum 33,5 milljörðum en heimtur úr þeim verða í heild líklega ekki hærri en 733 milljónir, um eitt prósent krafna. **- sh**



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Mat eignir sínar í góðærinu á um 143 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR V.


**Markaðsfræðin í fortíð, nútíð og framtíð**

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

**Fimmtudaginn 6. október kl. 12-14**
**Hátíðasalur Háskóla Íslands**
Í boði Viðskiptafræðideildar

Þórhallur Friðrik Frosti

**Þórhallur Guðlaugsson**, dósent við Viðskiptafræðideild gerir grein fyrir þeim forsendum sem þurfa að vera til staðar þegar byggja á upp markaðsdrifið fyrirtæki.

**Friðrik Eysteinsson**, aðjunkt við Viðskiptafræðideild mun fjalla um markaðslega færni og þátt hennar í frammistöðu fyrirtækja.

**Frosti Jónsson**, markaðs- og birtingaráðgjafi hjá Birtinghúsinu fjallar um samfélagsmiðla og hvort þau fyrirtæki sem ekki eru að nota þá í markaðsstarfi sínu séu að fara á mis við tækifæri.

**Allir velkomnir, aðgangur ókeypis**

HÁSKÓLI ÍSLANDS FÉLAGSVÍSINDASVIÐ 1911-2011




ALLTAF Í BOLTANUM Úrskurður Evrópudómstólsins kveður á um að ekki megi banna kaup á áskriftum á enska boltanum milli landa. Neytendasamtökin fagna aukinni samkeppni á þessu sviði, en forstjóri 365 segist ekki búast við miklum umskiptum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Boltadómurinn gæti haft áhrif á Íslandi

**Evrópudómstóllinn úrskurðar að leyfilegt sé að selja áskrift að enska boltanum milli landa. Neytendasamtökin vonast eftir að samkeppni aukist. Forstjóri 365 segir nokkra samkeppni þegar ríkja og væntir ekki mikilla umskipta næstu ár.**

**NEYTENDUR** Knattspyrnuáhugafólki á að vera frjálst að skipta við útsendingaraðila utan heimalands síns til að sjá leiki í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta. Evrópudómstóllinn úrskurðaði í gær að hömlur á slíku gengju í berhögg við lög Evrópusambandsins um óheft flæði á sölu vöru og þjónustu.

Úrskurðurinn gæti haft áhrif hér á landi, þar sem Ísland er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. 365, móðurfélag Fréttablaðsins, hefur sýningarrétt á enska boltanum og fleiri keppnum á Íslandi.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir í samtali við Fréttablaðið að í þessum úrskurði séu góðar fréttir fyrir íslenska neytendur.

„Fljótt á litið held ég að við hljótum að falla undir þetta sem hluti af EES og frjálsu flæði vöru og þjónustu, þannig að ég geri mér vonir um að þetta muni skerpa á samkeppninni hér.“



**ARI EDWALD**

Jóhannes segir þó að enn eigi eftir að fara ítarlega yfir úrskurðinn og málið muni skýrast á næstunni. Hann sé þó vongóður.

„Virk samkeppni er í raun eina trygging neytenda fyrir því að verð á vöru og þjónustu sé sem hagstæðast. Ef neytendum stendur það til boða að gera betri kaup en í dag hljótum við að fagna því.“

Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri Samtaka myndrétthafa á Íslandi (SMÁÍS), segir hins vegar að málið sé ekki eins einfalt og það gæti sýnst í upphafi.

„Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir að þetta geti stofnað til mikillar einokunar ef einn aðili kaupir réttinn að Evrópu í heild sinni. Það verður ekki endilega eitthvert svaka frelsi og samkeppni. Það gæti jafnvel orðið þannig að sýningarrétturinn yrði svo dýr að einungis stórfyrirtæki gætu staðið undir því.“

Ari Edwald, forstjóri 365, segist ekki búast við því að þessi úrskurður hafi mikil áhrif á félagið til skemmri tíma litið.

„Þetta er álit Evrópudómstólsins og ekki enn orðið að dómsniðurstöðu í Bretlandi. Ef við gerum ráð fyrir að þróunin verði í þessa átt getur þetta sjálfsagt haft einhver áhrif á komandi árum en þau verða varla mikil eða snögg. Veruleikinn er sá að við búum þegar við samkeppni frá aðilum eins og Sky og við höfum staðið okkur vel þar. Okkar verð er lægra en það sem erlendu aðilarnir bjóða upp á, jafnvel þó að við sýnum mun fleiri leiki í beinni útsendingu. Svo vil ég ætla að flestir íslenskir knattspyrnuáhugamenn vilji hafa íslenska þuli, þætti og umfjöllun um enska boltann, þannig að ég á ekki von á neinum snöggum umskiptum.“ **thorgils@frettabladid.is**





Nú er hægt að fá fetaost sem kubb í saltvatni. Gott er að nota ostinn í salöt, samlokur, grænmetisrétti og á pítsuna. Ljúffengar uppskriftir með fetaosti er að finna á www.gottimatinn.is

Gott í matinn

20% afsláttur af Biomega vítamínum




LYFJABORG
Borgartúni 28 - Sími: 553 8331 - Lyfjaborg.is


Aðgerðir gegn fölsuðum og ólöglegum lyfjum á netinu:

# Tollurinn tók átta þúsund töflur

**TOLLAMÁL** Í alþjóðlegri aðgerð gegn sölu á fölsuðum og ólöglegum lyfjum á netinu sem tollgæslan á Íslandi tók þátt í, lagði hún hald á tæplega 8.000 töflur.

Aðgerðinni sem var alþjóðleg og mjög viðamikil lauk nýlega. Hún var skipulögð af WCO og Interpol og stóð hún yfir dagana 20. til 27. september.

Þessi aðgerð er sú stærsta sem skipulögð hefur verið af þessu tagi og tók 81 land þátt í henni. Í aðgerðinni var meðal annars lagt hald á um það bil 8.000 sendingar og 2,4 milljónir taflna voru gerðar upptækar. Jafnframt var um það bil 13.500 sölusíðum lokað í framhaldinu.

Meðal þeirra lyfja sem gerð voru upptæk voru fúkkalyf, krabbameinslyf, þunglyndislyf, flogaveikislyf, megrunarlyf og fæðubótarefni.

Fjölmargir voru handteknir í tengslum við aðgerðina, ýmist fyrir framleiðslu, sölu eða dreifingu á efnunum. **- jss**



**ÓLÖGLEG LYF** Viðamikilli, alþjóðlegri aðgerð gegn ólöglegum lyfjum á netinu er nýlokið.




# Google AdWords námskeið fyrir íslenskt markaðsfólk

Einstakt tækifæri til að öðlast hæfni í að búa til öflugar markaðsherferðir á netinu og hámarka árangurinn. Promennt, ÍMARK og Íslandsstofa taka höndum saman og halda sérhæft námskeið fyrir þá sem sjá um markaðsmál íslenskra fyrirækja, hentar einstaklega vel þeim sækja á alþjóðlega markaði.

## 17. - 18. okt og 19. - 20. okt

Skráðu þig strax - Mjög takmarkað sætaval í boði! Sértilboð fyrir félaga ÍMARK

Nordic eMarketing

**Haukur J. Kristjánsson, sérfræðingur hjá Nordic eMarketing:**

"AdWords hjálpar fyrirtækjum að ná til nýrra markaða á einfaldan en um leið áhrifaríkan hátt ... notendur hafa jafna möguleika á að ná árangri, ef notuð er rétt aðferðafræði ..."

arctic adventures

**Logi Karlsson, markaðsstjóri Arctic Adventures:**

„AdWords hefur reynst okkur afar vel í allri okkar vefmarkaðssetningu ... Hnitmiðaðri herferðir, hagræðing i kostnaði og betri yfirsýn ..."

**Dagur Jónsson, Internet ráðgjafi og frkvstj. Libius ehf.:**

" Google AdWords hefur átt stóran þátt í þeim mikla vexti 66°N sem orðið hefur á erlendri vefsölu fyrirtækisins..."

## Hvar skrái ég mig?

Skráningar fara fram á vefnum okkar **www.promennt.is** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

PROMENNT

Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • www.promennt.is

ÍMARK

ÍSLANDSSTOFA




## FRÉTTASKÝRING: Hvaða áhrif hafa fjárlögin 2012?



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Steingrímur J. Sigfússon segir að í fjárlagafrumvarpinu sé ekki að finna almennar skattahækkanir. Þá sé vörður staðinn um velferðarkerfið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sértækar aðgerðir en ekki almennar

**Ekki er gert ráð fyrir viðamiklum breytingum á skattkerfinu á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi. Krónutöluhækkun á ýmis gjöld, nýr skattur á fjármálafyrirtæki og hækkun veiðileyfagjalds á að skapa nýjar tekjur. Gert er ráð fyrir umtalsverðri neysluaukningu sem skili fé í ríkissjóð.**

### Sértækar tekjuaðgerðir árið 2012

| | |
|---|---|
| Breyting á frádráttarbærni v/viðb.lífeyrisspanaðar | 1,4 |
| Fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki | 4,5 |
| Auðlegðarskattur | 1,5 |
| Kolefnisgjald | 0,8 |
| Veiðigjald | 1,5 |
| Arður | 2,0 |
| Eignasala | 7,0 |
| Alls án séreignarsparnaðarheimildar | 18,7 |
| Heimild til útttektar séreignarsparnaðar | 2,0 |
| Alls með séreignarsparnaðarheimild | 20,7 |

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins gerir ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs nemi 521,5 milljörðum króna á næsta ári. Það er aukning um 8 prósent á milli ára að nafnvirði, eða 4,2 prósent að raunvirði. Heildartekjur hækka sem hlutfall af landsframleiðslu úr 29,4 prósentum í 29,6 prósent. Sú aukning er öll í frumtekjum, sem hækka sem hlutfall af landsframleiðslu úr 28,1 í 28,4 prósent á milli ára.

Forsendur fjárlaganna eru byggðar á tekjuáætlun ársins 2011, þjóðhagsspá fyrir árið 2012 og áformum um nýja tekjuöflun.

Nokkuð var tekist á um þessar forsendur á þingi í gær, en Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, bendir á að þjóðhagsspá Hagstofunnar geri ráð fyrir 3,1 prósenti en spá Seðlabanka Íslands geri ráð fyrir 2,8 prósenta hagvexti. Frumvarpið á síðan að endurskoða í samræmi við nýja þjóðhagsspá, sem kemur fram í október.



**HENNÝ HINZ**

### Ekki almennar breytingar

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur sagt að í frumvarpinu sé ekki að finna almennar skattahækkanir. Tekjuöflunin byggi fyrst og fremst á sértækum aðgerðum.

Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ, segir að frumvarpið boði ekki almennar skattkerfisbreytingar eða miklar breytingar á sköttum gagnvart einstaklingum.

„Stóru breytingarnar eru að það er verið að lækka frádráttarbærni á iðgjöldum í séreignarsjóðum, úr fjórum í tvö prósent. Það mun að sjálfsögðu hafa áhrif á þá sem leggja fjögur prósent til hliðar. Þá er einnig verið að bæta við þrepi í auðlegðarskattinn, en það mun ekki koma við meginþorra fólks.“

Persónuafsláttur verður hækkaður um 5,1 prósent og verður 46.500 krónur eftir breytingu. Henný segir það í takt við kjarasamninga í vor. Þá verða þrepamörk innan tekjuskattskerfisins hækkuð um 3,5 prósent.

Sú breyting, ásamt hærri auðlegðarskatti, á að ná fram því markmiði ríkisstjórnarinnar að skattkerfið verði notað, ásamt félagslegum stuðningi, til að auka jöfnuð í samfélaginu.

Ríkisstjórnin hyggst lækka tryggingargjald og er með því vonast til þess að svigrúm skapist til launahækkana.

Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs hjá Deloitte, segir að nýtt þrep í auðlegðarskatti og minni frádráttarbærni á lífeyrissjóðsgjöldum hljóti að hafa einhver áhrif á þá sem fyrir þeim verði. Ekki sé þó enn skýrt hvernig ríkisstjórnin hyggist útfæra þær tillögur. Hún segir að ekki sé um almennar skattahækkanir að ræða, ekki prósentutöluhækkun á skattþrepum.

### Nýr skattur á banka

Eignasala á að skila ríkissjóði 7 milljörðum króna á árinu 2012. Að henni undanskilinni er stærsti einstaki nýi tekjuliðurinn fjársýsluskattur á fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóði og vátryggingarfélög. Skatturinn nemur 10,5 prósentum og mun skila 4,5 milljörðum króna á næsta ári.

Henný segir að skatturinn sé ígildi virðisaukaskatts og slíkir skattar hafi tilhneigingu til að leita út í verðlag og þjónustugjöld.

Veiðileyfagjaldið verður einnig hækkað og á sú hækkun að skila 1,5 milljörðum króna. Á fiskveiðiárinu 2009 til 2010 greiddi útgerðin 1,4 milljarða í veiðigjald og 2,8 milljarða króna á nýliðnu fiskveiðiári. Eftir hækkun nemur veiðigjaldið því 4,3 milljörðum króna.

### Verðlagsbreytingar

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að ýmis gjöld hækki í takt við verðlagsbreytingar. Áætlað er að hækkun krónutölugjalda leiði til 1,9 milljarða króna tekjuaukningar fyrir ríkissjóð. Þau gjöld sem um ræðir eru: sérstakt vörugjald á bensín, olíugjald, kílómetragjald, bifreiðagjald, sérstakur skattur á raforku, áfengisgjald og tóbaksgjald. Einnig er gert ráð fyrir hækkun á útvarpsgjaldi.

Samkvæmt forsendum fjárlagafrumvarpsins skýrast þessar breytingar á verðlagshækkun, en gert er ráð fyrir að hún nemi 5,1 prósenti á næsta ári.

Þetta hefur nokkuð verið gagnrýnt og fullyrt að um skattahækkanir sé að ræða sem bitni á almenningi. Stjórnvöld hafa á móti bent á að í fjárframlögum til einstakra stofnana sé einnig tekið tillit til vísitölubreytinga.

### Aukin einkaneysla

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 3,2 prósent milli áranna 2011 og 2012 og þjóðarútgjöld um 4 prósent. Gert er ráð fyrir því að nafnaukning einkaneyslu nemi 7,5 prósentum.

Það vegur þyngst í hækkun á vog virðisaukaskattsins milli ára, en hún nemur 7,2 prósentum að nafnvirði.

Gert er ráð fyrir að vörugjöld af ökutækjum skili tæplega fjórum milljörðum krónum meira í tekjur á næsta ári, eða um 2,7 milljörðum króna, en reiknað er með að rúmlega sjö þúsund bílar verði fluttir til landsins. Þá er reiknað með því að sala á bensíni aukist um 2,3 prósent og á olíu um 1,2 prósent.

Kolefnagjald var lagt á í ársbyrjun 2010 en aðeins til hálfs. Viðmiðunin hækkaði í 75 prósent árið 2011 en mun taka gildi að fullu á næsta ári og mun það auka tekjur ríkisins um 0,8 milljarða króna.

Áfengissala hefur dregist verulega saman frá efnahagshruni en talið er að hún nái botni á árinu 2011. Gert er ráð fyrir að hún aukist um 1,5 prósent á næsta ári en tóbakssala dragist saman um 0,9 prósent.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is

**Hótelrekstur**
**í miðbænum**
**til sölu**

50 herbergja gamalgróið hótel á góðum stað í miðbæ Reykjavíkur, sem hefur verið í góðum og vaxandi rekstri.

Um er að ræða kaup á rekstri en ekki fasteign og möguleikar á stækkun.

Skemmtilegt fyrirtæki með mikla framtíðarmöguleika.

Nánari upplýsingar hjá Guðna Halldórssyni í síma 414 1200, gudni@kontakt.is

Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is
globalM&A Iceland

Haukur 10.11



SÍBS

# VINIR VINNA
# VERTU VINUR

**Tryggðu þér vinanúmer núna á sibs.is eða í síma 552 2150**

## DRÖGUM Í DAG

SÍBS-vinir standa að baki endurhæfingar að Reykjalundi
sem byggir upp fólk eins og þig eftir sjúkdóma eða slys

40 milljónir í pottinum í hverjum mánuði.
Aðeins 1100 kr. miðinn
– vertu með, þú veist aldrei nema röðin sé komin að þér

HAPPDRÆTTI SÍBS ... *fyrir lífið sjálft*

H:N markaðssamskipti / SÍA

## Match Bemanning AS is an employment agency in Sarpsborg/Norway.

We rent out people and recruit to permanent jobs.

**Our main branches is:**
construction, industri, warehouse and transport.
We are consultans with long experience in employment service and have therefore a large network in our area around Oslo.

**We are looking for workers in following positions:**

- Carpenters and concrete workers
- Electricians and plumbers
- Tinner
- Truck drivers
- Production
- Buss drivers

We are visiting EURES jobshant in Reykjavik cityhall **14. and 15. oktober 2011.**

If you are interessted to work in Norway, send us immediately a CV on mail: paal.isaksen@matchbemanning.no or vist over stand in Reykjavik.
For questions call: +47-97467902.

We look forward to help you with a new future in Norway.

MATCH BEMANNING AS



# Jón fundaði um IPA-styrk með stjórn Matís

**Matís hefur sótt um 300 milljóna króna IPA-styrk vegna innleiðingar nýrrar matvælalöggjafar ESB. Umsóknin var rædd á fundi Jóns Bjarnasonar með stjórnarmönnum Matís. Enginn fæst hins vegar til að ræða hvað fór fram á fundinum.**

**STJÓRNSÝSLA** Matvælarannsóknir Íslands, Matís, hafa sótt um svokallaðan IPA-styrk vegna innleiðingar síðasta hluta matvælalöggafar Evrópusambandsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er sótt um 300 milljóna styrk.



FRIÐRIK FRIÐRIKSSON

Styrkurinn er ætlaður til tækjakaupa, að sögn Sveins Margeirssonar, forstjóra Matís. „Um er að ræða tæki sem munu gera okkur mögulegt að mæla til dæmis skordýraeitur og varnarefni almennt í matvælum, en einungis er mögulegt að framkvæma hluta lögboðinni mælinga í dag,“ segir Sveinn.

Síðari hluti matvælalöggjafarinnar verður innleiddur 1. nóvember eins og kveðið er á um í lögum sem samþykkt voru á þingi í fyrravor. Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mælti fyrir frumvarpinu.

Matís er opinbert hlutafélag sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Styrkumsóknin var rædd á fundi stjórnarmanna í Matís með Jóni Bjarnasyni fyrir um mánuði, samkvæmt heimildum blaðsins.

Stjórnarmenn í Matís, sem Fréttablaðið ræddi við, vildu ýmist ekki kannast við að fundurinn hefði átt sér stað eða neituðu að tjá sig um hann. Stjórnarformaðurinn Friðrik Friðriksson sagðist ekki svara fyrir málefni Matís og vildi ekki staðfesta að fundurinn hefði farið fram.

Jón Bjarnason hefur ekki heldur viljað tjá sig um málið. Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, staðfestir hins vegar að fundurinn hafi farið fram og segir hann hafa verið að frumkvæði Matís. Hann vill ekki ræða efnisatriði fundarins en segir aðspurður það ekki hafa verið sína upplifun að ráðherrann hafi þar veitt stjórnarmönnunum ákúrur vegna umsóknarinnar.

stigur@frettabladid.is

## Jón kallaði styrki frá ESB fémútur

Jón Bjarnason hefur lýst yfir mikilli andstöðu við styrki til hins opinbera frá Evrópusambandinu. Í ræðu sinni á Búnaðarþingi í vor lét hann þessi orð falla:

„Þegar við bætist að Evrópusambandið heitir hér stórum fjárhæðum til styrkja og verkefna inni í íslensku samfélagi er ljóst að allar hugmyndir manna um lýðræðislegt ferli eru horfnar okkur. Hér stendur smáþjóð í efnahagslegri kreppu frammi fyrir þeim Trójuhesti gulls og fagurgala sem illt getur verið að verjast. Það er því mikilvægt að íslenskir stjórnmálamenn, stéttarfélög, sveitarfélög og allur almenningur standi fast gegn fémútum Evrópusambandsins á þessum viðsjárverðu tímum.“



**ÓSÁTTUR VIÐ IPA-STYRKI** Jón Bjarnason hefur ekki farið leynt með andstöðu sína við styrkveitingar Evrópusambandsins inn í íslenska stjórnsýslu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

160.000.000
+1.490.000.000
1.650.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
1.650 MILLJÓNIR



Fyrsti vinningur stefnir í 160 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1.490 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 5. OKTÓBER 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

# heilir Sturtuklefar

**Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtusett fylgir**

**TILBOÐ!**

Heill, lokaður hornlisti







KANTAÐUR STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90

RÚNNAÐUR STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90

til afgreiðslu af lager

# STURTUhorn

**Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja**







Verslið þar sem úrvalið er mest!

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

RÚNNAÐ STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90

KANTAÐ STÆRÐIR: 80x 80 og 90x90

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is




Tvö virk skothylki fundust fyrir framan Alþingishúsið við þrif eftir mótmæli:

# Skotin féllu úr vasa gæsaskyttu

**LÖGREGLUMÁL** Tvö virk 22 kalíbera skothylki fundust við gamla inngang Alþingishússins í gærmorgun. Í tilkynningu frá lögreglu síðdegis í gær var upplýst að málið ætti sér eðlilegar skýringar.

Í tilkynningu lögreglu segir að gæsaskytta hafi gefið sig fram síðdegis í gær og viðurkennt að skothylkin væru líklega í hans eigu. Hann taldi sig hafa misst nokkur skot á Austurvelli en var ekki viss í sinni sök fyrr en hann heyrði fjallað um málið í fréttum. Maðurinn, sem er vanur veiðimaður, hefur gert grein fyrir ferðum sínum í gær „en ekkert bendir til annars en hann hafi verið á Austurvelli í friðsömum tilgangi," segir í tilkynningu lögreglu, sem tekur skýringu mannsins trúanlega.



**LÁTIÐ Í SÉR HEYRA** Mótmælin á mánudagskvöldið fóru friðsamlega fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, fundaði með þingsflokksformönnum og forsætisnefnd Alþingis vegna málsins um hádegi í gær. Málið var á þeim tímapunkti litið alvarlegum augum.

Ásta sagði í viðtali við Fréttablaðið að óhug hefði sett að mönnum. Það hefði ekki síst skýrst af því að „menn væru eftir sig eftir þingsetningardaginn. Það eru margir eftir sig eftir að það var veist að þeim af mótmælendum". - shá

# Pútín vill stofna Evrasíubandalag

**Stefnir að nýju bandalagi fyrrverandi Sovétlýðvelda sem gæti orðið jafnoki Evrópusambandsins, Bandaríkjanna og Kína. Segist ekki vilja endurreisa Sovétríkin í neinum skilningi. Sum nágrannaríki Rússlands horfa frekar til vesturs.**

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, lagði til í blaðagrein í gær að stofnað yrði nýtt Evrasíusamband, bandalag fyrrverandi Sovétlýðvelda sem gæti keppt við Evrópusambandið, Bandaríkin og Asíuríki á alþjóðavettvangi.

Fátt virðist geta komið í veg fyrir að Pútín verði á ný forseti Rússlands á næsta ári, nú þegar Dmitrí Medvedev hefur lýst því yfir að hann muni ekki bjóða sig fram gegn honum.

Blaðagreinin, sem birt var í dagblaðinu Izvestia í gær, er fyrsta meiriháttar yfirlýsing Pútíns frá því ljóst varð að hann myndi sækjast eftir forsetaembættinu. Óhætt er að gera ráð fyrir að hann muni leggja áherslu á að þessi hugmynd um bandalag Evrasíuríkja verði að veruleika.

Pútín hefur sagt hrun Sovétríkjanna árið 1991 hafa verið mestu heimspólitísku ófarir 20. aldarinnar en neitar því að vilja endurvekja þau.

„Það er ekki verið að tala um að endurreisa Sovétríkin í neinum skilningi," sagði hann. „Það væri einfeldningsháttur að reyna að endurvekja eða líkja eftir einhverju sem tilheyrir fortíðinni, en náin samlögun byggð á nýjum gildum og efnahagslegum og stjórnmálalegum grunni er krafa samtímans."

Rússland hefur nú þegar gengið í viðskiptabandalag með Hvíta-Rússlandi og Kasakstan. Tollmúrar milli þessara þriggja ríkja hafa verið felldir niður og um áramótin taka gildi sameiginlegar markaðsreglur í þeim öllum.



**VLADIMÍR PÚTÍN** Forsætisráðherrann á ríkisstjórnarfundi í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Það er ekki verið að tala um að endurreisa Sovétríkin í neinum skilningi
>
> **VLADÍMIR PÚTIN** FORSÆTISRÁÐHERRA RÚSSLANDS

Pútín segir að Kirgisistan og Tadsjikistan muni brátt ganga til liðs við þetta bandalag.

„Við ætlum ekki að láta þar staðar numið heldur setja fram metnaðarfull áform um nýtt samstarf á æðra plani í Evrasíusambandinu," segir Pútín í grein sinni. „Ásamt öðrum lykilgerendum og svæðabandalögum, eins og Evrópusambandinu, Bandaríkjunum, Kína og Efnahagsbandalagi Asíu- og Kyrrahafsríkja á það að tryggja stöðugleika í alþjóðaþróun."

Rússar hafa lengi lagt mikla áherslu á nánari samvinnu milli fyrrverandi Sovétlýðvelda en fyrri tilraunir í þá veru hafa strandað á hagsmunaárekstrum þeirra. Sum þessara fyrrverandi Sovétlýðvelda tortryggja rússnesk stjórnvöld og hafa því frekar horft til vesturs og leitað eftir samstarfi við Evrópusambandið og jafnvel Atlantshafsbandalagið.

gudsteinn@frettabladid.is

## Nýr Landspítali?

**Opinn fundur á Grand Hótel, fimmtudaginn 6. október kl. 16.30**

**Læknafélag Reykjavíkur efnir til opins fundar um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Skiptar skoðanir eru um fyrirhugaða framkvæmd.**

- Er rétt að ráðast í kostnaðarsamar framkvæmdir í því efnahagsumhverfi sem við búum við?
- Eru Þingholtin rétti staðurinn fyrir nýjan Landspítala?
- Tekur hönnun nýs Landspítala mið af þörfum lækna, hjúkrunarfólks og sjúklinga?

**Frummælendur á fundinum verða:**
- Helgi Már Halldórsson, arkitekt
- Jóhannes Gunnarsson, læknir
- Katrín Ólafsdóttir, hagfræðingur
- Páll Torfi Önundarson, læknir
- Örn Þór Halldórsson, arkitekt

Fundarstjóri verður Guðmundur Þorgeirsson, læknir.

LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

**Fundurinn er öllum opinn!**

Grand Hótel, fimmtudaginn 6. október kl. 16.30



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# HINN EINI SANNI
*sláturmarkaður!*



# SLÁTUR MARKAÐUR
*ferskt daglega!*

í Hagkaup SMÁRALIND

Afgreitt frá kl. 14 - 18*

* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

Smáralind

**ÓDÝRT OG GOTT!**
Keppurinn á ca. 90 kr.

## ÓDÝRT Í HAGKAUP



**Sérvalinn og snyrtur**
**½ lambaskrokkur**
100% nýting engin slög

- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, sagaður í kótilettur
- Frampartur sagaður
- Súpukjöt

**30% afsláttur við kassa**
**1098**kr/kg ~~1568kr/kg~~

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

24 Hagkaup

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

ep

oli.is

**Opnum á morgun**

nýja verslun í
Smáralind

KLUKKAN
11:00

# Opnunar




**MacBook Air 11"**
128GB Flash / 4GB vinnsluminni / 1kg.
**Opnunartilboð: 159.990-**
Listaverð: 229.990.-




**iPad 16GB WiFi hvítur**
Hinn fullkomni ferðafélagi
**Opnunartilboð: 69.990.-**
Listaverð: 84.990.-




**iPod Touch 8GB**
Lófatölva
**Opnunartilboð: 43.990.-**
Listaverð: 59.990.-




**iPod nano 16GB**
Tónlist, hljóðbækur, podvörp, ljósmyndir, FM-útvarp
**Opnunartilboð: 29.990.-**
Listaverð: 43.990.-



**Apple Battery Charger**
Sex AA rafhlöður fylgja
**Opnunartilboð: 3.990.-**
Listaverð: 5.990.-



**iPal - Tivoli Audio**
Ferðaútvarp / hátalari
**Opnunartilboð: 29.990.-**
Listaverð: 39.990.-



**iLuv hátalarar**
Fyrir iPod/iPhone/iPad
**Opnunartilboð:** 20% afsláttur




**Kimmidoll collection**
Töskur/hlífar fyrir iPad/iPhone 4
**Opnunartilboð:** 25% afsláttur




**Macally**
Ýmsir aukahlutir
**Opnunartilboð:** Macally heyrnartól fylgja fyrstu 50 keyptum macally vörum á tilboðsdögum.



**Brenthaven - fartölvutöskur**
Ýmsar gerðir
**Almennt verð: frá: 8.990.-**
**Opnunartilboð:** 40% afsláttur




**Walk On Water**
Glæsilegar töskur
**Verð frá: 6.990.-**
**Opnunartilboð:** WOW veski fylgja fyrstu 30 keyptum macally vörum á tilboðsdögum.




**iSkin**
Hlífar fyrir iPad/iPhone
**Verð frá: 5.490.-**
**Opnunartilboð:** iSkin heyrnartól fylgja öllum iSkin vörum



**Skully - hátalari**
Fyrir iPod/iPhone/iPad
**Almennt verð: 4.990.-**
**Opnunartilboð:** 20% afsláttur



**MIMOBOT USB lyklar**
4GB minnislykill frá MIMOBOT
**Almennt verð: 4.990.-**
**Opnunartilboð:** 20% afsláttur



**Sennheiser HD 418**
Heyrnartól
**Almennt verð: 9.990.-**
**Opnunartilboð:** 25% afsláttur



**Sennheiser RS 120**
Heyrnartól
**Almennt verð: 9.990.-**
**Opnunartilboð:** 20% afsláttur

epli.is
LUKKULEIKUR

Í tilefni opnun nýrrar verslunar í Smáralind verður lukkuleikur í gangi til 13. október n.k.

Skráningareyðublöð liggja í verslun okkar í Smáralind.

Tilboð gilda til og með 8. okt 2011, eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
Tilboð gilda aðeins í verslun **epli.is** í Smáralind.

# tilboð




## MacBook Air 11,6"

1,6GHz Dual-Core Intel Core i5
2GB vinnsluminni
64GB SSD diskur
Thunderbolt tengi (10Gbps)
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth
Þyngd 1,08 kg / Rafhlaða allt að 5 klst.
Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Opnunartilboð:**
**139.990.-**
**Listaverð: 179.990.-**

## iPhone 4 16GB




**Opnunartilboð:**
**89.990.-**
**Listaverð: 119.990.-**




## iMac 21,5"

2,5GHz fjögurra-kjarna Intel Core i5
4GB DDR3 vinnsluminni
500GB harður diskur
AMD Radeon HD 6750M 512MB
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús

**Opnunartilboð:**
**199.990.-**
**Listaverð: 224.990.-**

epli.is

**Smáralind**
Opnunartímar
Virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1300 | www.epli.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Forseti Íslands færist allur í aukana.

## Öryggisventill fer í stjórnarandstöðu

Forsetinn og ríkisstjórnin eru komin í stríð. Hafi það ekki legið ljóst fyrir eftir árásir forsetans á stjórnina fyrir fáeinum vikum er það klárt eftir harðorð andsvör ráðherra á Alþingi í fyrrakvöld.

Þetta er ný staða. Eins og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra vakti athygli á gerir stjórnskipan landsins ekki ráð fyrir að forsetinn hafi aðra stefnu í pólitískum málum en réttkjörin stjórnvöld.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is


Ólafur Ragnar Grímsson hefur í áföngum mjakað sér í þessa stöðu, sem nú má kalla stjórnarandstöðu. Þegar hann tók fyrsta stóra skrefið til breytingar á embættinu sumarið 2004 með því að synja fjölmiðlalögunum staðfestingar sagði hann að í ákvörðun sinni fælist hvorki gagnrýni á Alþingi og ríkisstjórn né efnisleg afstaða til laganna sjálfra. Það væri bara farsælast að þjóðin fengi að kjósa um málið. Þarna setti forsetinn sig í hlutverk hins svokallaða öryggisventils er hann talaði um gjána milli þings og þjóðar.

Rúmum sjö árum síðar dembir Ólafur Ragnar sér yfir ríkisstjórnina í samtali við RÚV og segir að hún hafi beygt sig fyrir ofbeldi Evrópuþjóða í Icesave-málinu og samþykkt samning „sem var svo óheyrilegur að ekki aðeins hrópaði íslenska þjóðin hann af heldur hlupu Bretar og Hollendingar frá honum…“

Þetta virðist ekki sami forsetinn og staðfesti lögin um þennan sama samning, með fyrirvörum Alþingis, í september 2009 með þeim orðum að hann óskaði þess að „kraftar þings og þjóðar verði sameinaðir í því brýna verkefni að endurreisa íslenskt efnahagslíf, styrkja fjárhag heimilanna og stoðir atvinnuveganna“.

Ólafur Ragnar var enn í öryggisventilshlutverkinu fjórum mánuðum síðar, þegar hann synjaði nýjum Icesave-lögum staðfestingar með þeim rökum að þjóðin yrði sjálf að vera sannfærð um að hún réði för. Það var hann líka þegar hann ítrekaði í nóvember í fyrra að það væri „grundvallarregla í stjórnskipun Íslands að forseti tæki ekki afstöðu til samninga eða málefna sem Alþingi ætti eftir að afgreiða“. Sama átti við um rökin sem hann færði fyrir þeirri ákvörðun sinni að synja þriðju Icesave-lögunum staðfestingar.

Margir Íslendingar eru þeirrar skoðunar að forsetinn eigi að vera öryggisventill sem grípur í taumana og knýr fram þjóðaratkvæði ef Alþingi virðist hafa samþykkt löggjöf í andstöðu við vilja almennings. Að minnsta kosti á meðan hvorki almennir kjósendur né minnihluti þingsins hafa möguleika á að gegna því hlutverki. En ætli margir séu sammála því að hann eigi að gegna hlutverki stjórnarandstöðu þegar honum finnst henta? Getur ekki stjórnarandstaðan á Alþingi séð um það sjálf?

Svo má líka spyrja hvers vegna einmitt nú skipti forsetinn um hlutverk og fari í harða stjórnarandstöðu. Svarið liggur raunar í augum uppi. Nú þegar forsetakosningar nálgast enn á ný er gráupplagt að nýta sér óvinsældir núverandi ríkisstjórnar og finna sér nýja vini í hópi andstæðinga hennar.

Þetta litla stríð er sennilega sniðugt fyrir Ólaf Ragnar Grímsson. Hvort það þjónar þeim tilgangi að „kraftar þings og þjóðar verði sameinaðir“ í krefjandi verkefnum er allt önnur saga.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Steingrímur og veiðigjaldið

Ríkisstjórnin hyggst hækka veiðigjald og mun það nema 4,3 milljörðum króna árið 2012. Þetta hefur mætt nokkurri mótstöðu. Andstæðingar hækkunar gerðu vel í að fletta í gömlu tölublaði af Sjómannablaðinu Ægi, nánar tiltekið frá árinu 1997. Þar er haft eftir Steingrími, á fundi um sjávarútvegsmál, að veiðileyfagjald sé óskynsamlegur skattstofn og óréttlátur, nema því aðeins að það rynni til sveitarfélaga á viðkomandi stöðum. Því er ekki að heilsa með núverandi veiðigjald ríkisstjórnar Jóhönnu og Steingríms.



### Lífvarðakirkjuhefðin

Raddir um breytingar á þingsetningu gerast á háværari. Hún fer í dag eftir fornum hefðum, lögreglan stendur heiðursvörð að fyrirmynd danska konungslífvarða og þingmenn sækja messu hjá einu trúfélagi landsins. Nýtt og nútímavætt þing mætti einfaldlega láta af þessum fornu hefðum.

### Hvar var Nostradamus?

Reykjavík var miðpunktur alheimsathyglinnar þegar fundur leiðtoga Bandaríkjanna og Sovétríkjanna var haldinn þar 1986. Reagan og Gorbatsjev sátu í Höfða og skröfuðu um heimsmálin. Minnast á þessa atburðar 11. október næstkomandi og er það vel, enda telja margir að fundurinn hafi markað upphaf endaloka kalda stríðsins. Borgarráð hefur samþykkt að setja 1,2 milljónir króna í málið. Athygli vekur að fjárheimildin til þessa er tekin af liðnum „ófyrirséð“. Vissulega er enginn spámaður í sínu föðurlandi, en einhver hefði þó getað sagt sér með einhverri vissu að árið 2011 kæmi 25 árum á eftir árinu 1986.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hagvöxtur og ávöxtun


Efnahagsmál



Már Wolfgang Mixa

doktorsnemi við Háskólann í Reykjavík


Hagvöxtur er drifinn áfram af tveimur þáttum: Fjölgun einstaklinga í þjóðfélaginu sem skapa verðmæti og aukinni framleiðni, þá oftast vegna tækniframfara. Þessi hagvöxtur hefur haldist afar jafn í Bandaríkjunum undanfarna áratugi. Árleg magnbreyting á milli ára var rúmlega 3% á áttunda, níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Síðustu tíu ár var hún aftur á móti einungis 1,6% þrátt fyrir gífurlega þenslu í útlánum og alla þá tæknibyltingu sem fylgdi komu veraldarvefsins. Tölur fyrir Evrópu eru svipaðar. Miðað við rúmlega 1% árlega fjölgun íbúa þá hefur árleg framleiðni hverrar manneskju í Bandaríkjunum lækkað úr 2% niður í ½%. Tölur á Íslandi eru aðeins hærri síðustu tíu ár en eru óðum að nálgast meðaltal helstu viðskiptaþjóða okkar, sem þýðir að hagvöxtur er óðum að dragast saman.

Aukning þjóðarframleiðslu yfir lengri tíma helst í hendur við raunhæfa ávöxtun verðbréfa, hvort sem um er að ræða hlutabréf eða skuldabréf. Í Bandaríkjunum hefur söguleg nafnávöxtun verðbréfa verið rúmlega 6%, sem endurspeglar aukningu þjóðarframleiðslunnar í dollurum talið. Af þeirri tölu er u.þ.b. helmingur tilkominn vegna verðbólgu; hinn helmingurinn kemur fram í auknni magnaukningu þjóðfélags sem lýst er að ofan. Þessi hluti endurspeglar þá raunávöxtun sem fjárfestar hafa notið í fortíðinni og geta vænst í framtíðinni.

Minni hagvöxtur kemur til með að hafa óhjákvæmileg áhrif varðandi framtíðarværingar. Á Íslandi á slíkt líklegast helst við lögbundna 3,5% ávöxtunarkröfu gerða til lífeyrissjóða (og er lægsta viðmiðunartalan á yfirlitum séreignasparnaðar varðandi framtíðareign), þó svo að hagvöxtur hafi yfir tíu ára tímabil ekki náð slíkum hæðum í 30 ár.

Tvennt er í boði. Hægt er að horfast í augu við þær staðreyndir að í óbreyttu ástandi eru framtíðarvæntingar óraunhæfar. Slíkt kallar á endurmat lífeyrissparnaðar. Hinn kosturinn, sem er síst auðveldari, felur í sér að uppbygging íslensks atvinnulífs komist undan viðjum pólitískra áhrifa. Fjárfestingar þurfa að mynda nauðsynlega raunávöxtun sem til lengri tíma þjónar hagsmunum íslensku þjóðarinnar í heild.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ríkisútvarpið er ekki félag

Ríkisútvarp

Eiður Svanberg Guðnason
fyrrverandi ráðherra og sendiherra

Mikið er gott að leynast skuli lífsmark með stjórn Ríkisútvarpsins ohf. sem nú heitir bara Rúv. Formaður stjórnarinnar, Svanhildur Kaaber, skrifaði grein í Fréttablaðið (28.09.2011) sem meðal annars er svar við gagnrýni á heimasíðu minni og bloggi (www.eidur.is) á því að heiti Ríkisútvarpsins skuli hafa verið gert útlægt úr dagskrá og óæskilegt talið að starfsmenn taki sér það í munn. Það er ekkert til í lögum eða starfsreglum Ríkisútvarpsins sem heitir Rúv. Hinsvegar er auðvitað ekkert að því að nota þessa skammstöfun til þæginda til dæmis í erlendum samskiptum og öðru hverju í dagskrá. En það er engin réttlæting finnanleg fyrir því að hætta algjörlega að tala um fréttastofu Ríkisútvarpsins og tala eingöngu um fréttastofu Rúv og leggja starfsfólki þær lífsreglur að hætta að tala um Ríkisútvarpið.

Nafn stofnunarinnar er óaðskiljanlegur hluti af dagskrá og dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins. Ég hélt að slíkt heyrði samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið ohf. (L. nr. 6 1. febrúar 2007) og gildandi reglum ekki undir stjórn Ríkisútvarpsins heldur útvarpsstjóra. Í lögunum segir berum orðum ( 10. gr. 1. málsgrein): „Útvarpsstjóri er æðsti yfirmaður allrar dagskrárgerðar“. Þetta er alveg afdráttarlaust orðalag. Formaður stjórnar Ríkisútvarpsins segir: „…það er stjórn RÚV sem ræður úrslitum þegar á hólminn er komið en ekki útvarpsstjórinn einn…“ Þetta er rangt og í andstöðu við lögin um Ríkisútvarp þar sem ótvírætt segir að útvarpsstjóri ráði allri dagskránni einn.

Eitt er sérstaklega merkilegt við grein Svanhildar Kaaber. Þegar hún talar um Ríkisútvarpið þá talar hún alltaf um „félagið“. Nú veit ég að formlega er Ríkisútvarpið opinbert hlutafélag. Það gerir Ríkisútvarpið ekki að „félagi“. Hverskonar rugl er þetta eiginlega? Ríkisútvarpið er stofnun. Rúmlega áttatíu ára gömul stofnun. Stofnun sem er hluti af innviðum íslensks samfélags. Nóg er nú Rúv-ruglið, en ekki breyta Ríkisútvarpinu líka í „félag“.

> En það er engin réttlæting finnanleg fyrir því að hætta algjörlega að tala um fréttastofu Ríkisútvarpsins og tala eingöngu um fréttastofu Rúv og leggja starfsfólki þær lífsreglur að hætta að tala um Ríkisútvarpið.

Margt afburðafólk starfar hjá Ríkisútvarpinu. En of mörgum bögubósum hefur þó að undanförnu verið hleypt að hljóðnemunum í Efstaleiti og íslensk tunga hefur þar verið hornreka, en gagnvart henni hefur Ríkisútvarpið ríkar skyldur. Þær felast í: „Að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð“ (töluliður 1. í 3. gr. laganna um Ríkisútvarpið ohf.) Það á ekki að fela bögubósum stjórn þátta sem eru á dagskrá 2-3 klukkustundir á dag fimm daga vikunnar.

Það hefur margt verið vel gert í dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu bæði hljóðvarpi og sjónvarpi. En þar hefur mönnum líka orðið á í messunni ekki síst þegar kemur að uppsetningu dagskrár, uppröðun efnis í sjónvarpinu. Þar viðgengst og hefur viðgengist látlaus dýrkun boltaíþrótta af öllu tagi á kostnað almenns efnis. Allt fýkur burt þegar fótboltinn á í hlut. Ríkisútvarpið hefur verið – vonandi breytist það – á góðri leið með að breytast í íþróttarás og ameríska vídeóleigu með efni úr neðsta gæðaflokka amerísku myndaverksmiðjunnar. Eins og læknasápur á læknasápur ofan bera vott um. Tvöfaldur skammtur sum kvöldin.

Það er fínt að sýna íslenskrar kvikmyndir í Ríkissjónvarpinu. Þær hefðu hinsvegar átt frekar heima í vetrardagskrá en í dagskránni yfir hásumarið. Þá hefur það verið ríkjandi stefna að sýna amerískar unglingamyndir á besta tíma á föstudags- og laugardagskvöldum. Eru unglingar að horfa á sjónvarp þá? Ég held ekki. Ekki margir. Hefur Ríkissjónvarpið kannað hvaða aldurshópar eru að horfa á sjónvarp milli klukkan 20.00 og 23.00 á föstudags- og laugardagskvöldum? Oft er eins og stefnt sé markvisst að því að sýna helst bitastætt efni upp úr klukkan 23.00 og um og eftir miðnætti. Það finnst mér vond dagskrárgerð. Þá er nú reyndar margt eldra fólk (tryggustu vinir stofnunarinnar, ekki félagsins) farið að sofa.

Sígild tónlist, óperuflutningur og sjónvarp frá tónleikum hér á landi og erlendis hefur verið næstum bannefni í Ríkissjónvarpinu um langt skeið. Þar breytir engu prýðilegur þáttur frá tónleikum Jonasar Kaufmann sl. miðvikudag. En takk samt. Það er hægt að hafa poppþætti í hverri viku en klassíkin húkir í horninu. Hversvegna sjáum við svo sjaldan sígildar kvikmyndir? Sígild leikrit? Þar er af nógu að taka. En þetta virðist utan áhugasviðs þeirra sem ráða dagskránni.

Svo er að lokum eins spurning til stjórnar Ríkisútvarpsins ohf.: Ef stjórnin er svona valdamikil hversvegna lætur hún þá viðgangast að Ríkissjónvarpið auglýsi áfengi kvöld eftir kvöld, stundum á tímum, þegar börn eru að horfa? Það breytir engu þótt orðið léttöl birtist í tvær sekúndur með örsmáu letri í skjáhorni. Það vita allir að verið er að auglýsa bjór. Það er lögbrot að auglýsa áfengi. Hversvegna stöðvar stjórn Ríkisútvarpsins ekki þessi auglýsingu lögbrot? Gott væri að fá svar við því. En mikið var annars gott að sjá vott um lífsmark frá stjórn þessarar stofnunar sem á að vera okkar mikilvægasta þjónustu- og menningarstofnun. Guð láti gott á vita.

## AF NETINU

### Forneskjuviðhorf

Kristján Eldjárn og Vigdís Finnbogadóttir tóku ekki afstöðu til pólitískra mála. Þau settu sig aldrei upp á móti ríkisstjórnum.

Þegar Ólafur Ragnar Grímsson tók við var þessi hefð í gildi. Ólafur færði smátt og smátt út mörkin.

En það var svo að hann mátti ekki tjá sig án þess að fá á sig skammir, einatt komu þær fram í leiðurum Morgunblaðsins. Á þeim árum var kalt stríð milli forsetans og forsætisráðherrans.

Ólafur Ragnar talaði um vonda vegi á Vestfjörðum – það var talið að hann hefði farið út fyrir verksvið sitt og hann fékk bágt fyrir.

Hann hefur aldeilis breytt hlutverki forsetans, kannski verður það aldrei samt aftur. Um það kann að verða tekist á í forsetakosningum.

En nú hljóma það eins og forneskjuviðhorf þegar Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri ráðherrar segja að forsetinn þurfi alltaf að vera í algjörum samhljómi við ríkisstjórnina.

Sé dæminu stillt þannig upp er í raun alveg óþarfi að kjósa sérstakan forseta með þátttöku allrar þjóðarinnar – þá getur til dæmis forseti Alþingis alveg eins séð um að vera almennur tækifærisræðumaður og veislustjóri.

http://silfuregils.eyjan

**Egill Helgason**

### Birtum afskriftir

Mikil tortryggni ríkir í samfélaginu um starfsemi fjármálastofnana, afskriftir og niðurfærslur lána. Öll þekkjum við hvernig sögur og orðrómar geta verið magnaðri en raunveruleikinn sjálfur. Því tel ég að birta eigi upplýsingar um hverjir hafa fengið afskriftir.

Þess vegna hyggst ég endurflytja frumvarp mitt um birtingu afskrifta.

blog.eyjan.is

**Eygló Harðardóttir**




FIMMTUDAGUR 06.10.11 » 19:30

Sinfónían á Norrænum músíkdögum

**Uljas Pulkkis:** *Crystallizations*
**Perttu Haapanen:** *Obsession Park*
**Henrik Strindberg:** *Neptuni åkrar*
**Einar Torfi Einarsson:** *Repetition of Repetition*

**Martyn Brabbins** hljómsveitarstjóri
**Janne Rättyä** harmonikkuleikari
**Minna Pensola** fiðluleikari

**Miðaverð** 2.000 – 3.500 kr.

Nú er röðin komin að Íslandi að halda Norræna músíkdaga í Hörpu. Ung, norræn tónskáld eru áberandi á efnisskránni í þetta sinn, m.a. þeir Perttu Haapanen, Uljas Pulkkis og Einar Torfi Einarsson. Hátíðin pantaði nýtt verk hjá Einari Torfa og verður það í fyrsta sinn sem Sinfónían leikur verk hans.

Breski hljómsveitarstjórinn Martyn Brabbins er meðal fremstu hljómsveitarstjóra heims í nútímatónlist og einleikarar eru harmonikkuleikarinn Janne Rättyä og fiðluleikarinn Minna Pensola.

Einstakt tækifæri til að heyra það nýjasta í klassískri tónlist.

Nordic Music Days Iceland

BORGUN GAMMA

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » **Miðasala í anddyri Hörpu** » Sími: 528 5050 » Opið 10–18 virka daga og 12–18 um helgar

# Versta mögulega niðurstaðan

Heilbrigðismál

Gunnar Smári Egilsson

formaður SÁÁ



Það má þola kreppu ef hún kemur í kjölfar góðæris. Það er ekkert að því að skera niður kostnað ef útgjöld hafa rokið upp árin á undan. Það er hins vegar óréttlátt að ætla þeim sjúklingum sem engar hækkanir hafa fengið á framlögum frá síðustu aldamótum að greiða fyrir umframeyðslu annarra. Og það er ekki aðeins óréttlátt; það er heimskulegt.

Framlög til SÁÁ, Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, voru meira og minna óbreytt allt frá aldamótum og fram að kreppu. Samtökin reyndu að halda úti óskertri heilbrigðisþjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga fyrir sömu framlög þrátt fyrir að þjóðinni fjölgaði um 13 prósent, áfengisneyslan ykist um 26 prósent og þarfir sjúklinganna yrðu sífellt dýrari og umfangsmeiri. Öldruðum og lasburða sjúklingum fjölgaði; ungum sjúklingum með þarfir fyrir mikla félagslega aðstoð fjölgaði; sprautufíklum fjölgaði og þeir urðu eldri og umönnun þeirra dýrari.

Þegar kom að kreppunni var þanþol SÁÁ að bresta. Samtökin gátu ekki lengur aukið þjónustu sína gagnvart sjúklingum sem þurftu meiri aðstoð og umönnun. SÁÁ neyddist til að hætta samstarfi við fangelsisyfirvöld um heilbrigðisþjónustu fanga. Þau höfðu ekki bolmagn til að laga þjónustu Vogs að þörfum elstu sjúklinganna. Þetta var staðan þegar niðurskurðurinn vegna umframeyðslu annarra skall á. Síðan þá hafa framlögin til SÁÁ verið skorin niður um rúm 20 prósent. Þessi niðurskurður leggst ofan á minnkandi eigin tekjur samtakanna í kjölfar kreppunnar. Samanlagt hafa tekjur samtakanna því lækkað um 27,5 prósent. Þessi samdráttur sem áfengis- og vímuefnasjúklingum er ætlað að bera er í engu samræmi við samdrátt landsframleiðslu, ríkisútgjalda eða nokkurs annars. Hann er út úr öllu korti.

Það er óskiljanlegt hvers vegna stjórnvöld ganga svona hart gegn einum sjúklingahópi — og óskynsamlegt. Sjúkrarekstur og meðferð SÁÁ hafa verið rekin af aðhaldssemi og ábyrgð. Starfsemin hefur hlotið viðurkenningu víða um heim fyrir fagleg gæði. Utan um hana hefur byggst þekkingarsamfélag sem hefur brugðist við breyttum aðstæðum sjúklinganna, varað við óheillaþróun, bent á úrræði og haft faglega getu til að framkvæma þau.

Það segir nokkuð um eðli góðærisins á Íslandi að slík fyrirbrigði fengu ekki aukin framlög þegar ofvöxtur hljóp í ríkisútgjöldin. Þá voru aðrir verðlaunaðir en þeir sem stóðu sig vel. Þegar kreppan skall á treystu stjórnvöld sér síðan ekki til að verja bestu og hagkvæmustu þjónustuna en skera mest það sem hafði sprottið upp í þenslunni. Stjórnvöld reyndu að sannfæra sig um að mesta réttlætið fælist í að skera alla jafnt; þá sem stóðu sig vel ekki síður en skussana.

Niðurstaðan getur ekki orðið önnur en sú versta mögulega. Við sitjum uppi með vondan ríkisrekstur; vitleysuna úr góðærinu en aðeins minna af henni.

Í kvöld heldur SÁÁ hátíðar- og baráttufund í Háskólabíói. Ég hvet alla til að koma þangað og halda upp á það sem vel er gert og undirbúa sig fyrir baráttuna fyrir því að fá að gera enn betur.

> Þegar kom að kreppunni var þanþol SÁÁ að bresta. Samtökin gátu ekki lengur aukið þjónustu sína gagnvart sjúklingum sem þurftu meiri aðstoð og umönnun.

# Erum við að fíflast með Evrópusambandið?

Evrópumál

Guðni Ágústsson

fyrrverandi alþingismaður og ráðherra



Tryggvi Haraldsson stjórnmálafræðingur og að auki Evrópufræðingur sendir mér tóninn í blaðinu á fimmtudaginn var. Tryggvi beitir alkunnri aðferð í málsvörn sinni að snúa út úr minni grein og minni rökræðu um aðildarumsóknina að Evrópusambandinu. Svo hendir það hann sem verst er í rökræðum að sýna hroka í málflutningi og yfirlæti. Tryggvi er örugglega ekki í Samfylkingunni því hann segir að ESB sé ekkert himnaríki. Ísland er í afar dýru ferli sem kostar milljarða á milljarða ofan og að auki segja þeir sem heitast börðust fyrir þessu að nú horfi ískyggilega og að heiður Íslands sé í hættu. Þar eru þau að mér sýnist samherjar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Þorsteinn Pálsson og Eiríkur Bergmann í ESB-setrinu á Bifröst ásamt fleirum sem efast um að rétt sé að halda málinu til streitu við þessar aðstæður. Eiríkur Bergmann hlýtur að fá spurningar að utan hvort einhver alvara sé í þessu af hálfu okkar Íslendinga eins og málið er að þróast. Hann skammast sín sjálfsagt fyrir tvískinnunginn hjá ríkisstjórninni og óttast örlög málsins, það sé þegar fallið.

**Þorsteinn og Ingibjörg sammála**

Ég hélt að fyrirtæki eða þjóð hellti sér aldrei í svona örlagaríkar viðræður nema að hafa mikið afl að baki sér og að rétt væri staðið að umsóknarferlinu. Nú vitna ég til efasemda Ingibjargar Sólrúnar og Þorsteins Pálssonar, annað þeirra var forsætisráðherra og hitt utanríkisráðherra. Hún segir að ríkisstjórnin geti ekki lokið samningagerðinni vegna ágreinings um markmið. Þorsteinn segir að VG hafi lagt stein í götu efnislegra viðræðna. Þau vita bæði þekkingar sinnar vegna að þjóðir umgangast ESB ekki með fíflaskap eða setja á svið sýndarmennsku samningagerð sem auðveldlega getur snúist upp í andhverfu sína. Dettur ESB-sinnum aldrei í hug að þeir í Brussel ræði um þá aðferð Íslendinga að fara fram á svona viðræður þegar annar flokkurinn í ríkisstjórninni ætlar að fella samninginn og tala gegn honum verði hann að veruleika en hinn sé heill í samningagerðinni. Ég virði bæði Þorstein og Ingibjörgu fyrir að vekja athygli á því að við erum að leika okkur að eldinum. Ekkert fyrirtæki, enginn maður gengur til samninga nema hann ætli að ná niðurstöðu. Hvað ætli okkar málglaði utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, segi við leiðtogana í Brussel berist þetta í tal?

**Jóhanna snýr fram, Steingrímur J. aftur**

Ég var einn þeirra sem í upphafi bar þá virðingu fyrir ESB að ég hélt að sambandið myndi hafna aðildarviðræðum á þeim forsendum að ríkisstjórnin væri þverklofin í málinu. Samfylkingin einlæg í því að vilja inn en vinstri grænir ákveðnir í því fyrirfram að fella samninginn. Alfarið á móti verkefninu, þar fer burðarmaðurinn Steingrímur J. Sigfússon fremstur í flokki og segir það fullum fetum hvar sem er. Ég styð Steingrím í því en undrast undanlátsemi hans að fórna stærsta kosningamáli sínu í þessa vonlausu samningagerð sem allir ópólitískir prófessorar og Evrópufræðingar segja að snúist um aðlögun en ekki samninga eins og blessaðir þingmennirnir héldu 2009. Eitt sinn var prestur í íslenskri sveit sem hafði drukkið full mikið og snaraðist öfugt á bak hesti sínum, lítill strákur stökk til prestsins og sagði „prestur minn þú situr öfugt í hnakknum“. Presturinn svaraði af bragði: „Þegi þú strákur þú veist ekkert um hvort ég er að koma eða fara.“ Jóhanna snýr fram á Gamla-Rauð en Steingrímur J. snýr aftur að stertinum. Hvað segir Tryggvi um þessa aðferð þeirra, er hún vænleg til árangurs? Stjórnarandstöðuflokkarnir telja að umsóknina eigi að frysta allavega um sinn okkar vegna og ESB vegna.

**Erum við að ögra Evrópuþjóðunum?**

Hvernig halda Íslendingar að virðingu okkar verði háttað í Evrópusambandinu þegar aðlögunarsamningurinn liggur fyrir, þá fer Jóhanna, og Samfylkingin, glöð heim og biður þjóðina að segja já og samþykkja. Steingrímur J. og vinstri grænir, hinn aðilinn að samningsgerðinni fer heim og segir þjóðinni að fella samninginn og segja nei. Hvað segja þeir ESB-menn þá og öll þjóðríkin sem að sambandinu standa? Vex vegur okkar sem trúverðugrar þjóðar við svona háttalag eða hvað Tryggvi? Hvað segja Evrópufræðin um það eða siðfræðin? Gerðu svo ekki lítið úr okkur sem viljum stöðva leikinn, hann er dálítið grár og gæti sprungið á enni okkar sem þjóðar. Við sem þegar höfum mótað afstöðu gegn aðild gerum það á sterkum rökum um frelsi Íslands. Við teljum að betra sé að sækja fram utan ESB fyrir okkur sem þjóð í framtíðinni. Ég hefði talið að það hefði verið best fyrir okkur Íslendinga við þessar aðstæður að leggja viðræðurnar til hliðar, fresta þeim. „Skynsemin“ segir mér það, að vísu er það mín skynsemi byggð á rökum og minni þekkingaröflun um afleiðingar þess að hverfa inn í ESB. Mér er sagt að ESB hafi boðið Íslendingum að fresta viðræðum, því getur Össur Skarphéðinsson einn svarað.

FATASKÁPADAGAR



25% afsláttur af fataskápum í október



Háglans svart eða hvítt

Tilboð 106.650,-
Fullt verð 142.200,-



Hvítt/hnota/askur

Tilboð 74.550,-
Fullt verð 99.400,-



Rennihurðir

Tilboð 95.850,-
Fullt verð 127.800,-



Tilboð 39.150,-
Fullt verð 52.200,-



Tilboð 39.150,-
Fullt verð 52.200,-



Remix

Tilboð 49.900,-
Fullt verð 66.900,-

Hirzlan

Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040

www.hirzlan.is



**Franski athafnamaðurinn Vincent Bollore** leigir út litla rafbíla í París. Bílarnir kallast BlueCar og eru ætlaðir til að skjótast á milli staða í borginni. Bílaleigan er tilraunaverkefni, unnið í samstarfi við borgaryfirvöld. Nánar á www.treehugger.com.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457









Baltasar Goði Hafberg, sem er tæpra tveggja ára, á ekki bara pabba í löggunni heldur líka báða afana.



Hlynur Steinn Þorvaldsson, Þorvaldur Sigmarsson og Hlynur Snorrason með Baltasar Goða Hafberg á handleggnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Spurning hvort áhuginn á löggulífi sé í genunum

Við erum allir starfandi lögreglumenn, nema sá litli," segir Hlynur Steinn Þorvaldsson og á þar við föður sinn Þorvald Sigmarsson, tengdaföður sinn Hlyn Snorrason og soninn Baltasar Goða Hafberg. „Við pabbi erum í útkallsdeildinni og óeirðadeildinni á höfuðborgarsvæðinu en tengdapabbi sér um rannsókn allra mála á Vestfjarðakjálkanum."

Allir eru þeir löggæslumenn mikið á ferðinni í sínu starfi, að sögn Hlyns Steins. Tengdafaðir hans ferðast um sitt umdæmi og suður til Reykjavíkur og þeir feðgar þjóta af stað þegar eitthvað alvarlegt hendir á höfuðborgarsvæðinu, ýmist með blikkljósin á eða ekki. Þeir mega reyndar ekki vera saman á bíl, þótt séu þeir að vinna á sama tíma.

Hlynur Steinn byrjaði í löggunni árið 2004, faðir hans 1981, sama ár og sonur hans fæddist, og tengdafaðirinn 1983. „Það er hellings reynsla sem býr í þessari fjölskyldu," segir Hlynur Steinn og bætir við hlæjandi að konan hans hafi verið í lögreglunni í tvö ár en fundið að það væri betra líf annars staðar.

En er verið að þjálfa þann stutta upp í löggustarfið líka? „Ég segi það nú ekki en það er spurning hvort áhuginn sé í genunum. Það er að minnsta kosti ótrúlega mikið um feðga og frændur í löggunni," svarar hann.

Hlynur Steinn segir starfið viðburðaríkt, sem geti verið bæði kostur og galli, en telur þá félaga ekki vera spennufíkla. „Ég held þetta sé frekar einhver hugsjón. Spennufíklar detta mjög fljótlega út," segir hann og er fljótur til svars þegar hann er spurður hvað sé skemmtilegast við vinnuna. „Þegar maður hjálpar einhverjum og starfið skiptir einhverjum sköpum. Það er alltaf ljúft."

*gun@frettabladid.is*









**Mótorhjóla- og snjósleðasamband Íslands** hefur tekið við formennsku í norðurlandaráðinu NMC (Nordic Motosport Council) fyrir næsta ár. Innan þess eru öll sérsambönd Norðurlandanna. Karl Gunnlaugsson, formaður MSÍ, tók við formennsku á fundi ráðsins í Helsinki um helgina.



Birna Hrönn og Eva María eiga saman ferðaskrifstofuna Pink Iceland. Eva segir íslenskum hinsegin pörum eðlilegt að ganga hönd í hönd um göturnar, en pör frá lokaðri þjóðfélögum bresti í grát þegar þau geta gert hið sama hér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hinsegin vetrarnætur

**Nýrri hinsegin vetrarhátíð verður hleypt af stokkunum í Reykjavík í febrúar með tilheyrandi náttúruskoðun og lífsins lystisemdum. Hátíðin er ekki til höfuðs Gay Pride heldur viðbót í flóru hinsegin fólks.**

„Þegar hinsegin gestir koma að utan vilja Íslendingar sjálfkrafa vera með. Ný andlit hafa aðdráttarafl og spennandi fyrir lítið samfélag hinsegin fólks á Íslandi að fá hinsegin ferðamenn til landsins,“ segir Eva María Þórarinsdóttir Lange, sem ásamt unnustu sinni, Birnu Hrönn Björnsdóttur, stendur fyrir vetrarhátíðinni Rainbow Reykjavík dagana 16. til 19. febrúar næstkomandi. Hátíðin er samstarfsverkefni Icelandair, ferðaskrifstofunnar Pink Iceland, Icelandair Hotels, Höfuðborgarstofu og Reykjavík Excursions.

„Hugmyndin að hátíðinni kviknaði hjá þýsku strákapari. Strákarnir urðu strandaglópar í Reykjavík þegar brast á með stórhríð og vonskuveðri í febrúar. Þeim þótti upplifunin svo dásamleg að næsta ómögulegt væri annað en að heimurinn allur vissi af þessum spennandi vetraráfangastað,“ segir Eva María um dauðasta ferðamannatíma ársins, hingað til.

„Febrúar er töfrandi mánuður með norðurljósadansi, sérkennilegri birtu og vetrardýrð, en Íslendingar hafa verið óþarflega feimnir gagnvart eigin veðri og skammdegi. Við skynjum strax að fólk er ánægt með að bjóðast ferð til Íslands á þessum árstíma og viðbrögðin eru strax mikil,“ upplýsir Eva María um viðtökurnar.

Á dagskrá Rainbow Reykjavík eru veislur, norðurljósaferð, hinsegin söguganga, Gullni hringurinn með „Gaysi“ og stórtónleikar í Hörpu þar sem heimsfrægir hinsegin listamenn stíga á stokk.

Eva María, sem einnig er framkvæmdastjóri Gay Pride, segir vetrarhátíðina ekki setta til höfuðs Gay Pride heldur hreina viðbót í flóru hátíðahalds hinsegin fólks.

„Gay Pride er baráttuhátíð hinsegin fólks þar sem stór hluti þjóðarinnar kemur saman yfir hásumarið, en Rainbow Reykjavík er lokaðri og mun minni viðburður sem almenningur hefur ekki aðgang að.“

Á vetrarhátíðinni býðst gestum sérstakur brúðkaupspakki með framlengdri Íslandsdvöl og giftingu frammi fyrir Guði og mönnum.

*thordis@frettabladid.is*


Mjúkir og þægilegir herra skór úr leðri á fínu verði!



Teg: 31300 svartir,
st. 40 - 47.
verð kr. 13.800.

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur

OLANG

Þeir eru komnir



Vinsælu kuldaskórnir með mannbroddunum

BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770

YFIRHAFNARDAGAR!
15% AFSLÁTTUR



BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770

Geymslu- og dekkjahillur




í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Krakkadagar

25-40% afsláttur af allri barnavöru fram á laugardag




Sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið Sími 533 2220 www.lindesign.is

# Raunverulegt jafnrétti!

## Kennarasamband Íslands

Alþjóðadagur kennara 5. október 2011



# Kennarar burðarás menntunar

Árið 1994 var Alþjóðadagur kennara haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn. Við hljótum öll menntun og það er okkar hagur að búa að góðum kennurum sem láta sér annt um okkur og menntun okkar. Í þeim skilningi er þetta dagur sem við getum öll gert að okkar. Þann 5. október gefst kærkomið tækifæri til að vekja athygli á starfi kennara og þrýsta á um alþjóðlegar umbætur í skólamálum. Alþjóðasamband kennara, EI, nýtir sér daginn í þessu skyni og hvetur aðildarsamtök sín til að gera slíkt hið sama. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, Unesco, vekur athygli á 5. október af sömu ástæðu. Kennarar eru burðarás menntunar.

Á Alþjóðadegi kennara ár hvert er lögð sérstök áhersla á einn stóran og mikilvægan málaflokk í þágu menntunar og mannréttinda. Einkennisorð okkar í ár eru: Kennarar berjast fyrir kynjajafnrétti. Þrennt er sérstaklega mikilvægt í þessu samhengi: Jafnrétti karlkennara og kvenkennara, þar með talið launajafnrétti, aðgengi stúlkna að hágæðamenntun og loks hlutverk kennara og skóla í að kveða niður staðalímyndir um stráka og stelpur, konur og karla.

Jafnrétti er í deiglunni á fleiri vígstöðvum í alþjóðlegri kennarasamræðu. Á sjötta heimsþingi kennara í Höfðaborg í Suður-Afríku í sumar samþykkti þingið að leggja mikla áherslu á skólann sem jöfnunartæki í samfélaginu. Allir eiga að geta notið góðrar og fjölbreyttrar menntunar og skólagöngu, burtséð frá kyni, þjóðerni, félagslegri stöðu, aldri, fötlun og svo framvegis. Skólunar þar sem tekið er mið af þörfum okkar fyrir að vinna saman í hópi, skapa, læra, nota huga og hönd, iðka listir, styrkja okkur sem einstaklinga og sem siðaða samfélagsþegna. En nýfrjálshyggjan lifir enn í skólakerfinu víða um lönd þótt henni hafi verið hafnað að margra mati sem hugmyndafræði þegar kreppan skall á. Vegið er að velferðarkerfi og menntakerfi og baráttan fyrir raunverulegu jafnrétti allra til góðrar menntunar hefur harðnað gríðarlega, meira að segja í Norðrinu, þ.e. hinum (fram að þessu) ríku löndum. Stjórnvöld eru í lykilhlutverki í skólamálum í hverju landi og menntun má aldrei mæta afgangi, eins og til dæmis með því að afhenda hana einkaaðilum, skera endalaust niður í skólum og sinna ekki menntun og símenntun kennara. Hvort er mikilvægara að beina fjármunum til skólanna eða verja þeim til eftirlitsaðgerða, langvinnra fundarhalda og skýrslutöku í anda Thatcherismans? Skólinn snýst um heill og hamingju allra barna og ungmenna, ekki bara fárra. Til hamingju með daginn!

*Kristin Elfa Guðnadóttir, útgáfustjóri KÍ*

**Þórður Hjaltested, formaður KÍ**

## KENNARAR SKULU VERA STOLTIR



Ágætu kennarar, til hamingju með daginn. Alþjóðadagur kennara er helgaður jafnrétti. Á aðalfundi Alþjóðasambands kennara, EI, var samþykkt ný stefna samtakanna í skólamálum. Í stefnunni er lögð mikil áhersla á jafnrétti til náms á öllum skólastigum. Samtökin vara sterklega við áhrifum nýfrjálshyggjunnar á skólamál sem birtast í aukinni áherslu stjórnvalda víða um heim á einkaframtak og einkarekstur innan skólakerfisins. Þetta leiðir til aukins ójafnréttis til náms, en slík er reynsla þeirra þjóða sem fetað hafa út á þá braut.

Einnig er varað við að mælistokkar viðskiptalífsins séu yfirfærðir á menntakerfi án þess að innihald og forsendur í menntamálum séu skoðaðar eða hafðar sem leiðarljós. Krafa um hagræðingu á kostnað gæða í skólastarfi er slæmur kostur og bent er á að stöðluð próf segja ekki allan sannleikann um innhald skólastarfs. Í stefnu EI er einnig lögð mikil áhersla á kennarann sem fagmann og sérfræðing í kennslu. Í því samhengi er bent á mikilvægi þess að kennarinn þarf tíma til að undirbúa hverja kennslustundi sem og tíma til þess að vinna úr úrlausnum nemenda. Verum stolt af starfinu okkar kennarar, því við menntum Íslendinga.

## KYNJAJAFNRÉTTI Í NÁMI OG KENNARASTARFI

Í Alþjóðasambandi kennara eru um fjögur hundruð landssamtök kennara í yfir hundrað og sjötíu löndum. Alþjóðadagur kennara er haldinn hátíðlegur þann 5. október ár hvert með ýmsum hætti víða um lönd. Athygli er þá jafnan vakin á stórum og mikilvægum málaflokkum sem tengjast menntun. Í ár er það kynjajafnrétti, bæði í námi og kennarastarfi.

**Áhersla er lögð á þrennt:**
**1.** Jafnrétti karlkennara og kvenkennara, þar með talið launajafnrétti. **2.** Fullt aðgengi stúlkna að hágæðamenntun til jafns við drengi. **3.** Mikilvægi kennara og skóla í að kveða niður kynjastaðalímyndir.

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara

## GERUM KENNARASTARFIÐ AÐ AÐLAÐANDI ÆVISTARFI



Ljóst má vera að menntun er ein af undirstöðum velferðar í öllum samfélögum. Eitt af stóru málunum á þingi Alþjóðasambands kennara í Höfðaborg var samþykkt stefna þeirra í menntamálum. Um er að ræða stórt og mikið plagg sem tekur á menntamálum almennt í átta köflum og 51 grein. Þegar stefnan er lesin kemur í ljós að kennarar um allan heim fást við sams konar mál. Í henni segir meðal annars:

„Mjög áríðandi er að gera kennarastarfið eftirsóknarverðara. Sú kynslóð kennara sem nú er í starfi eldist og allt of margir nýir kennarar hverfa úr starfi innan nokkurra ára. Stjórnvöldum og forstöðumönnum menntastofnana ber skylda til að sjá til þess að bæði þeim sem nú eru að störfum og verðandi kennurum finnist kennarastarfið og starfskjör þess eftirsóknarverð og standist samanburð við kjör sambærilegra starfsstétta.“

Það er áhyggjuefni að sífellt er aukið við störf kennara og æ fleiri kjósa að gera kennslu ekki að ævistarfi. Færri innritast í kennaranám og kennarastéttin eldist. Kennsla virðist ekki vera aðlaðandi ævistarf. Til þess að svo megi verða þarf að búa betur að kennurum, bæði hvað varðar starfsaðstæður og launasetningu. Auka þarf sjálfstæði og sjálfstraust kennara og viðurkenna í verki að kennslu sinna sérfræðingar á því sviði, sérfræðingar sem í framtíðinni hafa menntað sig til þess með fimm ára háskólanámi.

Gerum kennarastarfið að aðlaðandi ævistarfi!

Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands

## STARFSÞRÓUN MIKILVÆG



Starfsþróun kennara og stjórnenda er afar mikilvæg og gegnir lykilhlutverki í framþróun á námi og kennslu. Skólastefna Kennarasambands Íslands og stefna Alþjóðasambands kennara í menntamálum benda á mikilvægi þess að kennarar og stjórnendur eigi kost á að stunda símenntun og starfsþróun jafnhliða starfi. Stjórnvöld þurfi að tryggja kennurum og stjórnendum aðstöðu og tækifæri til að sinna starfsþróun sér að kostnaðarlausu.

Kennarar, stjórnendur og samtök þeirra eiga að hafa tækifæri til að hafa áhrif á þá starfsþróun og símenntun sem boðið er upp á bæði fyrir einstaklinga og hópinn í heild. Í mótun starfsþróunar og símenntunar þarf skólastjórnandi að vera faglegur leiðtogi sem hvetur og leiðir kennarahópinn með umræðum og samvinnu um þá starfsþróun sem unnið er að innan hvers skóla.

Að mínu áliti er starfsþróun kennara og stjórnenda einn mikilvægasti þátturinn við alla framþróun á námi og kennslu. Nýbreytni, þróunarstarf og breytingar á kennsluháttum gerast ekki nema í gegnum faglega starfsþróun kennara og stjórnenda.

**KENNARASAMBAND ÍSLANDS**
Kennarahúsinu | Laufásvegi 81 | 101 Reykjavík
Sími 595 1111 | Fax 595 1112 | Netfang **ki@ki.is** Opnunartími skrifstofu 9:00-16:00

**Fréttabréf Kennarasambands Íslands**
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
**Kristín Elfa Guðnadóttir**

# Ráðherra situr fyrir svörum

*Tveir af grunnþáttunum sex í nýrri menntastefnu eru annars vegar lýðræði og mannréttindi. Hvernig hyggst ráðuneytið fylgja eftir þessum nýjungum í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla?*

Ráðuneytið hefur skilgreint áherslusvið styrkja úr Sprotasjóði sl. tvö ár með hliðsjón af grunnþáttum menntunar. Þróunarstyrkir verða áfram nýttir til að styðja við nýjungar og þróunarstarf í skólum á þessu sviði. Nú eru í vinnslu svo kölluð þemahefti um grunnþættina, sem eiga að nýtast kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum skólanna sem handbækur við innleiðingu nýrra hugmynda og starfshátta. Gerður var samningur við Námsgagnastofnun um að sjá um þetta verkefni. Þá hefur verið gerður samningur við Menntavísindasvið HÍ um þróun kennaramenntunar, grunnmenntunar og símenntunar með hliðsjón af áherslum sem fylgja nýrri menntastefnu.

*Nýverið heyrðust raddir um að breyta skólaskyldu í fræðsluskyldu og um þetta varð nokkur umræða í fjölmiðlum. Hvað finnst þér um þetta (með tilliti til jafnréttis til náms)?*

Afnám skólaskyldu kemur ekki til greina í mínum huga. Það myndi hafa mest áhrif hjá þeim sem síst skyldi og sem ríkasta þörf hafa fyrir utanaðkomandi stuðning við menntun og uppeldi. Tilgangur skólaskyldu er að tryggja af fremsta megni jafnrétti allra barna til skólagöngu, óháð kyni, atgervi, efnahag, uppruna eða búsetu. Skólaskylda er því farvegur til að tryggja hverju einstöku barni réttinn til menntunar í víðu samhengi þess orðs þar sem ólíkar einstaklings- og samfélagslegar aðstæður eiga ekki að hafa áhrif á aðgengi og gæði menntunar.

*Jafnrétti til tónlistarnáms hefur líka verið í deiglunni og gildi listnáms fyrir þroska einstaklinga er staðfest með hverri rannsókninni á fætur annarri. Sterkar vísbendingar eru jafnframt um að tónlistariðkun, listsköpun og þátttaka almennings hafi jákvæð áhrif á þroska samfélaga í heild, auk hagræns ábata. Um leið er þrengt að tónlistarskólum og listsköpun í skólum. Hvað er ráðuneytið að gera í þessu?*



Síðastliðið vor var stigið mikilvægt skref til að tryggja aðgengi að tónlistarmenntun óháð búsetu. Þá var undirritað samkomulag á milli mennta- og menningarmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Gerir samkomulagið ráð fyrir að ríkissjóður veiti 480 m.kr. á ári vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum.

Listgreinar eru ekki bara mikilvægur hluti skólastarfs, þær eru nauðsynlegur hluti almennrar menntunar. Það er því áhyggjuefni að þær séu látnar mæta afgangi nú þegar að þrengir.

Í ráðuneytinu hefur verið unnið með niðurstöður Anne Bamford um list- og menningarfræðslu á Íslandi frá árinu 2009 og hefur það meðal annars skilað sér inn í nýjar aðalnámsskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla sem staðfestar voru fyrr á þessu ári.

Í mennta- og menningarmálaráðuneytinu hefur verið lögð áhersla á þróun listnámsbrauta til stúdentsprófs á grundvelli nýrra laga um framhaldsskóla. Dæmi um slíkt er samstarf Kvennaskólans í Reykjavík og Myndlistaskólans í Reykjavík sem fór af stað í haust.

*Í könnun sem unnin var fyrir Kennarasambandið fyrir nokkrum árum kemur í ljós marktækur munur á heildarlaunum karl- og kvenkennara. Grunnlaun eru hins vegar svipuð. Hvað er verið að gera í þessu?*

Kynbundinn launamunur á hvergi að líðast. Gerð kjarasamninga og framkvæmd þeirra er í höndum fjármálaráðuneytisins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ekki skoðað kynbundinn launamun meðal kennara en hefur lagt áherslu á að um hann sé fjallað á vettvangi samningsaðila. Þá er rétt að benda á að í öllum ráðuneytum er unnið að innleiðingu á kynjaðri hagstjórn.

*Hvað finnst þér skipta mestu máli í jafnréttismenntun?*

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Jafnréttismenntun á að fela í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Sérstaklega þarf að huga að jafnrétti kynjanna.

*Hvenær á að skila til baka því sem búið er að skera niður í skólastarfi og í hvaða skrefum?*

Stjórnvöld hafa við ákvörðun fjárveitinga á fjárlögum leitast við að hlífa menntakerfinu og hefur niðurskurður þar verið hlutfallslega minni en á öðrum sviðum ríkisútgjalda. Á næstu árum verður áfram gætt mikils aðhalds í ríkisfjármálum þó svo að erfiðasti niðurskurðurinn sé afstaðinn. Það er hins ljóst að forgangsröðun ríkisstjórnarinnar er í þágu menntunar og velferðar hér eftir sem hingað til.

# Skólinn leysir ekki samfélagsleg vandamál

Ójöfnuður endurspeglast í auknum mæli í skólastarfi í dag. Að mati Asbjørns Wahl hefur skólinn takmarkaða möguleika til að breyta því.

Asbjørn Wahl, leiðtogi í samtökunum For velferdsstaten, segir ójöfnuð víða hafa aukist síðustu tuttugu ár sem endurspeglist meira í skólastarfi nú en áður. Hann segir skólum og kennurum gjarnan kennt um lakan árangur nemenda en þykir það mikil einföldun. Hann hélt erindi á fundi norrænna kennara í Reykjavík í lok september.

„Skólinn hefur takmarkaða möguleika til að breyta því sem er að gerast í samfélaginu. Það eru efnahagslegir, félagslegir og pólitískir þættir sem endurspeglast í skólastarfinu og aukinn ójöfnuður gerir kennurunum erfiðara fyrir í starfi,“ segir Asbjørn.

Hann segir niðurstöður alþjóðlegra rannsókna gefa til kynna að félagslegur bakgrunnur nemenda hafi mikið með námsárangur að gera og að börn frá fátækum fjölskyldum komi verr út í samanburði við börn efnameira fólks. „Mér sýnist skólinn hafa takmarkaða möguleika til að breyta þessu. Það sem kennarar og skólastarfsmenn geta hins vegar gert er að mynda bandalög með öðrum hópum samfélagsins til að berjast gegn þessum aukna ójöfnuði. Þetta geta verið foreldrar,



**Asbjø rn segir vandamál eins og aukinn ójöfnuð og fátækt ekki leyst innan veggja skólans. Þau þurfi að nálgast á breiðari grunni.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

stéttarfélög, stjórnmálamenn og stofnanir svo dæmi séu nefnd.“

Asbjørn segir þá tilhneigingu ríkja í fjölmiðlunum og víðar að beina spjótum að kennurum þegar illa gengur en að það sé erfitt að kenna þeim um vandamál sem verða til í samfélaginu. „Vandamál eins og ójöfnuður og fátækt verða ekki leyst í skólunum. Þau þarf að nálgast á breiðari grunni.“

# Menntakerfið þarf sífellda endurnýjun

**Jón Torfi Jónasson**, forseti Menntavísindasviðs HÍ, segir jafnrétti til náms flókið og margslungið hugtak. Hann segir snúið að búa til aðstæður þar sem allir geti spjarað sig á sömu forsendum og telur menntakerfið sífellt þurfa að endurnýja sig.

Jafnrétti til náms þýðir svo margt," segir Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, spurður hvort íslensk börn búi við fullkomið jafnrétti til náms, „allt frá því að eiga jafnan aðgang að skóla yfir í það að hafa sama stuðning til menntunar, bæði heima við og í skólanum. Síðast en ekki síst byggir jafnrétti til náms á því að fólk fái að fást við verkefni sem það ræður við. Jafnrétti til náms felur alls ekki í sér að allir fái sömu verkefni. Hugtakið hefur margslungna merkingu. Þeir sem eru lagðir í einelti búa til dæmis ekki við sömu námsaðstæður og þeir sem ekki þurfa að glíma við það. Þess vegna er erfitt að skapa aðstæður þar sem allir standa jafnt að vígi. Í fjölmörgum efnum höfum við náð langt en í mörgu má gera betur."



Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, segir mikilvægt að styrkja menntun kennara. MYND/VALLI

Nám kennara var nýlega lengt úr þremur árum í fimm. Er sú breyting til batnaðar? „Ég tel það vera í anda þess metnaðar sem við viljum leggja í skólastarfið. Ef maður metur bæði mikilvægi skólans og þær kröfur sem gerðar eru til kennara á öllum mögulegum sviðum tel ég mjög mikilvægt að styrkja menntun kennara. Kennaraháskólinn beitti sér fyrir þessari breytingu vegna faglegra og efnislegra raka um að starfið krefðist þess. Eins og þú veist væri hægt að vinna flest störf með litilli eða engri menntun, til dæmis starf blaðamanns, kennara, húsasmiðs eða bankastjóra. Starfið myndi þrátt fyrir það vera unnið. En ég geri ráð fyrir að flestir kysu að þeir sem ynnu þessi störf byggju yfir staðgóðri fagmenntun og verk þeirra bæru þess skýrt vitni. Í þessum skilningi þarf ekki menntunina en það væri fullkomið metnaðarleysi að vilja ekki hafa hana sem besta. Ég nota því rök metnaðar eða gagnsemi þegar meta á mikilvægi starfsmenntunar. Það er fullkomið ábyrgðarleysi að spyrja: hvað er hægt að komast af með minnst?"

Nú hefur umsóknum um kennaranám fækkað, kanntu einhverja skýringu á því? „Þeim hefur verið að fækka á undanförnum árum og sennilegt að launamál spili þar inn í. Við gerðum ráð fyrir fækkun þegar námstíminn var lengdur. Það gerðist þegar kennaranám var flutt á háskólastig. Þá varð í upphafi fækkun en hún varði ekki lengi."

Þú hefur þá ekki áhyggjur af þessari fækkun? „Jú, jú, ég hef áhyggjur af henni. Ég kysi að miklu fleiri sæktu í kennaranám. Það þarf endurnýjun í stéttinni vegna þess að meðalaldur kennara hækkar. Menntakerfið þarf sífellt að endurnýjast og verkefnin þurfa að taka mið af nýjum tíma. Að mínu mati er brýnt að huga bæði að grunn- og símenntun allra starfsstétta, ekki síst kennara. Það er engin stétt eins mikilvæg fyrir framtíðina."

# Veitum nemendum val

**Hafdís Ingvarsdóttir**, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hefur sterkar skoðanir á hvað hugtakið „jafnrétti til náms" felur í sér.

Íhugum margra er jafnrétti til náms það að allir fái að læra, hver sem uppruni þeirra er en ég vil leggja áherslu á innra starf skólans, kennsluaðferðir, námsefni og viðhorf kennara til nemenda," segir Hafdís í byrjun.

Talið berst að könnun Reykjavíkurborgar á lesskilningi og líðan grunnskólabarna. „Læsi er liður í jafnrétti til náms," segir Hafdís. „Lestur þarf að vera hluti íslenskukennslu alveg upp úr og börnin þurfa að hafa meira val um hvað þau lesa. Ef krakkar vilja bara lesa bílablöð á að leyfa þeim það meðan þeir átta sig á að lestur er eftirsóknarverður."



„Mér finnst svo mikið óréttlæti í að allir eigi að nota sömu skóstærðina," segir Hafdís Ingvarsdóttir prófessor í HÍ. MYND/STEFÁN

Hafdís segir dæmin mörg um frábært skólastarf en telur of mikla einhæfni ríkja í kennsluháttum. „Við erum óskaplega föst í lesmáli og hinu skrifaða orði," segir hún. „Ef við hefðum fjölbreyttari viðfangsefni og úrvinnslu þá gætum við aukið jafnrétti til náms. Börn geta hlustað í stað þess að fá allt í gegnum lestur og sýnt skilning sinn í gegnum myndir. Einstaklingurinn hefur alltaf notað mismunandi leiðir til að ná valdi á nýjum viðfangsefnum og það þarf að gera nemendur meðvitaða um þessar ólíku leiðir."

Hafdís segir rannsóknir skorta á tengslum kennsluhátta og brottfalls úr framhalds- og háskólum. Hún telur að oft þurfi að útskýra betur fyrir nemendum hvaða gagn þeir hafi af þeim verkefnum sem fyrir þá eru lögð og gera þá meðábyrga í náminu. Í nýlegri rannsókn á viðhorfum 10. bekkinga til enskukennslu hafi komið í ljós að um 80 prósent nemenda telji ensku skemmtilegt mál og mikilvægt en yfir helmingur segi námsefnið leiðinlegt. „Af hverju gefum við ekki nemendum kost á að hafa meira um það að segja hvað þeir eru að vinna?" spyr hún og telur það hluta af jafnréttisuppeldi og ekkert síður lýðræðisuppeldi. „Ef unga fólkið hefur aldrei verið þroskað í að velja og taka ábyrgð á sínu námi fer það illa undirbúið út í lífið," segir hún. „Þess vegna finnst mér svo mikilvægt að skólinn hafi jafnréttissýn sem endurspeglist í fjölbreyttum kennsluháttum á öllum skólastigum. Það kostar lítið fé en mikla vinnu og fagmennsku, bæði af hendi skólastjórnenda og kennara."



„Orðræðan í samfélaginu virðist litast af því að drengir séu bara snillingar frá náttúrunnar hendi," segir Gyða Margrét Pétursdóttir kynjafræðingur. MYND/STEFÁN

# Snillingar frá náttúrunnar hendi

Slakur árangur drengja í grunnskólum er oft til umræðu. **Gyða Margrét Pétursdóttir** kynjafræðingur álítur að skýringanna sé ekki bara að leita innan skólanna heldur í samfélagsgerðinni.

Undanfarna áratugi hefur mikið verið rætt um það að skólarnir séu orðnir svo kvenlegar stofnanir," segir Gyða Margrét Pétursdóttir kynjafræðingur.

„Í kynjafræðunum hefur þetta verið tengt við það sem kallað er drengjaorðræða sem gengur meðal annars út frá því að vegna fjölda kvenkennara fái drengir ekki þörfum sínum fullnægt í skólakerfinu. Þar séu engar karlkyns fyrirmyndir til að mæta þeirra þörfum. Gagnrýnir fræðingar hafa rannsakað þetta fyrirbæri og komist að þeirri niðurstöðu að það er ekki bara það sem er að gerast inni í skólunum sjálfum sem skiptir máli heldur einnig samfélagsmenningin. Hún ýtir ekki undir nám drengja burtséð frá kyni kennarans. Orðræðan í samfélaginu virðist litast af því að drengir séu bara snillingar frá náttúrunnar hendi, en konur þurfi hins vegar að leggja sig fram til þess að ná þeim árangri sem sé sjálfgefinn hjá körlum. Þetta hefur síðan verið tengt við hrun bankanna og svo framvegis."

Speglast þessi skoðun í frammistöðu drengja í grunnskóla? „Þessir fyrrnefndu fræðingar vilja meina að það geri það. Það sé lögð áhersla á að stúlkur séu samviskusamar og sinni náminu vel, það henti þeirra kynhlutverki á meðan það henti alls ekki því hlutverki sem drengir eru í.

En auðvitað er þetta umdeilt og sú orðræða að gera sem minnst úr árangri stúlkna og einblína á það að drengjum gangi ekki eins vel er mjög ríkjandi og þá er oft einungis verið að skoða einkunnir og námsframmistöðu í stað þess að skoða hvernig drengjum og stúlkum líður í skólanum"

Eru einhverjar lausnir á þessu vandamáli í sjónmáli? „Samkvæmt nýrri aðalnámskrá er jafnrétti komið á dagskrá en það er jafnrétti í víðum skilningi og þá ríður á að jafnrétti kynjanna verði ekki útundan. Til að tryggja það verða kennarar að hafa þekkingu á kynjafræði og geta fléttað fræðslu um kyn við allar samfélagsgreinar."

Er það nauðsynlegt að þínu mati að kenna allar samfélagsgreinar út frá kynjafræði? „Já, það er ein leið til að mæta þessum ólíku skilaboðum sem samfélagið sendir drengjum og stúlkum. Ef kennarar eru næmir á þessa mótun er kannski hægt að bregðast við henni en það gerist ekki nema viðkomandi kennari hafi þekkingu á kynjun samfélagsins. Þessi aðferð held ég að sé mun árangursríkari en að horfa á kyn kennaranna. Það eitt og sér að fá fleiri karlmenn inn í skólana er engin lausn, það er meðvitundin um þessi ólíku kynhlutverk og ólíka mótun samfélagsins sem skiptir máli og henni þarf að miðla til barnanna."




**MARKTÆKUR MUNUR** Könnun, sem unnin var fyrir Kennarasambandið árið 2008, leiðir í ljós marktækan mun á heildarlaunum karl- og kvenkennara.

Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara

## MENNTUN SEM MANNRÉTTINDI OG ALMANNAGÆÐI



Fyrsti kafli skólastefnu Alþjóðasambands kennara snýst um menntun sem mannréttindi og almannagæði – að menntun eigi að vera öllum aðgengileg því hún styrki bæði einstaklingana og samfélagið. Ég tel skorta á það hér á landi vegna gríðarlegs niðurskurðar fjármagns til skólastarfs á síðustu árum. Í könnun á áhrifum kreppunnar á framhaldsskólana, sem 1000 framhaldsskólakennarar tóku þátt í, kemur fram dökk mynd af því hvernig niðurskurðurinn hefur leikið nemendur á því stigi. Þar eru yfirfullir námshópar þannig að erfitt er að sinna hverjum nemanda, þar hefur dregið úr námsframboði og ýmissi grunnþjónustu við nemendur, svo sem stuðningi og ráðgjöf. Þetta bitnar á nemendum sem búa við erfiðar aðstæður og þar komum við inn á menntun sem mannréttindi og almannagæði. Ég vil að stjórnvöld standi vörð um opinbera menntakerfið og geri grein þjóðinni fyrir því hvernig þau ætla að skila fjármagninu í það til baka, í hvaða skrefum og hvenær.

Björg Bjarnadóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands

## KENNARASTARFIÐ ER LYKILSTARF



Getur góður kennari tryggt jafnrétti?

Gæði skólastarfs skipta sköpum fyrir nám barna og ungmenna. Lykillinn að gróskumiklu og fjölbreyttu skólastarfi eru vel menntaðir kennarar sem sinna störfum sínum af fagmennsku og metnaði. Kennarar eru sérfræðingar í öllu er lýtur að skólastarfi og menntun. Þeir mennta, miðla og skipuleggja skapandi námsumhverfi sem þarf að höfða til áhuga nemenda og virkja þá sjálfa í náminu. Góður kennari gætir þess að allir sitji við sama borð og að allir fái notið sín á eigin forsendum, óháð getu og utanaðkomandi aðstæðum.

Hafa öll börn og ungmenni aðgang að vel menntuðum kennurum?

Nei, því miður er það ekki svo. Það vantar töluvert upp á að allir hafi aðgang að kennurum sem hafa tilskylda menntun, sérstaklega á leikskólastiginu. Samkvæmt nýjustu tölum er aðsókn að kennaranámi að dragast saman og bregðast þarf við því með samvinnu hagsmunaaðila, m.a. skólayfirvalda, háskólanna og kennarasamtakanna. Það þarf að gera átak í því að fjölga kennurum til að tryggja að allir nemendur í öllum greinum og á öllum skólastigum njóti vel menntaðra kennara – í því felst m.a. jafnrétti til náms.

Björk Óttarsdóttir, varaformaður Félags stjórnenda leikskóla

## FRAMTÍÐIN BÝR Í KENNURUM



Í 29. grein stefnu Alþjóðasambands kennara í menntamálum segir meðal annars „Stjórnvöldum og forstöðumönnum menntastofnana ber skylda til að sjá til þess að kennurum finnist kennarastarfið og starfskjör þess eftirsóknarverð og standist samanburð við kjör sambærilegra starfsstétta.“

Skólastjórnendur hafa þann metnað að manna skólana vel menntuðum kennurum, okkur ber að fagna þeirri framþróun að menntun kennara er nú á meistarastigi. En það er áhyggjuefni að launakjör kennara og stjórnenda standist ekki samanburð við launakjör sambærilegra stétta.

Aðsóknin í kennaranám hefur minnkað á undanförnum árum og þá sérstaklega í leikskólakennaranámið. Það er áhyggjuefni fyrir framtíðina ef ekki útskrifast nógu margir kennarar til að fylla skarðið þegar stórir hópar fara á eftirlaun á næstu 20 árum.

Ef við viljum gera vel og hafa vel menntaða framtíð þá skiptir menntun og starfskjör kennara verulegu máli og það er mjög mikilvægt fyrir framtíð okkar að yngstu börnin á mesta mótunarskeiði njóti þess að hafa vel menntaða leikskólakennara.

Ábyrgð rekstraraðila er mikil og þá ekki síst ábyrgð sveitarstjórna landsins. Sem vinnuveitendum leik- og grunnskólakennara ber þeim að efla skólastarf sitt með því að sjá til þess að starfskjör kennara séu góð.

Haraldur Freyr Gíslason, formaður Félags leikskólakennara

## FJÖLBREYTILEIKINN BÝR Í KENNARANUM SJÁLFUM



Hvar býr fjölbreytileikinn?

Í leikskólum landsins býr mikill kraftur. Kraftur sem kemur frá börnunum og smitast yfir til kennarana. Þú þarft að vera ansi langt frá barninu í sjálfum þér til að hrífast ekki með og verða fyrir áhrifum. Áhrifum sem gera þig gagnrýnan og reiðubúinn að prófa nýja hluti til að ná til hvers og eins.

Leikur er lokkandi. Kennari sem þykir ekki leikur lengur lokkandi á að breyta um starfsvettvang. Það er fátt eins sorglegt og kennari sem er hættur að geta leikið sér. Kennari sem getur ekki leikið sér á erfitt með að vera vinur nemenda sinna og öðlast þeirra traust. Án trausts nemenda þinna nærðu litlum árangri. Fjölbreytileikinn býr ekki í rekstrarforminu, rekstraraðilanum, ólíkum stefnum og straumum. Hann býr í kennaranum sjálfum.

# Menntastefna Alþjóðasambands kennara

Stefnuyfirlýsing Alþjóðasambands kennara í heild sinni er á **www.ki.is** Lesendur eru hvattir til að kynna sér stefnuna, hún er mjög merkileg og gagnleg með hliðsjón af jafnrétti og þróun menntamála. Hér er einungis birtur stuttur útdráttur.



1. Góð menntun nærir gáfur og sköpunarmátt manna.
2. Lýðræðislega kjörnar stjórnir eiga að fara með forræði í menntakerfinu og bera meginábyrgð á því.
3. Vegna mikilvægis menntunar fyrir þjóðfélagið ber stjórnvöldum að verja menntakerfið gegn nýfrjálshyggjukenningum sem leiða til einka- og markaðsvæðingar menntunar.
4. Verslunar- og fjárfestingarsamningar á borð við GATS og fjölgun tvíhliða og svæðisbundinna samninga hafa greitt götu einkavæðingar í menntun.
5. Sterka alþjóðlega samstöðu þarf til að styrkja ríki sem hafa ekki bolmagn til að veita öllum góða menntun.
6. Ábyrgð stjórnvalda á menntun nær til samþykktar, fullnustu og eftirlits með alþjóðlegum sáttmálum og reglugerðum er snúa að menntun.
7. Þessi ábyrgð þýðir einnig að virða beri starfsréttindi eins og kveðið er á um í samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO).
8. Í samræmi við ofangreindar alþjóðlegar skuldbindingar verða stjórnvöld að styðja við sjálfræði stofnana á æðri skólastigum.
9. Allir þegnar sérhvers ríkis eiga rétt á góðri menntun.
10. Mikilvægi góðrar kennslu fyrir góða menntun verður seint ofmetið. Stjórnvöldum ber að sjá kennurum fyrir símenntun og starfsþróun þeim að kostnaðarlausu.
11. Kennslan og námsumhverfið þurfa að stuðla að árangri kennara og annars starfsfólks.
12. Góð menntun verður að byggja á trúverðugum menntarannsóknum.
13. EI telur að kennarar eigi að sýna mikla fagmennsku og bera samfélagslega ábyrgð.
14. Yfirvöld eiga að sjá til þess að menntastofnanir bjóði upp á fjölbreytta námskrá.
15. Mats- og prófakerfi sem mikið veltur á og refsikennt skólaeftirlit leiða skóla til að einblína á það sem er prófað og fylgst með og dregur úr getu þeirra til að brydda upp á nýjungum.
16. EI telur að útbreidd misnotkun á hugmyndum um gæði til að afsaka staðlaðar prófgerðir sé skaðleg menntakerfinu í heild.
17. EI gagnrýnir að stöðluð próf, listaröðun og goggun séu í síauknum mæli notuð til stefnumörkunar.
18. Faglegir leiðtogar eiga drjúgan þátt í að efla sjálfstæði kennara og þróun þeirra í starfi.
19. Háskólasamfélagið gegnir lykilhlutverki fyrir allt menntakerfið.
20. Það er skylda stjórnvalda að tryggja öllum íbúum aðgang að góðri menntun við hæfi hvers og eins.
21. Menntun fyrir alla þýðir að öllum nemendum sé kennt saman en sérúrræði getur þurft fyrir suma nemendur svo að þeir fái notið sín sem best.
22. Menntun fyrir alla er jafn mikilvæg fátækum þjóðum og þeim sem betur mega sín.
23. Erfiðleikar við að koma á menntun fyrir alla varpa ljósi á vandamál fátækra landa við að standa að skólum án aðgreiningar.
24. Frá fyrstu stigum ber að takast á við kynbundna mismunun og eyða henni.
25. Menntun og þjálfun kennara áður en og eftir að þeir hefja störf er snar þáttur í að gera þeim kleift að aðstoða nemendur með ólíkan bakgrunn, mismunandi getu og viðhorf.
26. Þörf er á nægum fjölda af menntuðu aðstoðarfólki til að nám nemenda með sérþarfir beri árangur.
27. Til að stuðla að skólaumhverfi án aðgreiningar þarf samþætting að ná til stjórnenda skólastofnana þannig að kennarar, foreldrar og nemendur hafi meira um mál að segja.
28. Allir sem uppfylla inntökuskilyrði eiga að hafa aðgang að háskólanámi.
29. Kennsla skiptir sköpum fyrir þroska og allt nám barna og ungmenna.
30. Mjög áríðandi er að gera kennarastarfið eftirsóknarverðara.
31. Huga verður sérstaklega að stöðu ungra kennara.
32. Aðstoðarfólk á að hafa sömu réttindi og starfsskilyrði og aðrir starfsmenn skóla með sambærilega menntun og reynslu.
33. Aðgangur að kennarastétt verður að vera án aðgreiningar.
34. Nýútskrifaðir kennarar þurfa að fá skipulagða handleiðslu inn í starfið. Allir kennarar hafi aðgang að faglegri símenntun sér að kostnaðarlausu.
35. Siðareglur og gildi kennarastarfsins hjálpa kennurum að taka faglegar ákvarðanir.
36. Í skólaumhverfi án aðgreiningar leiðir af sjálfu sér að allir þurfa að vinna saman.
37. Skipulögð, sjálfstæð, lýðræðisleg samtök, sem hafa umboð kennara, hafa veruleg áhrif á mótun menntastefnu á landsvísu, heima í héraði og á alþjóðavettvangi.
38. Stéttarfélög kennara verða að mega grípa til hefðbundinna vopna launamanna.
39. Samskipti við önnur félagasamtök í baráttu fyrir bættri menntun um allan heim eru til góðs.
40. Alþjóðleg samskipti og sambönd gegna mikilvægu hlutverki í þróun menntunar í heiminum.
41. EI er málsvari alþjóðlegra verkalýðssamtaka og hugsjónir þess dofna ekki þótt á móti blási eða hvessi.
42. EI leggur áherslu á að sérstaklega þurfi að huga að þörfum Afríku.
43. Menntun er lykill að því að sameina þjóðir.
44. Bandalagið hafnar þeirri skoðun alþjóðlegra efnahags- og viðskiptastofnana að menntun sé eins og hver önnur söluvara.
45. Kennarar, háskólafólk, fræðimenn á háskólastigi og annað starfsfólk menntastofnana gegna æ ríkara hlutverki við að innleiða IT í kennslu.
46. Ný tækni á ekki að koma í stað venjulegrar kennslu heldur sem viðbót.
47. Nýir miðlunarmöguleikar auðvelda boðleiðir milli ólíkra menningarsvæða.
48. Samtök kennara fagna fjölmiðlun sem áhrifaríkri leið til samskipta enda hefur hún verið notuð til að koma á lýðræði þar sem áður ríkti einræði og spilling.
49. Samfélög hvarvetna í heiminum verða æ flóknari og menntun má ekki stöðvast við lok skólaskyldu.
50. Kennarar og aðrir starfsmenn menntastofnana þarfnast stöðugt aukinnar fagmenntunar.
51. Menntakerfi þurfa að vera vakandi fyrir getu sinni til að hafa áhrif á heilsufar nemenda.
52. Menntakerfi verða að opna augu nemenda fyrir aðsteðjandi vandamálum í heiminum og aðstoða þá við að kljást við þau. Þetta er sérstaklega mikilvægt hvað varðar framtíð jarðar og sjálfbærni.

*Þýðing: Jón Ingi Hannesson (stuttur útdráttur úr þýðingu JIH á menntastefnu EI).*



Sterkt ytra form og samspil þess við dýnamískt innra rými sýningarsalarins, sem og vel hugsuð tengsl við umhverfið, er talið einkenna bygginguna.

# Hanna hús fyrir Ford

**Íslensk-danska arkitektastofan KRADS hannar nýja sýningar- og þjónustubyggingu fyrir Ford í Danmörku. Setur nýjan staðal fyrir arkitektúr bílasöluhúsa, segir meðal annars í umsögn dómnefndar.**

Arkitektastofan KRADS á heiðurinn að hönnun nýrrar sýningar- og þjónustubyggingar fyrir bílaframleiðandann Ford í Danmörku sem á að taka í notkun 2013. Byggingin verður 4.400 fermetrar og mun meðal annars innihalda 2.000 fermetra sýningarsvæði, verkstæði og söluskrifstofur.

„Við erum auðvitað í skýjunum yfir því að okkar tillaga skyldi hafa verið valin til framkvæmda í útboði á vegum borgarstjórnar Herning á Jótlandi. Sérstaklega í ljósi þess að Ford var með lægsta tilboðið í lóðina sem sýnir kannski fram á hversu skotheld hugmyndin er,“ segir Kristján Örn Kjartansson, einn þriggja eigenda að stofunni.



Kristján Örn Kjartansson hjá KRADS.

Í umsögn borgarstjórnar segir: „…tillagan sýnir hvernig hægt er með sterkri sýn að útfæra byggingu sem á sannfærandi hátt uppfyllir kröfur um notagildi, er … spennandi og nýskapandi um leið og hún myndar sterk tengsl við umhverfi sitt. Byggingin getur orðið lyftistöng fyrir svæðið í heild sinni og setur nýjan staðal fyrir framkvæmdir á svæðinu og ekki síst fyrir arkitektúr bílasöluhúsa.“



„Sýningarsvæðið er hugsað sem einn rampi eða spírall sem leiðir gesti um landslag útstilltra bíla,“ segir Kristján.

Inntur út í lofsamlegu ummælin segir Kristján KRADS-liða einfaldlega hafa gert sitt besta til að uppfylla sett skilyrði. „Annars vegar borgarstjórnarinnar um fallega byggingu sem blasir við þegar komið er inn í Herning. Hins vegar kröfu Ford um bygginu sem sérstök upplifun fylgir að koma inn í,“ segir Kristján og lýsir hugmyndinni.

„Sýningarsvæðið er hugsað sem einn samfelldur rampi eða spírall sem leiðir gesti um landslag útstilltra bíla, allt frá grasi vöxnu frístundasvæði utan byggingarinnar, í gegnum tíu metra hátt sýningarrýmið og upp á þak,“ útskýrir hann og sem pælinguna svipa til Guggenheim-safnsins í New York. „Nema þarna liggja sýningarsalirnir ekki út frá ganginum heldur er rampinn einn stór sýningarsalur.“ Kristján telur erfitt að gera sér í hugarlund hvað þýðingu samstarf við Ford muni hafa.

„Vonandi ætlar framleiðandinn sér bara fleiri hluti í Danmörku og aldrei að vita hvað það gefur af sér ef þetta verkefni heppnast vel,“ segir hann. *roald@frettabladid.is*

# Plasti breytt í metanól

**Nýtt samstarfsverkefni SORPU, NMÍ og Carbon Recycling International hefur það markmið að þróa aðferð til að endurvinna úrgang, svo sem plast og litað timbur, sem fljótandi bílaeldsneyti.**

Carbon Recycling International (CRI) hefur í samstarfi við SORPU og NMÍ útbúið aðstöðu til að rannsaka og þróa nýja tækni til að umbreyta fljótandi og föstum úrgangi í fljótandi eldsneyti. Verkefnið hlaut nýlega einn stærsta styrk Tækniþróunarsjóðs Rannís.

Gangi allt að óskum er vonast til að hægt verði að endurvinna stóran hluta af úrgangi og öðrum vannýttum hráefnum sem nú eru urðuð hér á landi og búa til úr því fljótandi eldsneyti, að sögn Bjarna Gnýs Hjarðar, yfirverkfræðings hjá Sorpu. „Með þessari tækni verður því unnt að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda og framleiða meira af vistvænu eldsneyti úr tiltæku innlendu hráefni sem ella fer til spillis. Hráefnið til eldsneytisframleiðslu með þessari nýju aðferð getur verið kolefnisríkur úrgangur af ýmsum toga. Þar má nefna plastílát, ónýt veiðarfæri eða úrgangstimbur. Við gösun þessara kolefnisríku efna við meira en 800 gráðu hita verður til svonefnd hrágasblanda af kolsýringi, koltvísýringi og vetni sem breyta má með efnahvata í fljótandi metanól. Metanólinu er síðan blandað við bensín og brennt í venjulegum bílvélum.“



Á myndinni sjást Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU, með plasthráefni og verkefnisstjórinn Ómar Freyr Sigurbjörnsson, deildarstjóri rannsóknar- og þróunardeildar CRI, sem heldur á metanóli í tilraunaglasi fyrir framan gösunarstöðina.

CRI hefur þegar lokið við smíði verksmiðju til að vinna endurnýjanlegt metanól úr koltvísýringi og grænni orku úr jarðhita, við hlið orkuversins í Svartsengi. Með nýju rannsóknaraðstöðunni, sem er í tilraunaverksmiðju CRI við Höfðabakka í Reykjavík, er ætlunin að afla gagna til að kanna fýsileika á uppsetningu gösunarstöðvar í Svartsengi sem kæmi sem viðbót við metanólverksmiðjuna. Hún mun jafnframt nýta afgangs súrefni sem til fellur í verulegum mæli við rafgreiningu vatns í vetni og súrefni, að sögn Bjarna Gnýs. *- fsb*

Bólusetningar geta verið nauðsynlegar þá ferðast er á suðlægar slóðir. Bólusetningar og upplýsingar um þær má fá á Miðstöð sóttvarna hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, heilsugæslustöðvum og öðrum sem fengið hafa til þess leyfi sóttvarnalæknis, svo sem Ferðavernd ehf. í Læknasetrinu í Mjódd.

www.landlaeknir.is









## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Óska eftir 40ft gámum til kaups. Uppl. s. 896 6551

## Til sölu

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu þvottavélar, þurrkara, ísskápa. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 847 5545.







**City Runner**



**Heimilisþjófavörn**
Þjófavörn fyrir heimahús, hringir í 3 símanúmer.3 skynjarar. Örfá stk eftir. Tilboð núna meðan birgðir endast. 14.900 krónur. Áður 25.900. Qpsinport S: 567 1040 Laugarvegur 168.

**Qpsinport**
**Laugarvegur 168, 105 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Opið frá 14 til 17 mánudaga til föstudaga.**




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www. tantra-temple.com

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



**Schnauzerhvolpar til sölu**
Hjá stigahæsta ræktanda schnauzerdeildar HRFÍ eru til sölu 2, vel ættaðir, karlkyns hvolpar, annar svart og silfur til afhendingar strax, hinn pipar og salt til afhendingar 20. Október. Upplýsingar gefur Margrét í síma 8652320

## Tilkynningar

# SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR
### Lýsing á skipulagsverkefninu.

Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Eyjafjarðar vinnur nú að gerð nýs svæðisskipulags fyrir Eyjafjarðarsvæðið sem nær til eftirtalinna sveitarfélaga:

**Grýtubakkahrepps**
**Svalbarðsstrandarhrepps**
**Eyjafjarðarsveitar**
**Akureyrarkaupstaðar**
**Hörgársveitar**
**Dalvíkurbyggðar**
**Fjallabyggðar**

Í samræmi við 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal svæðisskipulagsnefnd sem vinnur að gerð nýs svæðisskipulags ***„taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hefur við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig kynningu verði háttað gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum“.*** Lýsing þessi ásamt fylgiriti (Helstu forsendur) liggur nú fyrir og geta þeir sem áhuga hafa kynnt sér hana á heimasíðu viðkomandi sveitarfélags samanber upptalninguna hér að framan. Einnig verða umrædd gögn fyrirliggjandi í prentuðu formi á skrifstofum þeirra. Þeir sem vilja gera athugasemdir við fyrirliggjandi gögn eða koma ábendingum um efni þeirra á framfæri við samvinnunefndina geta hverar sem er skilað þeim á skrifstofu síns heimasveitarfélags. Þegar endanleg svæðisskipulagstillaga liggur fyrir mun hún kynnt almenningi með formlegum hætti á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt og auglýst með áberandi hætti í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Akureyri 5. okt. 2011.
**Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Eyjafjarðar.**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabyggingа.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

65fm. íbúð í Mosfellsbæ, laus strax, gott útsýni. leiga 120 þús m. öllu S:6927279

Herbergi til leigu á sv. 101, 7 mín í háskólann, vaskur í herbergi, sturta sameiginleg. Uppl. í s. 551 2450 & 899 8208.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Stutt í Iðnskólann og bónus S. 892 5309.

Gullfalleg 80fm íbúð í Grafarholti til leigu. Fjölskylduvæn, 2 svefnherbergi og með þvottaaðstöðu í íbúð, sér geymsla líka. Verð 150þús á mánuði Uppl. í síma 6168643 / 8668179

## Húsnæði óskast

Óska eftir 15 til 25 fm herb. Með sturtu, húsg. þurfa ekki að fylgja. Helst. m. tengi f. heimas. Langtíma leiga. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. 772 5290.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
**Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.**
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.copenhagenapartments.dk eða apartments.cph@gmail.com
stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

## Geymsluhúsnæði

**Geymi tjaldvagna, fellihýsi ofl.**
**Ímynd gæða. Fjögurra stjörnu. 13 ára reynsla.**
**Í símaskrá ja.is undir; geymsla asgeirs eirikssonar ehf.**
**Upplýsingar 897 1731 klettar@heimsnet.is**

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Húsvagnageymslan Þorlákshöfn.**
Eigum nokkur laus pláss í vetur. Uppl. s. 866 6610.

**Vetrargeymsla fyrir ferðavagna!**
Bílar, húsbílar, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar og fl. Upphitað húsnæði, Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

Tökum að okkur geymslu á felli-hjól-pallhýsum-tjaldvögnum (Garður) suðurnes gsm: 8671282

## ATVINNA

## Atvinna í boði

aktu taktu

Afgreiðsla hlutastarf dagvinna Aktu Taktu Ásgarður. Nánari upplýsingar á: http://umsokn.foodco.is

Fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu leitar af öflugum söluráðgjöfum til starfa sem fyrst. Mikið af verkefnum framundan. Uppl. í síma 618 5700 Þorgils

Óskum eftir röskum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöð hjá Bílkó. Frekari uppl. gefur Guðni í S. 618 0560.

**Viðgerðarmaður**
Rútufyrirtæki óskar eftir manni vönum viðgerðum. Uppl. í s. 892 3102.

Móttökuritari óskast í 60% starf í litlu þjónustufyrirtæki á stór-Reykjavíkursvæðinu. Tölvukunnátta og sjálfstæð vinnubrögð skilyrði. Umsóknir og ferilskrá sendist á elisabetra@simnet.is

Óska e. að kaupa góðan dráttarbíl með palli. Uppl.í s:8660471

Hressandi bílasala á besta stað í Reykjavík óskar eftir efnilegum sölumanni/konu í fullt starf sem fyrst! Ef þú ert reyklaus, drífandi og heiðarleg/ur þá viljum við heyra frá þér. Ferilskrá og annar fróðleikur sendist á starf1234@gmail.com fyrir 7.okt nk. Fyllsta trúnaði er heitið. Ps. Konur/ stelpur, við viljum líka heyra frá ykkur!!!

## Atvinna óskast

Karlmaður óskar eftir atvinnu. Upplýsingar í síma 848 9096 kl. 16-19

## Viðskiptatækifæri

**Ertu 40 ára eða eldri ?**
Leitum eftir jákvæðu samstarfsfólki við markaðssetningu á hinni eilífu æsku. LifeWave hefur slegið í gegn á heimsvísu. www.lw-global.com/is eða 564 5959.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

61 árs gömul kona reglusöm. Óskar eftir að kynnast trautum vin á svipuðum aldri. Sem hefur gaman af að fara út að dansa, leikhús og fl. S. 445 1281 eftir kl. 14

Konur í ævintýraleit. Það er mikið um nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra á Rauða Torginu Stefnumót. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar hlusta á augl. kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

**Gefðu vatn**
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**Kópavogsbær**
Skipulags- og byggingardeild

# Auglýsing um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi

**Kársneshöfn. Athafnasvæði. Vesturvör 32-38. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkt bæjarráð Kópavogs þann 25. ágúst 2011 tillögu að breyttu deiliskipulagi á athafnasvæði Kársneshafnar nánar tiltekið við Vesturvör 32-38. Tillagan var kynnt frá 30. maí með athugasemdafrest til 18. júlí 2011. Athugasemdir og ábendingar bárust. Þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir og ábendingar hefur verið send umsögn skipulagsnefndar. Málsmeðferð var samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar með kæru sbr. 5. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 5. október 2011.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun er hægt að nálgast á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:00 til 15:00.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EURO SHOPPER

## ÓDÝRASTI VALKOSTURINN Í BÓNUS

**198** KR. 750ML
**WC HREINSIR** 750 ML

**259** KR. 750ML
**RÚÐU-ÚÐI** 1 LTR.

**259** KR. 1 LTR
**HREINGERNINGAR-LÖGUR** 1 LTR.

**159** KR. 1 LTR
**KLÓR** 1 LTR.

**259** KR. 1 LTR
**UPPÞVOTTA-LÖGUR** 1 LTR.

**298** KR. STK.
**WC BURSTI**

**98** KR. STK.
**UPPÞVOTTA BURSTI**

**198** KR. 1 KG.
**GRAUTAR-HRÍSGRJÓN** 1 KG

**198** KR. 1 KG.
**BRÚN-HRÍSGRJÓN** 1 KG

**298** KR. 1/2 KG.
**KAFFI** 1/2 KG

**359** KR. 36 STK
**KAFFI-PÚÐAR 36 STK.** 10 kr. bollinn

**95** KR. DS
**ORKU DRYKKUR** 250 ML

**359** KR. 2 KG.
2 KG. **ÞVOTTAEFNI / 22 ÞVOTTAR**
fyrir litaðan þvott eða hvítan -16 kr.þvotturinn

**95** KR. 1 KG.
**HVÍTT HVEITI** 1 KG.

**295** KR. 750G
**KORNFLEKS** 750 grömm

**98** KR. 500G
**HAFRAGRJÓN** 500 grömm

**239** KR. 1/2 KG
**RÚSÍNUR** 1/2 KG.

**198** KR. 8 STK
**MÚSLÍ-BAR** 23 grömm X 8 stk.

**129** KR. 185G
**TÚNFISKUR VATN/OLÍA** 185 grömm

**198** KR. 500G
**SÚR-SÆT SÓSA** 500 ML

# BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# tímamót

timamot@frettabladid.is



60 **ROBERT FREDERICK ZENON** „Bob“ Geldof, söngvari og aðgerðasinni, er 60 ára í dag

*„Stjórnmálamönnum er ekki treystandi. Það skiptir engu hver það er sem flytur pólitíska ræðu, hann fer með eintómar lygar – og það á líka við um rokksöngvara sem flytja pólitískar ræður.“*

## Merkisatburðir 5. október

1615 Spánverjavígin: Hópur baskneskra hvalveiðimanna er drepinn við Skaganaust yst í Dýrafirði.

1897 Barnablaðið Æskan hefur göngu sína.

1946 Alþingi samþykkir að veita Bandaríkjunum afnot af landi á Miðnesheiði. Samningurinn veldur miklum deilum.

1946 Melaskóli hefur starfsemi sína.

1963 Hljómsveitin Hljómar frá Keflavík kemur fram opinberlega.

**ÞETTA GERÐIST:** 5. OKTÓBER 1974

## *Tvær krár sprengdar í Guildford*

Sprengjur sprungu í tveimur krám í bænum Guildford á Englandi að kvöldi hins 5. október 1974. Fyrri sprengjan sprakk rétt fyrir hálf níu og sú seinni um hálftíma síðar. Fimm manns fórust í sprengingunum; fimm hermenn í leyfi frá störfum sínum á Norður-Írlandi og einn óbreyttur borgari. Sextíu og fimm manns særðust. Árið 1975 voru þrír ungir karlmenn og ein kona dæmd fyrir sprengjutilræðið og fengu öll lífstíðardóma.

Árið 1977 var reynt að áfrýja málinu en því var hafnað. Það var ekki fyrr en tíu árum síðar, 1987, sem málið var tekið upp aftur á grundvelli nýrra sönnunargagna. Hinn 18. október 1989 voru dómarnir yfir fjórmenningunum, sem gengu undir nafninu Guildford-fjórmenningarnir, úrskurðaðir ógildir og kallaðir „stórkostleg réttarafglöp“. Fjórmenningarnir voru látnir lausir eftir fjórtán ára veru í fangelsi.

Síðar voru þrír lögreglumenn ákærðir fyrir að hafa falsað sönnunargögn við rannsókn sprenginganna í Guildford en málinu gegn þeim var vísað frá.



---



✝

*Eiginmaður minn,*

**Sveinbjörn Markússon**

kennari,

er látinn.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Anna Jónsdóttir.**

---



✝

*Systir mín,*

**Anna Hallsdóttir**

frá Steinkirkju,
Þórunnarstræti 108, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð þriðjudaginn 27. september. Útför hennar fer fram frá Illugastaðakirkju föstudaginn. 7. október kl. 14.

**Elín Hallsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Stefán M. Gunnarsson**

fyrrverandi bankastjóri,

sem andaðist 26. september, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 7. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarkort Kópavogskirkju, s. 554 6820, eða Heimahlynningu Landspítalans, s. 543 1159.

**Hertha W. Jónsdóttir**
**Jón Gunnar Stefánsson, Tracey E. Stefánsson**
**Sigríður Þrúður Stefánsdóttir, Benjamín Gíslason**
**og barnabörn.**

---



✝

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Árna Árnasonar**

fyrrv. forstjóra,
Sóltúni 10, Reykjavík.

Hjartans þakkir til lækna, hjúkrunarfólks og starfsfólks á B-4 Landspítala í Fossvogi sem annaðist hann og okkur af einstökum kærleik og fagmennsku. Einnig þökkum við Heimahjúkrun fyrir alla þeirra umönnun og hjálp sem var ómetanleg. Stórfjölskyldan og vinir fá innilegar þakkir og allir þeir, sem heiðruðu minningu hans. Við biðjum Guð að blessa ykkur öll.

**Guðrún Pálsdóttir**
**Árni Þór Árnason** **Guðbjörg Jónsdóttir**
**Þórhildur Árnadóttir** **Valdimar Olsen**
**Guðjón Ingi Árnason** **Sigríður Dögg Geirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**MINNAST SIGURSVEINS** Sigursveinn Magnússon og Kristinn Sigursveinsson, sonur Sigursveins D. Kristinssonar, vinna saman að undirbúningi Sigursveinsvökunnar í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SIGURSVEINSVAKA Í HÖRPU: TÓNLIST SIGURSVEINS D. KRISTINSSONAR

# Baráttumaður og brautryðjandi

„Sigursveinn fékk lömunarveiki þegar hann var tólf ára og sagan af því hvernig hann braust til mennta og varð fjárhagslega sjálfstæður er mjög merkileg,“ segir Sigursveinn Magnússon, systursonur Sigursveins D. Kristinssonar tónskálds, inntur eftir því hvaða þætti í lífi móðurbróður hans beri hæst. Tilefni spurningarinnar er að í kvöld verður Sigursveinsvaka í Hörpu til að minnast þess að í apríl voru 100 ár frá fæðingu Sigursveins D. Á tónleikunum kemur fram fjöldi listamanna og flytur tónlist eftir Sigursvein D., auk þess sem stiklað verður á stóru í lífshlaupi hans.

„Hann braust ekki aðeins áfram fyrir sjálfan sig heldur hjálpaði hann öðrum til sjálfsbjargar líka,“ heldur Sigursveinn áfram. „Það er ekki hægt að segja að hann hafi verið stofnandi Sjálfsbjargar, félags fatlaðra, en þegar maður les þá sögu alla er greinilegt að það var hann sem skynjaði kall tímans og gaf merkið.“

Sigursveinn D. fór til endurhæfingar og náms í Kaupmannahöfn, stundaði tónsmíðanám í Berlín, var ötull baráttumaður fyrir réttindum fatlaðra, átti sæti á landsþingum ASÍ sem fulltrúi Verkalýðs- og sjómannafélags Ólafsfjarðar auk þess að stofna Tónskóla Sigursveins árið 1964. „Það var reyndar atrenna að því,“ segir Sigursveinn. „Hann stjórnaði tónlistarskóla á Siglufirði í fimm ár eftir að hann kom heim frá Berlín. Þar fékk hann verkalýðsfélögin í lið með sér og þau beittu sér fyrir tónlistarfræðslu sem þá átti sér enga hliðstæðu hér á landi. Hann var alla tíð virkur í verkalýðshreyfingunni og eftir að hann flutti hingað suður hafði hann frumkvæði að stofnun bæði Söngfélags verkalýðssamtaka í Reykjavík og Lúðrasveitar verkalýðsins sem er í fullu fjöri enn í dag og er meðal þeirra sem koma fram á tónleikunum í kvöld undir stjórn Kára Húnfjörð Einarssonar.“

Meðal annarra sem fram koma eru Sigrún Valgerður Gestsdóttir sópran og Einar Jóhannesson klarínettuleikari, auk þess sem geisladiskur með flutningi þeirra á lögum Sigursveins D. Kristinssonar verður til sölu. Aðrir sem fram koma eru: Finnur Bjarnason tenór og Örn Magnússon píanóleikari, Karlakór Reykjavíkur undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar, Strengjasveit Tónskólans undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar, Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari og Ágúst Ólafsson barítón og Ástríður Sigurðardóttir píanóleikari.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og aðgangur er ókeypis.

fridrikab@frettabladid.is

---



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jógvan Hansen**

(Joen Edvard Jacob Hansen),
Vestmannaeyjum,

sem andaðist laugardaginn 17. september síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Landakirkju laugardaginn 8. október kl. 11.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

*Innilegar þakkir sendum við öllum sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærrar móður minnar, tengdamóður og ömmu,*

**Sveinbjargar Eiríksdóttur**

Frostafold 14, Reykjavík.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigríður Ósk Lárusdóttir** **Þorsteinn Alexandersson**
**Logi Guðjónsson**
**Valgerður Ragnarsdóttir**
**og barnabörn.**

www.husa.is

# Allt fínt fyrir jólin

Öll innimáning 25% afsláttur*




3 ltr.
**5.362,-**
~~7.149,-~~

MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

NÝTT!

**Lady Purecolor - Mött málning**
**Málningin sem allir eru að tala um!**
Einstök litaupplifun og algerlega mött, það allra heitasta í innanhússhönnun í dag!
Mjög slitsterk málning og við ábyrgjumst þekju í tveimur umferðum.
Auðvelt að þrífa.
Fæst eingöngu í Húsasmiðjunni.
7122045

# Núna er rétti tíminn til að mála

25% afsláttur*




10 ltr.
**7.118,-**
~~9.490,-~~

VIÐ MÆLUM MEÐ

**Jotaproff**
Frábær veggmálning á herbergi og stofur og þekur mjög vel gljástig 7.
7119866-74

25% afsláttur*




1 ltr.
**2.474,-**
~~3.290,-~~

MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

**Lady Våtrom**
Gljástig 20, hvítt.
Fyrir baðherbergi og þvottahús
7122261



**3.995,-**
~~4.699,-~~

VIÐ MÆLUM MEÐ

þolir 150 kg.

**Áltrappa**
Þrjú þrep,
þolir 150 kg.
5078885

25% afsláttur*

0,75 ltr.
**2.471,-**
~~3.295,-~~

MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR




NÝTT!

**Lady Supreme Finish 40**
Nýtt lakk fyrir innréttingar, hurðir, glugga og aðra fleti þar sem áferðin þarf að vera óaðfinnanleg.
7118071



**1.199,-**

MESTU GÆÐI HÚSASMIÐJUNNAR

**Pensill Anza Elite**
50 mm.
7009284

**1.895**

VIÐ MÆLUM MEÐ

**Álskaft, framlengjanlegt**
Anza, lengd 115-190 cm.
7014953

**Málningarfata**
12 ltr. 25 cm.
7006205

**549**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR



Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana

KAUPLÁN 0% VAXTALAUST LÁN
*Nánar á husa.is*

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Gildir ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

HÚSASMIÐJAN



✝

*Ástkær móðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma okkar,*

**Guðrún A. Bæringsdóttir**

Miðvangi 41, Hafnarfirði,

lést á Borgarspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 28. september. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 7. október kl. 13.00.

**María Halldórsdóttir og Einar G. Jónsson**
**Einar Halldórsson**
**Ólafur Þ. Halldórsson**
**Ásgeir Valhjálmsson og Sigurlína Kristjánsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Haraldsdóttir**

sem lést þriðjudaginn 27. september, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 7. október kl. 13.00.

**Þórður Þórðar Kristjánsson**
**Kristján Þórðarson** **Guðrún Þórarinsdóttir**
**Helga Þórðardóttir** **Kristján Guðmundsson**
**Unnur Þórðardóttir** **Valdimar Erlingsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorvarður Magnússon**

byggingameistari,
Álfaskeiði 71, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 26. september á Líknardeild Landspítalans, Landakoti. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 6. október kl. 15.00.

**Áslaug Einarsdóttir**
**Sigurður Þorvarðarson** **Vigdís Victorsdóttir**
**Guðríður Þorvarðardóttir**
**Þóra Þorvarðardóttir**
**Þorvarður Árni Þorvarðarson** **Anna Dagbjört Hermannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Ísaks Valdimarsson**

Víðilundi 20, Akureyri,

lést á Borgarspítalanum mánudaginn 26. september. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 6. október kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimilið Hlíð.

**Gréta Halldórs**
**Helga Sigríður Kristjánsdóttir** **Jón Þór Guðjónsson**
**Árni V. Kristjánsson** **Ragnheiður Skúladóttir**
**Sverrir Þór Kristjánsson** **Guðrún Hörn Stefánsdóttir**
**Margrét Jónína Kristjánsdóttir** **Páll Pálsson**
**Kristján Ísak Kristjánsson** **Sigríður G. Pálmadóttir**
**Gunnar Freyr Kristjánsson** **Margrét Dögg Bjarnadóttir**
**Elín Íslaug Kristjánsdóttir** **Kristinn Ágúst Ingólfsson**
**afa- og langafabörn.**



**LISTAFÓLK** Sigurður Ingvi, Svanhildur, Þuríður og Anna Guðný.

# Ort í hundrað ár

Dagskrá með íslenskri tónlist, helguð íslenskum skáldum, verður í Hátíðasal Háskóla Íslands í dag frá klukkan 12.30 til 13. Hún ber yfirskriftina Skáld í landslagi og er haldin í tilefni 100 ára afmælis Háskóla Íslands.

Doktor Svanhildur Óskarsdóttir, sérfræðingur á Árnastofnun, les þar ljóð eftir íslensk skáld, með og án undirleiks, og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari og Sigurður Ingvi Snorrason klarínettuleikari leika verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Þórarinsson, Jón Nordal, Hróðmar Inga Sigurbjörnsson og nýtt verk eftir Þuríði Jónsdóttur.

Þetta eru jafnframt fyrstu háskólatónleikar haustsins. Enginn aðgangseyrir er að dagskránni og allir eru velkomnir.

# Norskir tónlistarmenn í Vatnsmýrinni

Fjórðu og síðustu tónleikar í tónleikaröð Félags íslenskra tónlistarmanna, Klassík í Vatnsmýrinni, eru haldnir í Norræna húsinu í kvöld klukkan 20.

Tónlistarmenn kvöldsins eru norskir, þeir Johannes Martens sellóleikari og Joachim Kwetzinsky píanóleikari. Af ungum tónlistarmönnum Noregs þykja þeir meðal þeirra efnilegustu.

Á efnisskrá eru verk eftir finnska tónskáldið Jean Sibelius, rússneska tónskáldið Dmitri Sjostakovitsj og Joachim Kwetzinsky leikur einleiksverk eftir íslenska tónskáldið Gunnar Andreas Kristinsson, Brainstorm in a Tea Cup.

Norsku tónlistarmennirnir hafa leikið saman frá árinu 2004 og hafa gefið saman út geisladisk þar sem þeir leika tónlist er spannar 250 ára tímabil. Kwetzinsky hefur spilað á tónlistarhátíðum um allan heim og hefur hlotið virt norsk tónlistarverðlaun. Martens leikur með Fílharmóníusveitinni í Ósló auk þess sem hann hefur leikið sem einleikari með fjölmörgum norskum hljómsveitum.

Tónleikarnir eru haldnir með stuðningi frá Norska menningarráðuneytinu og Norska sendiráðinu í Reykjavík. - jma



**TÓNLIST** Þekktir norrænir tónlistarmenn koma fram á tónleikum í Norræna húsinu í kvöld.



**SAMTÍMAMYNDLIST RÆDD** Málþingið fer fram á Laugarnesvegi 91 á föstudag milli klukkan 16 og 18.

# Málþing um samtímalist

Í tilefni af opnun sýningarinnar The Pleasure Principle í Kling og Bang gallerii efnir myndlistardeild Listaháskóla Íslands til málþings föstudaginn 7. október. Þar verður meðal annars rædd spurningin „hvað er það sem málarinn gerir þegar hann gerir það sem hann gerir?“

The Pleasure Principle er samsýning þriggja myndlistarmanna, þeirra Birgis Snæbjörns Birgissonar, Marcusar Eek og Jukka Korkeila. Sýningarstjóri er finnski fræðimaðurinn, rithöfundurinn og gagnrýnandinn Mika Hannula. Hannula mun leiða umræður listamannanna þriggja um möguleika málverksins í samtímanum og deila eigin reynslu af sýningarstjórn. Áhersla verður á vinnuferli listamannanna og leitast við að skilgreina í hverju ánægjulögmál málverksins er falið.

Málþingið fer fram á ensku í fyrirlestrarsal á Laugarnesvegi 91 klukkan 16 til 18 og er opið öllu áhugafólki um samtímamyndlist. - rat

# Hagfræði tilverunnar rædd á Háskólatorgi

Málstofa um ýmsar hliðar hagfræðinnar sem tengjast daglegu lífi verður á Háskólatorgi í dag milli klukkan 15 og 17.

Tveir fyrirlesarar koma þar fram. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Hagfræðideild, ræðir samskipti kynslóða á mismunandi æviskeiðum út frá fræðilegum grunni hagfræðinnar. Helgi Tómasson, dósent við Hagfræðideild, fjallar um birtingarmyndir ýmissa mældra hagstærða, svo sem hjónabandsstöðu og launa- og eignaþróunar yfir æviskeiðið.

Málstofan er skipulögð í tilefni af aldarafmæli Háskóla Íslands.



**LEKTOR Í FÉLAGSVÍSINDA- OG HAGFRÆÐIDEILD** Tinna Laufey ræðir samskipti kynslóða út frá hagfræðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



✝

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur og afi,*

**Sigurður Ásgeirsson**

húsasmíðameistari,
Dalhúsum 91, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 6. október kl. 13.00.

**Guðrún Björt Zophaníasdóttir**
**Heiða Lind Sigurðardóttir** **Bjarni Ágúst Sigurðsson**
**Hildur Eva Sigurðardóttir** **Ásgeir Jóhann Ásgeirsson**
**Aldís Sigríður Sigurðardóttir** **Ólafur Steingrímsson**
**Ásta Fanney Sigurðardóttir**
**Ívar Zophanías Sigurðsson**
**Ásta Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Björnsdóttir Blöndal**

frá Siglufirði,

andaðist að morgni 28. september á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 7. október kl. 13.00.

**Ólöf Birna Blöndal** **Sveinn Þórarinsson**
**Jósep Ó. Blöndal** **Erla Harðardóttir**
**Ásbjörn Ó. Blöndal** **Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Sigurður Ó. Blöndal** **Linda Björk Guðmundsdóttir**
**Guðrún Ó. Blöndal** **Friðrik Jón Arngrímsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**

# HÁTÍÐAR- & BARÁTTUFUNDUR

*Í Háskólabíói kl. 20 í kvöld*

# SÁÁ



**Stöndum saman og styðjum réttinda- og hagsmunabaráttu áfengis- og vímuefnasjúklinga og fjölskyldna þeirra!**

## FRAM KOMA:

Ari Eldjárn • Bjartmar
Blágresi • Diddú • Einar Már
Freyr Eyjólfsson • Ham
Karlakórinn Fóstbræður
Lay Low • Mugison

### Húsið opnar kl. 17:30

Kynning á starfsemi AA-samtakanna, Alano, Alanon-samtakanna, CA-samtakanna, Coda, DA-samtakanna, GA-samtakanna, Heiðursmanna, IOGT, Kjarnakvenna, Lundar forvarnarfélags, NA-samtakanna, OA-samtakanna, SÁÁ, Samhjálpar, Sjálfstæðs fólks, Slaa-samtakanna, Sober Riders, Teiga, UNG-SÁÁ, Verndar, Vímulausrar æsku og fleiri félaga og samtaka sem starfa að meðferð fíknisjúkdóma.

### Kl. 18:00 er forsýning á Prómill

Stuttmynd um drykkjumann eftir Martein Þórsson með Ólafi Darra í aðalhlutverki.

### Kl. 18:30 hefjast þrír stuttir fyrirlestrar í hliðarsal:

Lárus Blöndal sálfræðingur fjallar um börn alkóhólista, Helga Óskarsdóttir um fjölskyldumeðferð og Þórarinn Tyrfingsson yfirlæknir um hugmynda-fræðina að baki meðferð SÁÁ.

SÁÁ

KRAFTAVERK

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** tún, **6.** frá, **8.** hár, **9.** gilding, **11.** 999, **12.** flökt, **14.** krapi, **16.** líka, **17.** af, **18.** í hálsi, **20.** fisk, **21.** innyfli.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afkvæmi, **3.** tvíhljóði, **4.** planta, **5.** angan, **7.** hjáguð, **10.** samræða, **13.** kóf, **15.** loga, **16.** kúgun, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** hagi, **6.** af, **8.** ull, **9.** mat, **11.** im, **12.** blakt, **14.** slabb, **16.** og, **17.** frá, **18.** kok, **20.** ál, **21.** iður.

**LÓÐRÉTT: 1.** lamb, **3.** au, **4.** glitbrá, **5.** ilm, **7.** falsgoð, **10.** tal, **13.** kaf, **15.** báls, **16.** oki, **19.** ku.

# Illa á mig kominn eftir kálfaat

**BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**

Jón, þú sem ert kominn af víkingum, ert þú ekki til í að stíga inn í nautaatshringinn og etja kappi við kálf?“

**NÚ VORU** góð ráð dýr því það er Santiago úr Nautaatsfélagi Priego de Córdoba sem spyr. Sá hinn sami og fengið hefur að heyra milljón sögur af vaskri þjóð í norðri með víkingablóð í æðum sem lætur sér ekkert fyrir brjósti brenna.



**ÞEGAR** ég fæ þessa áskorun framan í mig snemma dags varð mér hugsað til Gunnlaugs sögu ormstungu. Þegar Gunnlaugur skoraði Hrafn á hólm svaraði sá síðarnefndi; „þetta er vel boðið eins og von var að þér og er ég þessa albúinn þegar þú vilt.“

**HVAÐ** hefði gerst hefði Hrafn svarað eins og ég var um það bil að gera: „Ha! Nei, er þetta ekki stórhættulegt? Við skulum ekkert vera að þessu.“ Menn hefðu ekki verið að sóa kálfskinni í slíka sögu svo ég svara: „Vel er boðið og skal ekki undan skorast leik þessum,“ eða eitthvað á þá leið. Sá ég strax eftir því að hafa þegið boðið. En til að hugga mig minntist ég þess að hafa séð í sjónvarpinu Fernando nokkurn, sem er fyrrverandi körfuknattleiksmaður, etja kappi við kálf og sýndist mér kálfur sá svo lítill að kappinn hefði getað stigið á hann eins og sígarettustubb.

**ÞEGAR** ég mæti á nautaatstorgið tóku á móti mér svignandi veisluborð og vínið rann í stríðum straumum. Stóð þar til dæmis fögur kona við tunnu eina mikla og jós sætu víni úr henni að hætti Spánverja. Var framganga mín þar öll í ætt við fornkappana og hefði Egill sjálfur líklega ekki gert betur við þetta tækifæri. Ég lét þó vera að skjóta spjýu yfir fólk.

**SPJALLA** ég við viðstadda og kemst að því að Fernando þessi er yfir tveir metrar á hæð og hvaða skepna sem væri líktist sígarettustubbi við fætur hans. Varð mér órótt. Ekki skánaði það þegar ég sé kálfinn hlaupa inn í hringinn en hann er hornóttur vel, fjórugur og aðeins stærri en ég hefði kosið.

**EKKI** varð mér þó meint af hlaupinu sjálfu, þurfti til dæmis ekki að girða fyrir innyflin eins og Gísli Súrsson. En daginn eftir vaknaði ég með alveg skelfilegan hausverk. Það var sem ég vissi; þetta er stórhættulegur asskoti.

EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Fossvogur – óskast**

**Óskum eftir einbýlis- eða raðhúsi í Fossvogi.**

**Allar nánari upplýsingar veitir Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali í síma 824-9093**

miðv. 5.okt.

**OPIÐ HÚS Í DAG**



**frá kl. 17:00-18:00**

Baldursgata 18
**101 Reykjavík**

Glæsilegt einbýlishús
Í hjarta Reykjavíkur, mikið endurnýjað

Stærð 172,4 m² og 40 m² í kjallara óinnréttað
Flott eign sem býður uppá mikla möguleika



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
sölufulltrúi
**sími:** 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **58,5 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**Fjallalind 84 - Raðhús**
**Opið hús í dag á milli 17 og 17.30**



Mjög gott ca. 173 fm. raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi, frábær staðsetning. Sér garður og baksvalir. Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu. **Óskar og Guðjón sýna húsið í dag, miðvikudag, á milli 17 og 17.30. Uppl. í síma 822-8750.**

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



...UR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

**VERÐHRUN!**

# ALLIR KRAKKAR FÁ GEFINS BÓK!

# RÝMINGARSALA BÓKAÚTGEFENDA

**BORGARTÚNI 29**

OPIÐ **KL. 11-18 ALLA DAGA**

**BARNABÆKUR VERÐ FRÁ 490,-**

**1.000 TITLAR UNDIR 1.000 KR.**

**ALLT Á AÐ SELJAST!**

**ALLIR SEM VERSLA FÁ ÓKEYPIS BÓK!**

**Mikið úrval hljóðbóka!**

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKU...

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~2.990,-~~ 1.550,-



~~5.480,-~~ 1.480,-




~~3.990,-~~ 1.990,-




~~2.980,-~~ 790,-



~~5.280,-~~ 990,-




~~4.670,-~~ 1.990,-



~~4.900,-~~ 2.950,-




~~4.980,-~~ 990,-



~~1.990,-~~ 990,-




~~3.990,-~~ 990,-



~~2.980,-~~ 690,-




~~3.280,-~~ 690,-

Bókafélagið Ugla · Bókaútgáfan Æskan · Crymogea · Setberg · Tindur bókaútgáfa · Opna · Bókaútgáfan Hólar · Bókafélagið · Útkall · Vestfirska forlagið · Háskólaútgáfan

Uppheimar · Hljóðbók.is · Sögur · Ormstunga · Heimur · Veröld · Skrudda · Salka · Óðinsauga · Unga ástin mín · Bjartur

# Fólk

folk@frettabladid.is



**300.000 DOLLARA** kostaði nýi bíllinn hennar Kim Kardashian en það er hvítur Ferrari 458. Kardashian og eiginmaður hennar Kris Humphries fluttu nýlega inn í glæsilegt heimili í New York þannig að peningavandræði virðast ekki há hinum nýgiftu hjónum.



**ENGIN VERKSMIÐJA** Svavar Pétur og félagar í Prinspóló leituðu að Prins Póló-verksmiðju í Póllandi en fundu enga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Prinspóló fann enga verksmiðju

„Við leituðum að verksmiðjunni en komumst að því að hún er ekki til,“ segir Svavar Pétur Eysteinsson, forsprakki Prins Póló.

Hljómsveitin er nýkomin heim úr sinni fyrstu tónleikaferð til Póllands. Um hálfgerða pílagrímsför var að ræða enda er hljómsveitin nefnd eftir pólska súkkulaðikexinu vinsæla. „Ásbjörn Ólafsson [sem flytur inn Prins Póló] benti okkur á verksmiðju í Suður-Póllandi. Við reyndum að grafa hana upp en hún er ekki lengur til sú verksmiðja. Það vissi enginn hvar hún var,“ segir Svavar Pétur. „Mig grunar að Svisslendingar séu með í ráðum. Ég held að þeir séu búnir að taka yfir þennan súkkulaðiheim.“

Að sögn Svavars Péturs gekk tónleikaferðin um Pólland vonum framar. „Það var búið að byggja upp mikla spennu í kringum þessa íslensku útgáfu af Prins Póló. Það mætti fullt af fólki á alla tónleikana og þetta var geðveikt stuð. Áhorfendur voru dálítið í því að lauma að okkur súkkulaðistykkjum á tónleikum. Við fórum út með fulla ferðatösku af söluvarningi og komum til baka með fulla tösku af súkkulaði.“

Fram undan hjá Prins Póló er tónleikaferðin Partíþokan sem hefst á Græna hattinum 22. október. Með í för verða FM Belfast, Borko og Sin Fang. - fb




# VILTU VITA Í HVAÐ TÍMINN FER?

Með Tímon tímaskráningarkerfi gefst fullkomin yfirsýn yfir það dýrmætasta í rekstrinum, tíma starfsfólks. Tímon einfaldar verkferla og gefur þér réttari upplýsingar við launaútreikninga. Þú getur séð í hvað launakostnaður stefnir – áður en uppgjör fer fram. Tímon sýnir þér á skýran hátt viðveru, fjarveru, orlofsstöðu, mönnunarþörf, starfsmannaveltu og margt fleira.

Nánari upplýsingar má nálgast hjá TrackWell á www.timon.is sími: 5100 600.

**Taktu stjórnina með Tímon**

TrackWell TÍMON




**HAM** Rokkararnir í Ham stíga á svið í Háskólabíói í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ham á hátíðarfundi

**Fjöldi vinsælla flytjenda á borð við rokksveitina Ham, Mugison, Lay Low, Diddú, Bjartmar Guðlaugsson og Fóstbræður, auk grínistans Ara Eldjárns, kemur fram á hátíðar- og baráttufundi SÁÁ í Háskólabíói í kvöld klukkan 20. Á undan fundinum verður í anddyrinu frá kl. 17.30 kynning á ýmsum 12 spora samtökum og félögum sem vinna með fíknisjúkdóminn.**

**Auk kynninganna verður boðið upp á fyrirlestra og kl. 18 verður forsýnd stuttmynd eftir leikstjórann Martein Þórsson með Ólafi Darra Ólafssyni í aðalhlutverki. Hún fjallar um mann sem drekkur sig í gegnum einn dag.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 05. október**

### → Tónleikar

**12.30** Dagskrá með íslenskri tónlist helguð íslenskum skáldum í tilefni 100 ára afmælis Háskóla Íslands í **Hátíðasal Aðalbyggingar HÍ**. Allir velkomnir.

**20.00** Tónleikar með **Johannes Martens** sellóleikara og **Joachim Kwetzinsky** píanóleikara í Klassík í Vatnsmýrinni, tónleikaröð Félags íslenskra tónlistarmanna í Norræna húsinu.

### → Kynningar

**12.10** **Hrafnhildur Schram** listfræðingur og **Gunnar J. Árnason** listheimspekingur kynna kafla úr ritinu Íslensk listasaga, frá síðari hluta 19. aldar til upphafs 21. aldar. Fjalla þau um fjórða og fimmta áratug 20. aldar fram að stríðslokum. Kynningin fer fram í fyrirlestrasal Listasafns Íslands við Fríkirkjuveg. Aðgangur er ókeypis.

### → Handverkskaffi

**20.00** Franska listakonan **Nadine** kynnir glerperlugerð á handverkskaffi í Gerðubergi. Aðgangur er ókeypis.

### → Tónlist

**21.00** Plötusnúðarnir **Robot Disco** spila raftónlist á Bakkusi.

**21.00** **DJ Krúsi** stjórnar tónlistinni á Prikinu.

### → Samkoma

**13.30** **Korpúlfarnir**, samtök eldri borgara í Grafarvogi, standa fyrir samkomunni Gaman saman á Korpúlfsstöðum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**



**ÞYBBINN** Eins og sjá má hefur Axl Rose bætt á sig þó nokkrum aukakílóum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Þybbinn Axl Rose í Ríó

**Rokksveitin Guns N´Roses kom fram á tónlistarhátíðinni Rock In Rio í Brasilíu fyrir skömmu og þótti standa sig ágætlega, þrátt fyrir brösótta byrjun. Sérstaka athygli vakti þó formið á söngvaranum Axl Rose því hann greinilega hefur bætt á sig þó nokkrum aukakílóum að undanförnu. Rose var klæddur í gulan jakka, með hatt og sólgleraugu og þótti nánast óþekkjanlegur á sviðinu. Tónleikunum í Ríó var sjónvarpað beint á netinu. Hljómsveitin hefur verið á tónleikaferð um heiminn til að fylgja eftir plötu sinni Chinese Democracy.**



**BENEDIKT BRYNLEIFSSON**

# Trommarar hittast í FÍH

**Sýningin Trommarinn 2011 verður haldin í þriðja sinn í sal FÍH, Rauðagerði 27, á laugardaginn. Þar verða Tónastöðin og Hljóðfærahúsið/Tónabúðin með allt það nýjasta til sýnis í trommum og slagverki. Íslenskir trommarar sýna handverk sitt og nokkur vel valin trommusett verða til sýnis. Þá verður Guðmundi R. Einarssyni veitt heiðursviðurkenning fyrir ævistarf sitt. Landsþekktir trommarar stíga á svið, eða þeir Kristján B. Heiðarsson, Benedikt Brynleifsson, Kristinn Snær Agnarsson, Magnús Trygvason Elíassen og Ásgeir Óskarsson.**



**Á FRUMSÝNINGU** Paul McCartney, Yoko Ono, Olivia Harrison (ekkja George Harrison) og Ringo Starr á frumsýningunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Bítlarnir á frumsýningu

**Eftirlifandi meðlimir Bítlanna voru á meðal gesta á frumsýningu nýrrar heimildarmyndar Martins Scorsese um George Harrison. Gítarleikarinn lést árið 2001 eftir baráttu við lungnakrabbamein. „Hann var frábær maður, virkilega góður náungi," sagði Sir Paul McCartney, sem mætti á sýninguna ásamt Ringo Starr. Leikstjórinn Scorsese, sem var í fimm ár að gera myndina, segist lengi hafa heillast af Harrison. „Mér fannst tónlistin hans fjalla um hluti sem ég gat tengt mig við. Ég leitaði huggunar og vonar í þeim og það var sérstök lífsreynsla að hlusta á tónlistina hans."**

# Biophilia lekið á ýmsar netsíður

Nýjustu plötu Bjarkar, Biophilia, hefur verið lekið á hinar ýmsu netsíður en platan kemur út í næstu viku.

Öllum plötum er lekið á netið áður en þær koma í verslanir en það óvenjulega við lekann á Biophilia er að platan er margmiðlunarverkefni og því fá þeir sem stela plötunni aðeins hluta af verkefninu í tölvuna sína. Með hverju keyptu eintaki af plötunni fylgir app-forrit með ýmsu aukaefni fyrir hvert lag, svo sem leikjum, ritgerðum, textum og teiknuðum kortum. Lítið er um að app-forrit leki á netið áður en



þau koma út og því hlýtur upplifun þeirra sem hafa hlaðið Biophilia ólöglega niður í tölvuna sína án forritanna að vera töluvert öðruvísi en Björk hafði í huga með margmiðlunarútgáfunni.

„Björk setti sjálfa sig í framlínu tónlistarmanna með því að segja: „Við gefum út plötuna og þessi app-forrit á sama tíma og þau eru hluti af sömu sögunni," sagði Scott Snibbe, sem hannaði app-forritin fyrir Biophilia, í viðtali við breska blaðið The Guardian. „App-forritin eru tjáningarform tónlistarinnar, sögunnar og hugmyndarinnar."



**KOMIN Á NETIÐ** Nýjustu plötu Bjarkar, Biophilia, hefur verið lekið á netið.




Morgunfundur Arion banka

—

**Staða og framtíð íslensks sjávarútvegs**

**Arion banki** býður til morgunfundar fimmtudaginn 6. október í Borgartúni 19.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, setur fundinn kl. 8.15.

- **Þróun undirstöðuatvinnugreinar Íslands og möguleg áhrif nýrrar fiskveiðilöggjafar.** Kristrún Mjöll Frostadóttir, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka.
- **Frumvarp um stjórn fiskveiða og tillögur að breytingum.** Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaformaður atvinnuveganefndar Alþingis.
- **Arðurinn til þjóðarinnar.** Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda.

Fundarstjóri, Björk Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Arion banka.

Boðið verður upp á morgunverð kl. 8.00. Fundarlok kl. 9.45.

Nánari upplýsingar og skráning á **arionbanki.is**.

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| RAUÐHETTA 2 2D ÍSL.TAL | KL. 4 - 6 | L |
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 4 - 6 | L |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 | L |
| ELDFJALL LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ABDUCTION | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| ABDUCTION LÚXUS | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 8 - 10.10 | L |
| WARRIOR | KL. 10.15 | 14 |
| SPY KIDS 4 4D | KL. 3.30 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL.3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 6 | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 8 - 10.15 | 7 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| PROJECT NIM | KL. 6 - 8 | L |
| LE HAVRE | KL. 6 - 10 | L |
| BOBBY FISCHER | KL. 8 - 10 | L |

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RAUÐHETTA 2 3D ÍSL.TAL | KL. 6 | L |
| ABDUCTION | KL. 8 - 10 | 12 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| ABDUCTION | 8 og 10.15 |
| RAUÐHETTA 2 - 3D | 6 - ISL TAL |
| JOHNNY ENGLISH | 6, 8 og 10.15 |
| COLOMBIANA | 8 og 10.15 |
| STRUMPARNIR - 3D | 6 - ISL TAL |

SAMBÍÓIN
SLÚÐURFRÉTTIR DAGSINS
SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CONTAGION | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| CONTAGION Luxus VIP | kl. 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 5:50 - 8 | 2D | L |
| JOHNNY ENGLISH | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| SHARK NIGHT 3D | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. (5:50 vip) - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 | 2D | 7 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CONTAGION | kl. 10:10 | 12 |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 8 | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 | L |
| 30 MINUTES OR LESS | kl. 10:10 | 14 |

SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE LION KING m/ísl tali | kl. 5:30 | 3D | L |
| CONTAGION | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 5:30 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| SHARK NIGHT | kl. 10:30 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CONTAGION | kl. 6 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HRAFNAR, SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 5:50 | 2D | L |
| SHARK NIGHT 3D | kl. 10 | 3D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| THE LION KING - 3D ótextuðu M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 8:10 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KONUNGUR LJÓNANNA 3D | kl. 6 | L |
| CONTAGION | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 6 | L |
| HRAFNAR SÓLEYJAR OG MYRRA | kl. 8 | L |
| SHARK NIGHT | kl. 10:10 | 16 |

# Baltasar Kormákur vill gera Everest-kvikmynd á Íslandi

**Íslenski kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur virðist vera kominn með annan fótinn inn í Hollywood. Honum standa til boða tvö mjög spennandi kvikmyndaverkefni en hann vonast til að geta gert annað þeirra á Íslandi.**



**GÓÐUR VINUR** Samstarf Marks Wahlberg og Baltasars Kormáks virðist hafa gengið mjög vel því leikarinn vill fá íslenska leikstjórann fyrir sína næstu mynd. Baltasar stendur einnig til boða að leikstýra kvikmyndinni Everest sem gerist á toppi hæsta fjalls heims en til greina kemur að taka upp stóran hluta þeirrar myndar á Vatnajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkvæmt vefútgáfu bandarísku kvikmyndabiblíunnar Variety stendur Baltasar Kormáki til boða að leikstýra tveimur verkefnum í Hollywood. Annað þeirra er framhald á samstarfi hans við bandaríska stórleikarann Mark Wahlberg og hin er kvikmynd sem byggð er á sannsögulegum atburðum sem gerðust á Everest-fjalli. „Það verkefni er mjög flott og ég er mjög spenntur fyrir því. Ég er akkúrat að funda með fulltrúum frá framleiðslufyrirtækinu Working Title í London út af því núna,“ segir Baltasar Kormákur í samtali við Fréttablaðið.

Myndin segir frá því þegar tólf reyndir fjallgöngugarpar létu lífið í grennd við tind Everest. Baltasar segir það vera til skoðunar að taka stóra hluta myndarinnar hér á landi og Vatnajökull verið helst nefnt í því samhengi. „Það er auðvitað ekki hægt að gera myndina á Everest og menn eru mjög áhugasamir um að koma með hana til Íslands,“ segir Baltasar. Tökur færu jafnframt fram í Nepal, en Baltasar var ekki reiðubúinn að upplýsa hvaða leikarar kæmu til greina í aðalhlutverkin.

Hin myndin sem leikstjóranum stendur til boða að leikstýra er síðan 2 Guns, en Mark Wahlberg mun væntanlega leika aðalhlutverkið. Baltasar og Wahlberg unnu saman að gerð Contraband, en stikla þeirrar myndar sló rækilega í gegn á myndbandavefnum YouTube. Myndin er byggð á myndasögu Stevens Grant og er sögð eiga að vera hálfgerður nútímavestri í anda mynda á borð við Out of Sight og Get Shorty. „Það eru myndir sem taka sjálfar sig ekkert of hátíðlega,“ segir Baltasar, en viðræður standa yfir við aðra stóra stjörnu um að leika í myndinni. Handritið er skrifað af David O. Russell, sem var maðurinn á bak við verðlaunamyndina The Fighter.

Hlutirnir eru því augljóslega fljótir að gerast í Hollywood og Baltasar viðurkennir að þetta sé auðvitað hálfgerður draumur. „Þetta er náttúrlega eitthvað sem mann hefur lengi langað til að gera en það getur líka alltaf komið bakslag og því er mjög mikilvægt að halda fast í ræturnar, ég er því ekki að fara neitt frá Íslandi þótt þessi verkefni standi til boða.“

freyrgigja@frettabladid.is

LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is




+20% afsláttur af Efalex
Eflir og styrkir hugsun, einbeitingu, sjón og hormónajafnvægi.
Gildir til 18. október.
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 56589 10/11

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

**MIÐVIKUDAGUR:** JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVÍNASTÍAN* 18:00, 20:00, 22:00 ■ THORS SAGA 18:00, 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 20:00, 22:00 ■ ANDLIT NORÐURSINS 18:00
ÍSLENSKUR TEXTI. *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



# ÍSLENSKIR DAGAR

## Hágæða íslensk heilsurúm.

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*



## Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm

**Allt að 12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing!**

# 20-50% AFSLÁTTUR

**Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

**Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu**

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**

**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

# sport

sport@frettabladid.is



**WILLUM ÞÓR ÞÓRSSON** verður ekki þjálfari Keflavíkur næsta sumar. Stjórn knattspyrnudeildar Keflavíkur ákvað á fundi sínum í gær að fara ekki í viðræður við Willum á nýjan leik heldur róa á önnur mið. Willum Þór sagði við Fréttablaðið í gær að hann væri alls ekki hættur í þjálfun. Hann sagði vel koma til greina að þjálfa í næstefstu deild ef hann fengi spennandi tilboð.



**ÓLAFUR ÖRN** Ákveður framtíð sína í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ólafur Örn liggur undir feldi:

## Spilar eða þjálfar næsta sumar

**FÓTBOLTI** „Ég veit ekki hvað ég geri en það er alveg ljóst að ég mun ekki vera spilandi þjálfari næsta sumar. Ég mun því annað hvort einbeita mér að þjálfun eða spila næsta sumar," sagði Ólafur Örn Bjarnason, spilandi þjálfari Grindavíkur, en hann ætlar að nota vikuna til þess að ákveða framtíð sína.

„Ég veit ég gæti átt tvö góð ár eftir á vellinum. Það var of mikið að vera í þjálfun á sama tíma. Ég get ekki gefið 100 prósent á báðum stöðum og það bæði bitnar á þjálfuninni og mínum leik. Þetta er ekki auðveld ákvörðun," sagði Ólafur Örn. - hbg

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5606
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is

25% AF JOHN FRIEDA HÁRVÖRUM Í OKTÓBER



Lyfjaval APÓTEK

# FEITIR BITAR Á LAUSU

**Fjölmargir sterkir knattspyrnumenn verða samningslausir á næstunni og munu líklega hafa úr góðum kostum að velja. Félögin eru í misgóðum málum varðandi samningsstöðu leikmanna. Keflavík þarf að bretta rækilega upp ermar.**

**FÓTBOLTI** Þó svo að knattspyrnutímabilinu sé formlega lokið er vinnu forráðamanna félaganna hvergi nærri lokið. Nú hefjast þeir handa við að endursemja við lykilmenn og reyna við aðra leikmenn sem eru á lausu. Keflavík og Fylkir eiga þess utan eftir að ráða þjálfara, en bæði lið eiga fjölda leikmanna sem eru að klára samning.

Hjá Íslandsmeisturum KR vekur helst athygli að Kjartan Henry Finnbogason og Baldur Sigurðsson séu með lausan samning. Líklegt verður samt að teljast að þeir framlengi við meistarana, enda hafa þeir lýst því yfir að þeir vilji vera þar áfram. Aftur á móti er óvissa með framtíð Gunnars Arnar Jónssonar, sem gæti söðlað um.

Margir af eldri leikmönnum FH eru að klára samning og það kemur væntanlega í hlut þjálfarans, Heimis Guðjónssonar, að ákveða hvaða leikmönnum hann vill halda. Atli Guðnason er einnig að klára sinn samning en líklegt er að hann framlengi við FH.

Eyjamenn þurfa að skoða útlendingamálin sín eins og svo oft áður. Albert Sævarsson markvörður er þess utan samningslaus og ekki líklegt að hann fái nýjan samning. Stjarnan þarf að skoða nokkra samninga en ólíklegt er að félagið missi einhverja af þeim sem eru að klára samning. Danirnir verða þess utan líklega áfram.

Feitasti bitinn á markaðnum er líklega Blikinn Kristinn Steindórsson, sem hefur ekki viljað gefa það hreint út að hann ætli sér að endursemja við Breiðablik. Vitað er að stóru félögin – KR og FH – horfa bæði til Kristins enda er hann einn af betri leikmönnum deildarinnar. Verður áhugavert að sjá hvað Kristinn gerir.

Valur var í góðum málum með sín samningamál og aðeins tveir leikmenn eru að klára samning. Matthías Guðmundsson verður væntanlega áfram hjá sínu uppeldisfélagi en heyrst hefur að Jón Vilhelm Ákason ætli heim upp á Akranes. Þó svo að þeir tveir séu með lausan samning er stjórn knattspyrnudeildar að endursemja við alla leikmenn þannig að talsverð vinna er eftir á Hlíðarenda.

Keflvíkingar eru í frekar erfiðum málum, án þjálfara og flestir lykilmanna liðsins að klára sína samninga. Ekki er ólíklegt að einhver lið muni reyna að kroppa í sterka leikmenn eins og Guðmund Steinarsson og Guðjón Árna Antoníusson.

Framarar og Grindvíkingar eru í fínum málum en heyrst hefur að einhver félög ætli sér að bera víurnar í Óskar Pétursson, markvörð Grindavíkur, sem sló í gegn í sumar og ku vera að hugsa sinn gang.

Flestir leikmanna Þórs eru samningsbundnir en þeir sem stóðu sig vel í sumar fá hugsanlega einhver tilboð og spurning er hvað gerist á Akureyri. Hjá Víkingum ber það helst til tíðinda að varnarmaðurinn sterki Mark Rutgers er samningslaus.

henry@frettabladid.is



**FEITASTI BITINN** Kristinn Steindórsson ætlar að skoða sín mál og ekki er öruggt að hann leiki með Blikum næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÁFRAM HJÁ KR?** Kjartan Henry er með lausan samning hjá KR en fastlega er búist við því að hann semji upp á nýtt við uppeldisfélag sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÓVISSA** Guðmundur Steinarsson er að klára samning og á eftir að ræða við Keflavík um framhaldið. Hann verður líklega eftirsóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Að klára samning

**Samningar eftirfarandi leikmanna renna bráðlega út. Upplýsingar um stöðu samninga eru fengnar af heimasíðu KSÍ. Birt með fyrirvara þar sem einhverjir leikmenn gætu verið búnir að framlengja við sín félög þó svo að það komi ekki fram á ksi.is.**

**KR**
Baldur Sigurðsson
Gunnar Örn Jónsson
Kjartan Henry Finnbogason

**FH**
Atli Guðnason
Ásgeir Gunnar Ásgeirsson
Bjarki Gunnlaugsson
Freyr Bjarnason
Guðmundur Sævarsson
Ólafur Páll Snorrason
Viktor Örn Guðmundsson

**ÍBV**
Albert Sævarsson
Aaron Spear (var í láni)
Denis Sytnik
Ian David Jeffs
Matt Garner
Rasmus Christiansen

**Stjarnan**
Atli Jóhannsson
Bjarki Páll Eysteinsson
Hafsteinn Rúnar Helgason
Jesper Jensen
Nikolaj Pedersen
Ólafur Karl Finsen
Tryggvi Sveinn Bjarnason
Þorvaldur Árnason (hættur)

**Valur (er að endursemja við leikm.)**
Matthías Guðmundsson
Jón Vilhelm Ákason
Sigurbjörn Hreiðarsson (hættur)

**Breiðablik**
Kári Ársælsson
Kristinn Steindórsson
Þórður Steinar Hreiðarsson
Dylan McAllister

**Fylkir**
Albert Brynjar Ingason
Ásgeir Börkur Ásgeirsson
Baldur Bett (líklega hættur)
Fjalar Þorgeirsson
Gylfi Einarsson (hættur)
Kjartan Ágúst Breiðdal
Valur Fannar Gíslason

**Keflavík**
Adam Larsson
Andri Steinn Birgisson
Goran Jovanovski
Grétar Ólafur Hjartarson
Guðjón Árni Antoníusson
Guðmundur Steinarsson
Magnús Sverrir Þorsteinsson
Magnús Þórir Matthíasson

**Fram**
Arnar Gunnlaugsson
Halldór Hermann Jónsson
Hjálmar Þórarinsson
Ívar Björnsson
Tómas Leifsson

**Grindavík**
Haukur Ingi Guðnason
Matthías Örn Friðriksson

**Þór**
Aleksandar Linta
Clark Keltie
David Disztl
Janez Vrenko

**Víkingur**
Halldór Smári Sigurðsson
Mark Rutgers

**ÍA**
Guðjón Heiðar Sveinsson
Guðmundur Böðvar Guðjónsson
Heimir Einarsson
Hjörtur Júlíus Hjartarson
Stefán Þór Þórðarson

**Selfoss**
Andri Freyr Björnsson
Arilíus Marteinsson
Sævar Þór Gíslason (hættur)

ÓVÆNT ÚRSLIT



Mið. 5 okt. | N1-deild karla
Fram - Akureyri
Framhús | Kl. 18.30

Mið. 5 okt. | N1-deild karla
FH - Valur
Kaplakrika | Kl. 19.30

Fim. 6 okt. | N1-deild karla
Grótta - Haukar
Seltjarnarnes | Kl. 19.30

Sun. 9 okt. | N1-deild karla
HK-Afturelding
Digranes | Kl. 15.45

PAÐ ER SPORT AÐ SPARA







(fullt verð 8.990)

6.990

**ADIDAS PUNTERO VI TRX TF**
Fótboltaskór á gervigrasvelli.
Stærðir: 40 - $47^{1/3}$.

14.990



**ADIDAS ABSOLADO ARTIFICIAL GRASS**
Fótboltaskór úr leðri með gervigrastökkum.
Stærðir: 40-44.

(fullt verð 15.990)

12.990



**ADIDAS PREDATOR ABSOLADO INDOOR**
Innanhússfótboltaskór úr leðri.
Stærðir: $41^{1/3}$ - $47^{1/3}$.

10.990



**NIKE TIEMPO NATURAL IV ARTIFICIAL GRASS**
Fótboltaskór með gervigrastökkum.
Stærðir: 40 - 47.

(fullt verð 8.990)

6.990



**NIKE SWIFT TURF JR**
Fótboltaskór á gervigrasvelli. Stærðir: 28 - 38,5.

2.990



**NIKE BLAZE**
Fótbolti. Stærðir: 4 og 5.




1.990

**ADIDAS MILAN SOCK**
Fótboltasokkar. Litir: Hvítir, svartir, bláir, rauðir.
Stærðir: 28-48.

INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 5. – 11. OKTÓBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

> **Stöð 2 kl. 21.20**
> **Grey's Anatomy**

Það er komið að stóru stundinni hjá aðdáendum Grey's Anatomy. Áttunda þáttaröð hefst á Stöð 2 í kvöld með mikilli dramatík. Meredith þarf að taka afleiðingunum af því að hafa svindlað í tilraunaverkefninu hjá Derek. Cristina og Owen þurfa einnig að leysa úr sínum málum eftir að í ljós kom að hún er ólétt.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON NAUT SPJALLSINS

## *Grjótkast úr steinhúsi*

Mikið sá ég skemmtilegan spjallþátt í sjónvarpinu í fyrrakvöld. Íslenskan. Fáninn í baksýn og allt. Fullt af fólki á besta aldri að spjalla (um) landsins gagn og nauðsynjar af innlifun og sannfæringu. Ýmsar andstæðar skoðanir voru viðraðar. Ánægjulegt og fræðandi.

Norræna velferðarríkisstjórnin hefur víst náð stórgóðum árangri í efnahagsmálum samkvæmt öllum brúkhæfum kvörðum (nema hvað fullt af fólki er skítblankt og grautfúlt). Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn bara svona hoppandi sæll að klappa okkur á hausinn. Samt ástundar þessi stjórn víst stjórnleysi sem á rætur að rekja til anarkisma. Anarkismi ER reyndar stjórnleysi. Óstjórn? Kúnstugt.

Á hinn bóginn er þjóðinni aðeins ein leið fær; að stokka spilin upp á nýtt og hefja nýja sókn. Fara hraðvirkustu leiðina að hagvexti, sem er eins og hvert annað SMS-lán án neikvæðra eftirkasta. Lifa núna. Ekki viljum við búa í Austur-Þýskalandi? Æ, nei.

Eitthvað var minnst á Lenín líka. Man ekki alveg hver var að stæla hann … en það var einhver sem vildi bara ná í pening hjá bönkunum og gefa fólki. Fólkinu í landinu sko. Gott ef það voru ekki nokkrir að tala um eitthvað í þá áttina. Þjóðnýtingu eða eitthvað svoleiðis. Mér finnst það nú bara fín hugmynd. Hver vill ekki fá pening?



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Kynslóðir mætast **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hraunfólkið **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Forsendur framfara **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.15 360 gráður** (e)
**15.50 Djöflaeyjan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Loftslagsvinir** (9:10) (Klima nørd) (e) Dönsk þáttaröð. Hvað er að gerast í loftslagsmálum? Og hvað getum við gert? Léttgeggjaði prófessorinn Max Temp og sonur hans velta fyrir sér ástandi jarðarinnar.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.22 Sígildar teiknimyndir**
**18.29 Gló magnaða**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Að missa sjónina** (Going Blind) Bandarísk heimildarmynd frá 2010. Fjallað um sjóndepru og hlutskipti fólks sem missir sjónina.
**23.45 Landinn** (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**00.55 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Liar Liar**
**10.00 Wedding Daze**
**12.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**14.00 Liar Liar**
**16.00 Wedding Daze**
**18.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**20.00 Tropic Thunder**
**22.00 What Lies Beneath**
**00.05 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous**
**02.00 Clerks 2**
**04.00 What Lies Beneath**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (47:175)
**10.15 Cold Case** (15:22)
**11.00 Glee** (14:22)
**11.45 Grey's Anatomy** (1:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (50:78)
**13.25 Ally McBeal** (1:22)
**14.10 Ghost Whisperer** (8:22)
**14.55 iCarly** (33:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Næturvaktin**
**19.50 Ástríður** (7:12)
**20.20 Borgarilmur** (7:8) Ilmur lendir óvænt í 100.000 manna hátíðahöldum í miðborg Helsinki, djammar með þungarokkurum, syngur í karókí, fer í hjólatúr, heimsækir leikfangasafn og svitnar í sánu.
**20.55 Cougar Town** (12:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess.
**21.20 Grey's Anatomy** (1:22)
**22.05 True Blood** (11:12)
**22.55 Satisfaction** (4:10)
**23.45 The Closer** (10:15)
**00.30 The Good Guys** (10:20)
**01.15 Sons of Anarchy** (10:13)
**02.00 Medium** (20:22)
**02.45 Redbelt**
**04.20 Cold Case** (15:22)
**05.05 Simpsons**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: Bergischer - Hamburg**
**18.00 Þýski handboltinn: Bergischer - Hamburg**
**19.30 EAS þrekmótaröðin** Stigakeppni fjögurra móta þar sem reynir á þrek, styrk og þol keppenda.
**20.00 Barcelona - Man. Utd 2.11. 1994**
**21.40 Pepsi mörkin**
**23.40 Evrópudeildarmörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Sunderland - WBA**
**18.20 Wigan - Aston Villa**
**20.10 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Zidane**
**21.35 Football League Show**
**22.05 Sunnudagsmessan**
**23.20 Everton - Liverpool**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (127:175)
**20.15 Gilmore Girls** (10:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Mike & Molly** (4:24) Gamanþættir sem fjalla um tvo ofurvenjulega einstaklinga sem kynnast á fundi fyrir fólk sem glímir við matarfíkn, og verða ástfangin upp fyrir haus.
**22.15 Terra Nova** Glæný ævintýraþáttaröð úr smiðju Steven Spielberg um venjulega fjölskyldu sem tekur þátt í mikilvægu tilraunaverkefni sem gæti bjargað mannkyninu.
**23.00 Injustice** (2:2)
**00.40 Næturvaktin**
**01.05 Ástríður** (7:12)
**01.30 Gilmore Girls** (10:22)
**02.10 The Doctors** (127:175)
**02.50 Fréttir Stöðvar 2**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 Outsourced** (4:22) (e)
**16.55 The Marriage Ref** (6:10) (e)
**17.40 Rachael Ray**
**18.25 Nýtt útlit** (4:12) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (40:50)
**19.20 Everybody Loves Raymond - OPIÐ** (1:22)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (18:24)
**20.10 Friday Night Lights** (7:13) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas.
**21.00 Life Unexpected** (5:13)
**21.45 Tobba** (3:12) Hin eina sanna Tobba Marinósdóttir er óhrædd við að segja skoðun sína og kafa ofan í óþægileg mál til að komast að kjarnanum. Þessi glænýi málefna- og skemmtiþáttur er stútfullur af upplýsingum, hlátri og einlægni. Tobba fer á stúfana og kynnir sér umdeild mál, kemur tveimur konum af stað í heilsuátak og að sjálfsögðu fær létt sprell að fljóta með.
**22.15 CSI: Miami - NÝTT** (1:22) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Rannsóknardeildin þarf að hafa hendur í hári morðingja. Áður en langt um líður þurfa þau að syrgja fallinn félaga.
**23.05 Jimmy Kimmel**
**23.50 The Borgias** (6:9) (e)
**00.40 HA?** (2:12) (e)
**01.30 Nurse Jackie** (1:12) (e)
**02.00 Psych** (16:16) (e)
**02.40 Will & Grace** (18:24) (e)
**03.00 Everybody Loves Raymond** (1:22) (e)
**03.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Justin Timberlake Open (2:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Justin Timberlake Open (2:4) **15.30** Ryder Cup Official Film 1999 **17.05** The Open Championship Official Film

## N4

**18.15** Að norðan

## BBC entertainment

**11.00** Keeping Up Appearances **11.30** Fawlty Towers **12.05** 'Allo 'Allo! **12.30** 'Allo 'Allo! **13.00** The Inspector Lynley Mysteries **13.50** The Inspector Lynley Mysteries **14.35** Keeping Up Appearances **15.05** Keeping Up Appearances **15.35** 'Allo 'Allo! **16.00** 'Allo 'Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.05** Fawlty Towers **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.25** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** QI **21.15** The Thick of It **21.50** Skavlan **22.45** The Graham Norton Show

## DR 1

**10.35** Dage i haven **11.05** Vores Liv: Skattejægerne **11.35** Aftenshowet **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Stor & Lille **14.30** Shanes verden **15.00** Hercule Poirot **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv: Hos Lægen **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Broen **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Damages **20.40** Damages **21.20** Onsdags Lotto **21.25** OBS **21.30** Ved du hvem du er?

## NRK 1

**12.05** Norge rundt **12.30** Folk **13.00** Nyheter **13.10** Dallas **14.00** Nyheter **14.10** Matador **15.00** Nyheter **15.10** Tingenes tilstand **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** FBI **18.15** Valpekullet **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** House **20.25** Migrapolis **20.55** Smilehullet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nasjonalgalleriet **21.45** Jimmys matfabrikk **22.15** Folk i farta **22.45** Jobben er livet **23.25** Svisj gull

## svt1

**09.00** Go'kväll **09.45** Hübinette **10.15** Livet som hund **11.00** Helt magiskt **12.00** Starke man **12.30** Anslagstavlan **12.35** Primo **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.30** Vem tror du att du är? **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Bron **20.00** True Blood **21.00** Bored to Death **21.25** John Adams **22.55** Rapport **23.00** Skavlan **00.00** Rapport **00.05** Pink saris **01.45** Rapport

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Veiðisumarið **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Gunnar Dal

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


HLÁTUR
OG GRÁTUR

„Til skiptis drephlægileg og hræðilega sorgleg … Lesendur sitja fastir í snörunni." ASSOCIATED PRESS




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Bókin á bak við bíómyndina er komin í verslanir!




# BIOTHERM BOMBA

## Í LYFJU LÁGMÚLA OG LAUGAVEGI

## MIÐVIKUDAG OG FIMMTUDAG

**20%**
**kynningarafsláttur af öllum BIOTHERM vörum.**

**NÝTT**

## BEURRE CORPOREL

Ómótstæðilegt líkamskrem sem er mjög rakagefandi, nærandi og gefur raka í 24 klst. 20% Shea butter. Enn meiri þægindi og vernd.




200 ml krukka
Kr. 3.321 en **kr. 2.656 á kynningunni.**

LYFJA
- Lífið heil
Lágmúla 5 – sími 533 2309 · Laugavegi 16 – sími 552 4045

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta voða mikið á Johnny Cash og Bob Marley. Reyndar ratar Emilíana Torrini mjög oft á fóninn líka.“*

Eyrún Ósk Jónsdóttir, leikstjóri myndarinnar Hrafnar, sóleyjar og myrra.

# Opnar nýjan stað á afmælisdaginn

„Þetta verður stærsti staðurinn, í fermetrum talið,“ segir Friðrik Weisshappel, athafnamaður í Kaupmannahöfn. Hann opnar þriðja Laundromat-staðinn sinn í höfuðborg Danmerkur þann 6. desember en þá á hann einmitt afmæli, verður 44 ára.

Staðurinn stendur á sólríku horni á Gammel Kongevej 96 en þar var áður að finna teppabúð. Friðrik fékk húsnæðið afhent á laugardaginn og hefur síðan þá unnið daga og nætur við að rífa niður og byggja aftur upp. „Vinnudagarnir hafa verið sirka 17 tímar síðustu þrjá eða fjóra daga,“ segir Friðrik en hann auglýsti meðal annars eftir nýju starfsfólki á nýja staðinn í Fréttablaðinu. „Af hverju ekki? Ef einhvern langar til að koma út og gera eitthvað skemmtilegt. Ég þarf að ráða 25 manns,“ segir Friðrik og bætir því við að honum finnist líka bara gaman að gera auglýsingar.

Laundromat-staðirnir eru því orðnir fjórir en Friðrik segir að staðurinn við Austurstræti í miðborg Reykjavíkur gangi mjög vel, þeir séu meðal annars búnir að kaupa eldhúsið á La Primavera til að anna eftirspurn. „Þetta gengur vel, það er ekkert launungarmál og lykilatriðið að þessu er gott starfsfólk og góður endurskoðandi, ég fæ ekki að kaupa neitt nema hún sé búin að gefa mér leyfi.“ Friðrik vildi hins vegar ekkert tjá sig um hvort staðurinn við Gammel Kongevej væri sá síðasti. „Ég bara veit það ekki, ef það kæmi æðisleg staðsetning við Islandsbrygge þá er aldrei að vita. Maður á aldrei að hætta ef manni finnst eitthvað skemmtilegt.“ - fgg



**STÓRTÆKUR** Friðrik Weisshappel er að opna fjórða Laundromat-staðinn og þann þriðja í Kaupmannahöfn við Gammel Kongevej. Hann segist geta gert þetta vegna þess hversu heppinn hann sé með starfsfólk og endurskoðanda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Myndsímtöl á 0 kr. í dag!
Ef þú ert með GSM hjá Símanum hringir þú myndsímtöl innan kerfis Símans fyrir 0 kr. í dag. Magnaður miðvikudagur!

Síminn
Þú greiðir f. símanr. og aðra notkun skv. verðskrá á siminn.is

Sorg vegna Sjálfsvígs
Vetrarstarf Nýrrar dögunar hefst n.k fimmtudagskvöld 6. október kl 20:30 í safnaðarheimili Háteigskirkju.
Sr. Svavar Stefánsson ræðir um sorg vegna sjálfvígs.
Stuðningshópur byrjar í kjölfarið.
Allir velkomnir.
Vetrardagskrá 2011
3. nóv. Makamissir. Stuðningshópar byrja í kjölfarið.
8. des. Sorgin og jólin. Samvera í Grafarvogskirkju.
Samverurnar verða í safnaðarheimili Háteigskirkju kl. 20:30.
Húsið opnar kl 19:00 þar sem fólk getur komið, spjallað og fengið kaffi.
NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð
www.nydogun.is • www.sorg.is • nydogun@nydogun.is

Konukvöld
Feminin Fashion
Fimmtudaginn 6. október 17.30 – 21.30
25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
Léttar veitingar í boði allt kvöldið.
Stelpurnar frá naglaskólanum Professionails verða á staðnum og kynna það nýjasta í naglatískunni í haust.
Feminin Fashion styður Krabbameinsfélagið í baráttunni gegn krabbameini hjá konum og býður Bleiku slaufuna til sölu.
Glaðningur í frá Nivea, Professionails, Vivag og Feminin Fashion í boði fyrir allar þær sem versla hjá okkur þetta kvöld.

NIVEA PROFESSIONAILS vivag
Tískuverslunin Feminin Fashion stærðir 40 – 56. | Bæjarlind 4 | 201 Kópavogur | Sími: 544-2222 | www.feminin.is

METTE KARLSVIK: SKRIFAR BÓK MEÐ BJÖRK Í AÐALHLUTVERKI

# Ég er enginn eltihrellir

„Ég myndi segja að bókin fjallaði meira um samfélagið á Íslandi en um Björk sjálfa,“ segir norski verðlaunahöfundurinn Mette Karlsvik, en bók hennar, Bli Björk, kemur út í Noregi í byrjun nóvember.

Útgáfa bókarinnar hefur vakið athygli, en fyrir helgi tók blaðamaður norska dagblaðsins Dagbladet viðtal við Björk á Íslandi og greindi henni frá útgáfu bókarinnar. Söngkonan virtist koma af fjöllum og sagði: „Þetta er óþægilegt. Sérstaklega þar sem ég vissi ekkert um bókina. Ég vona að það komi fram að þetta sé skáldskapur og alls ekki sannleikurinn.“

Ástæðan fyrir því að bók Karlsvik er um Björk og Ísland er að hún hefur ávallt heillast af landi og þjóð. Hún segist bera virðingu fyrir tónlistarmanninum Björk og finnst samfélagið hér merkilegt.

„Ég er enginn brjálaður eltihrellir og stóð satt að segja í þeirri trú að Björk vissi um bókina,“ segir Karlsvik í samtali við Fréttablaðið, en greinin í Dagbladet kom rithöfundinum í mikið uppnám. „Ég vil að það komi skýrt fram að þetta er skáldskapur frá upphafi til enda. Mig langaði að búa til nýja bókmenntastefnu og skrifa skáldsögu um fræga manneskju sem er á lífi í dag. Það sló mig hins vegar þegar Björk sagði að sér fyndist þetta óþægilegt en hún þarf ekkert að óttast. Þetta er skáldskapur og mitt listaverk.“



**HEILLUÐ AF LANDI OG ÞJÓÐ** Norski rithöfundurinn Mette Karlsvik ætlar að senda Björk eintak af Bli Björk og vonast til að hún sjái sér fært að lesa hana.

Karlsvik dregur í efa að Björk hafi ekki vitað af útgáfu bókarinnar. Hún kveðst til að mynda hafa verið í miklu sambandi við föður hennar, Guðmund Gunnarsson, en upphaflega átti hann að vera aðalpersóna bókarinnar. „Það var hins vegar fyrir tilstilli yfirmanns míns hjá forlaginu sem ég ákvað að hafa bókina um Björk,“ segir Karlsvik, sem hafði samband við Guðmund, aðallega vegna þess að hún hafði áhuga á stéttarfélögum, en Karlsvik er í stjórn rithöfundasambands Noregs. „Ég hringdi í hann og spurði hvort ég mætti nota persónu hans í skáldsögu. Hann samþykkti það og ég flaug til Íslands og tók við hann nokkur viðtöl, og afraksturinn af þeim hefur birst í norskum fjölmiðlum en þau voru aðallega um stéttarfélög og pólitík.”

Karlsvik segist aftur hafa haft samband við Guðmund þegar hún breytti viðfangsefninu yfir í Björk, auk þess sem hún hafði samband við aðstoðarmann hennar, James Merry. „Við skiptumst á nokkrum tölvupóstum og ég stóð í þeirri trú að þau samskipti hefðu farið fram með vitund Bjarkar. Þess vegna trúi ég tæpast að Björk hafi ekki vitað af útgáfu bókarinnar.“

alfrun@frettabladid.is

## SVAR FRÁ BJÖRK

**Fréttablaðið hafði samband við Björk sem gaf eftirfarandi svör.**

***Hver er skoðun þín á bókinni?***

„Ég hef ekki lesið hana svo það er erfitt að vera með skoðun. Ég get ekki neitað því að það er erfitt að fara ekki í varnarstöðu þegar fólk skrifar heila bók um mann og manns nánustu, einhver sem maður hefur aldrei hitt.“

***Karlsvik segir að hún hafi verið í sambandi við meðal annars Guðmund Gunnarsson föður þinn og James aðstoðarmann þinn, og að þeir hafi vitað af ritun bókarinnar. Vissir þú ekkert um bókina áður en blaðamaður frá Dagbladet greindi frá því fyrir helgi?***

„Hún tók tvisvar viðtal við hann um verkalýðsmál og pólitík og þess lags, ekki um persónulega hluti eða fjölskylduna. Hún hitti hann í þriðja sinn og bað hann að lesa handritið sem hann vildi ekki gera, þannig að það er ekki satt. Hún hafði samband við James þar sem hún sagðist vera að skrifa bók um Ísland og pólitík, ekki persónulega bók um mig og fjölskyldu mína. Hún sendi mjög pólitískan spurningalista sem ég svaraði ekki þar sem ég var að einbeita mér að tónlist á því tímabili. Þannig að mér finnst hún ekki hafa verið heiðarleg.“



# Boðið á fjórtán erlendar hátíðir

„Þetta er voðalega gott gengi miðað við litla íslenska stuttmynd,“ segir Jón Gústafsson.

Stuttmyndin In a Heartbeat, sem Jón framleiddi og konan hans, Karolina Lewicka, leikstýrði, hefur verið sýnd víða um heim að undanförnu við góðar undirtektir. Myndinni hefur verið boðið á fjórtán hátíðir til þessa og meðal annars hefur hún verið sýnd á Ítalíu, í Kanada og Úrúgvæ þar sem hún var valin besta dramatíska stuttmyndin. Sömuleiðis fékk hún aukaverðlaun á Columbus-hátíðinni í Ohio.

In a Heartbeat verður sýnd á alþjóðlegri barnamyndahátíð í Chicago í næsta mánuði og einnig er búið að bjóða Jóni til Indlands í nóvember. „Hún er að fara á allar topp tíu barnamyndahátíðirnar,“ segir Jón, sem tekur þó fram að myndin hafi ekki verið gerð sérstaklega fyrir börn. Hún fjallar um níu ára stelpu sem öðlast kjark til að rísa upp á móti óðæðismönnum. Með hlutverk stelpunnar fer Elín Perla Stefánsdóttir. In a Heartbeat var frumsýnd á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík í fyrra og var í framhaldinu tilnefnd til Edduverðlaunanna.



**VINSÆL MYND** Stuttmyndin In a Heartbeat sem Jón Gústafsson framleiddi hefur fengið mjög góðar viðtökur.

Aðspurður segir Jón viðbrögðin við myndinni hafa verið miklu betri en hann þorði að vona. „Ég var sáttur við að hún færi bara á hátíðina í Reykjavík, ekki meira en það, en nú er hún búin að vinna þessi verðlaun.“

Síðasta mynd Jóns, Reiði guðanna, sem fjallar um gerð myndarinnar Bjólfskviðu, var einnig sýnd á fjölda kvikmyndahátíða og vann hún til margra verðlauna. - fb



ÓUMFLÝJANLEGT
FRAMHALD PABBANS
SIGGI SIGURJÓNS ER
AFINN
HÖFUNDUR OG LEIKSTJÓRI:
BJARNI HAUKUR ÞÓRSSON
„Sigurður Sigurjónsson er dásamlegur leikari og sýnir það hér enn og aftur“
JVJ, DV.
„Það er dauður maður sem ekki hlær að Sigurði Sigurjónssyni þegar hann gerir það sem hann kann svo vel“
SA, TMM.
„Skemmtileg sýning sem á örugglega eftir að kitla hláturtaugar áhorfenda um nokkurt skeið“
IÞ, Mbl.
„Hlýlegur og fyndinn einleikur þar sem Sigurður Sigurjónsson gefur á einlægan hátt úr eigin ranni“
EB, Fbl.
„Ávísun á notarlega kvöldstund“
KHH, Fréttatíminn
50 uppseldar sýningar
LYFJA býður viðskiptavinum sínum
25% afslátt á Afann í Borgarleikhúsinu
Komdu við í næstu verslun og nældu þér í afsláttarmiða, tilboðið gildir á allar sýningar í október og nóvember.
THORSSON PRODUCTIONS TP
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Mugison byrjaði með stæl

Hildur Dungal, fyrrverandi forstjóri Útlendingastofnunar, og Tómas R. Einarsson, bassaleikari og djassisti, voru meðal gesta á fyrri útgáfutónleikum **Mugison** sem fram fóru í Fríkirkjunni á laugardaginn. Á tónleikunum spilaði Mugison lög af nýútkominni plötu sinni, Haglél. Á meðal laganna var lagið Stolin stef eftir Tómas. Fullt var út úr dyrum í Fríkirkjunni og þurfti að halda aðra tónleika seinna um kvöldið, þar sem áhuginn var svo mikill.



Landinn þarf ekki að hafa áhyggjur því Mugison stefnir á tónleikaferðalag um allt land á næstunni. Fyrstu tónleikarnir verða á Græna hattinum á Akureyri um næstu helgi.

### Sest á skólabekk

**Sjónvarpskonan Brynja Þorgeirsdóttir** hefur ákveðið að söðla um og hætta í Kastljósinu. Hún hyggst setjast á skólabekk og hefur skráð sig í mastersnám í bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Brynja hefur verið að undirbúa sig fyrir námið og tekið nokkra undanfara en hún er með BA-próf í mannfræði. Í samtali við Fréttablaðið sagðist sjónvarpskonan ætla að vera í Kastljósinu þar til í janúar. Hún yrði síðan viðloðandi RÚV í sumarleyfum og öðrum fríum.



**- þeb, fgg**

### Mest lesið VÍSIR

1 Fæddi barn á Miklubrautinni
2 Frystikistan þeyttist til í harðri ákeyrslu
3 Tóbaksfanta leitað: Neyddu tíu ára dreng til þess að …
4 Auðveldara að sigla Baldri …
5 Dópuð að flækjast fyrir lögreglumönnum




AÐEINS TÍU RÚM!



ALLURE
Queen Size (153x203cm)
- 5 svæðaskipt svefnsvæði
- 3 svæðaskipt gormakerfi
- 10 ára ábyrgð
- Lagar sig að líkamanum
- Veitir góða slökun
- Stuðningur við bak
- Tvíhert sérvalið stál í gormum
- Styrktir kantar
- Þarf ekki að snúa

Fullt verð 163.600 kr.
VERÐ NÚ 89.800 kr.

FYRSTUR KEMUR – FYRSTUR FÆR

KING KOIL HEILSURÚM FRÁ AMERÍKU!

COMFORT solutions By King Koil
Good Housekeeping
FCER

Eitt það mikilvægasta í lífi okkar er góður svefn. Til þess að geta átt góða nótt og sofið vel þurfum við að huga vel að vali okkar á góðu rúmi. Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af heilsurúmum við allra hæfi. Starfsmenn okkar hafa áralanga reynslu í að aðstoða fólk við að velja rétta rúmið. Í þau 17 ár sem að Rekkjan hefur starfað hafa Íslendingar keypt rúm frá Bandaríska framleiðandanum King Koil sem hefur framleitt hágæða heilsurúm í 113 ár. King Koil hefur veitt gríðarlegum fjármunum og tíma í þróun og prófanir. Á þessum tíma hefur King Koil náð miklum og góðum árángri sem endurspeglast í viðurkenningum sem fyrirtækinu hafa verið veitt í gegnum árin. í dag er King Koil einu heilsurúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðasamband Kiropraktora) og Good Housekeeping (Stærstu neitandasamtök í Bandaríkjunum).

rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16